



Apótek Lyfju. FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR

Milljarði minna fyrir sölu á Lyfju

VIÐSKIPTI Eignaumsýslufélag ríkisins seldi allt hlutfé í Lyfju í fyrra á verði sem var meira en milljarði króna lægra en verð sem Hagar höfðu samþykkt að greiða fyrir hlutfé apótekakeðjunnar 2016.

Hagar buðust til að greiða 5,1 milljarð króna fyrir hlutfé Lyfju og var þá miðað við að heildarvirði apótekakeðjunnar, sem var alfarið í eigu íslenska ríkisins, væri um 6,7 milljarðar króna. Hlutfé Lyfju var hins vegar selt snemma á síðasta ári fyrir tæplega 3,9 milljarða króna og var heildarvirði keðjunnar metið á um 5,0 milljarða króna í viðskiptunum.

41

apótek er rekið undir merkjum Lyfju.

Samkeppniseftirlitið ógilti sem kunnugt er kaup Haga á Lyfju sumarið 2017, einkum af þeirri ástæðu að kaupin hefðu leitt til skaðlegrar samþjöppunar.

Kaupendur voru SÍA III, framtaks- sjóður í rekstri sjóðastýringarfélag- ins Stefnis, með 70 prósentu hlut, og fjárfestarnir Daníel Helgason og Ingi Guðjónsson, með fimmtán prósentu hlut hvor, en sá síðarnefndi er annar stofnenda Lyfju.

Afkoma Lyfju versnaði á síðasta ári. Heimildir Fréttablaðsins segja það meðal annars skýrast af því að Læknavaktin flutti frá Smáratorgi, þar sem eitt stærsta apótek keðjunnar er til húsa, og í Austurver þar sem Lyf og heilsa rekur apótek undir merkjum Apótekarans.

— hae, kij / sjá síðu 12

Dóra vill fá kæli í Vínbúðina

REYKJAVÍK „Við eigum ekki að hafa alltaf áhyggjur af því að fólk vilji njóta lífsins,“ segir Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Pírata og forseti borgarstjórnar.


Dóra Björt skorar á ÁTVR að setja aftur kæli í Vínbúðina í Austurstræti. Kælinn var fjarlægður árið 2007 að ósk Vilhjálms Vilhjálmssonar, þáverandi borgarstjóra.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir núverandi hús- næði ekki bjóða upp á stóran kæli.



Dóra Björt Guðjónsdóttir

— ab / sjá síðu 2



Virðing fyrir ólíkum kroppum

Fitufordómar ríkja enn víða og hafa aukist á undanförunum árum. Fræðsla er eitt af því sem þarf til að uppræta slíkt og mikilvægt að vanda umræðuna enda erum við ekki öll steyp t í sama mót. ➔ 10

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Það er skammt stórra högga á milli í ferðabjónustunni, segir Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamálaráðherra. **20**

SPORT Íslenska kvennalandsliðið í handbolta mætir í kvöld Spáni í seinni leik í umspili um laust sæti á HM. **26**

MENNING Ríkharður III með átta Grímutilnefningar. **2**

LÍFID Svala Björgvins spilar á Þjóðhátið. Segir skemmtilegum hlustendum að þakka að hún sé enn að spila. **42**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlökunnnun Gallup apríl-júní 2015

nettó

LJÚFFENG T NÁTTÚRULEGT JÓGÚRT!



400 ml

479 KR/STK
ÁÐUR: 599 KR/STK

-20%

VEGAN-
VÆNT


125 ml

239 KR/STK
ÁÐUR: 299 KR/STK

Lægra verð - léttari innkaup

Tilboðin gilda 6. - 10. júní

Veður



Dregur lítillga úr vindi og víða léttskyjað á landinu, en skyjað og úrkomulítið norðaustan- og austanlands. Hiti yfir daginn frá 3 stigum á Norðausturlandi, upp í 15 stig á Suðurlandi. **SJÁ SIÐU 28**

Facebook stefnt vegna svindls

HOLLAND John de Mol, hollenskur auðjofur, hefur höfðað mál gegn Facebook og heldur því fram að miðillinn hafi leyft sviðsömum auglýsendum að nota nafn sitt og ímynd til þess að klekkja á fólki með Bitcoin-svindli.

Auglýsingarna gengu út á að fá fólk til að senda peninga til þess að kaupa Bitcoin eða aðrar rafmyntir og var de Mol sagður tengjast viðskiptunum. Lögmenn hans segja svikahrappana hafa náð að sanka að sér nær tveimur milljónum evra.

Íslendingar hafa margir tekið eftir sams konar svikaauglýsingum undanfarna daga. Þar er Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og athafnamaður, sagður ljóstra upp um spennandi gródataekiferi. –þea

Steingrímur sendi menn heim að sofa

ALÞINGI „Ég sá ekki ástæðu til þess að láta þennan fund standa langt inn í kvöldið og nóttina. Miðflokksmenn eru bara á sama stað í sínu málþófi svo ég ákvað að senda bara menn heim að sofa og við sjáum hvornig þeir sofa í nótt og hvornig þeir hugsa,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, aðspurður um þingfundinn í gær.

Steingrímur kveðst ekki sjá fyrir endann á þinghaldinu í brád en segir þó ekki annað koma til greina en að klára þau mál sem fyrir liggja.

„Ég gefst ekki upp fyrir en í fulla hnefana með það að Alþingi muni skila almennilegu verki í lok þessa þings og að við náum að skila í hús öllu því verki sem hefur verið unnið hér í vetur,“ segir Steingrímur.

Forseti Alþingis bætir við að mál verði ekki látn standa eftir óklárðu, „fyrir fundar þingíð langt langt inn í sumarið“, eins og hann orðar það.

–bdj

Ríkharður III með flestar tilnefningar til Grímunnar



Sýningin Ríkharður III, í leikstjórn Brynhildar Guðjónsdóttur, hlaut flestar tilnefningar til Grímuverðlaunanna árið 2019. Sýningin hlaut átta tilnefningar, meðal annars sem sýning ársins ásamt því að Brynhildur Guðjónsdóttir hlaut tilnefningu sem leikstjóri ársins og Hjörtur Jóhann Jónsson var tilnefndur sem leikari ársins í aðalhlutverki. Grímuverðlaunin verða veitt við hátíðlega athöfn miðvikudaginn 12. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hundrað mótmælendur drepnir í Súdan

SÚDAN Tala látinna mótmælenda í Kartúm, höfuðborg Súdan, hækkaði í gær og stóð í rúmlega hundrað. Áður var staðfest að 35 hefðu látist. Þetta kom fram í tilkynningu CCSD, samtaka súdanskra lækna sem eru tengd hreyfingu mótmælenda.

Mótmæli hafa verið hávær í borginni og hafa leitt af sér afsögn forsetans Omars al-Bashir. Herforingjastjórn er nú við völd og hefur átt í viðræðum við talsmenn mótmælenda um þriggja ára aðlögunarferli áður en kosningar fara fram.

Á mánudag réðust hermenn hins vegar að mótmælendum og skutu á þá. Abdel Fattah al-Burhan herstjóri tilkynnti degi síðar að viðræðum hefði verið slitið og að kosningar færu fram innan níu mánaða.

Africa News sagði í gær að súdanskir herforingjar hefðu nú boðist til að hefja viðræður á ný. „Við í herforingjaráðinu réttum nú fram sáttahönd,“ sagði al-Burhan. –þea

Forseti borgarstjórnar vill bjórkæli í búðina

Forseti borgarstjórnar, sem styður tillögu í borgarstjórn um að skora á Alþingi að leyfa sölu áfengis í verslunum, skorar á Vínbúðina að skila kælinum sem tekinn var úr versluninni í Austurstræti að beiðni þáverandi borgarstjóra.

REYKJAVÍK Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Pírata og forseti borgarstjórnar, skorar á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að setja aftur kæla í Vínbúðina í Austurstræti.

Kælirinn var fjarlægður árið 2007 að ósk Vilhjalms Vilhjalms-sonar, þáverandi borgarstjóra. Líkt og greint var frá í gær var tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um áskorun til Alþingis um að afnema einokunarverslun ríkisins ekki afgreidd og var hún í kjölfar tillögu borgarstjóra send til umsagnar.

„Á meðan við ræddum málið í marga klukkutíma á síðasta borgarstjórnarfundi mundi ég eftir því þegar borgarstjóri Sjálfstæðisflokksins ákvað að taka út kæla úr Vínbúðinni í Austurstræti og banna sölu stakra bjóra. Til þess þá að reyna að bola heimilisláusu fólki með margþættan vanda í burtu af Austurvelli, eins og þú losnir allt í einu við áfengisvanda með því að bjóðast ekki lengur kaldur, áfengur drykkur. Tel ég þetta því vera magnaða skammsýni sem kemur svo bara niður á öllum á svæðinu,“ segir Dóra Björt.

„Neyslustýring hefur oft ekki tilætluð áhrif. Mér finnst, byggt á mínum frjálslýndis- og umburðarlyndishugsjónum, að við eigum frekar að hjálpa og styðja við fólk en að stjórna því. Við eigum ekki að hafa alltaf áhyggjur af því að fólk vilji njóta lífsins.“

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir núverandi húsnæði ekki bjóða upp á stóran kæli sem hægt væri að ganga inn í. Í dag sé aðeins að finna kælikáp í versluninni í Kringlunni. Vildi hún að öðru leyti ekki tjá sig þar sem ekki hefði borist formlegt erindi.



Dóra Björt við Vínbúðina í Austurstræti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fram kemur í nýrri könnun Maskínu að aldrei hafi jafn margir Íslendingar verið hlynntir sölu áfengis í einkareknum verslunum, 44 prósent eru því hlynnt en 40 prósent á móti.

„Við þurfum að láta af þessari forræðishyggju og átta okkur á því að Íslendingar eru orðnir frjálslýndari og aflslappaðri, því vil ég skora á ÁTVR að setja inn aftur kælana í Vínbúðina í Austurstræti. Þannig getur fólk á þessu svæði notið áfengis með litlum fyrirvara, frekar en að þurfa að fara inn á bari og kaupa áfengi dýrum dómum eða drekka hlandvolgan bjór.“

Dóra Björt studdi tillöguna sjálf, það gerðu einnig aðrir Píratar, borgarfulltrúar Viðreisnar og tveir

borgarfulltrúar Samfylkingarinnar. Einn fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Örn Þórðarson, var á móti.

Málið mætti einnig andstöðu hjá öðrum fulltrúum Samfylkingarinnar, Miðflokksins, Flokki fólksins, Sósíalístaflokksins og Vinstri grænna.

Dóra Björt segir það skjóta skökku við að Sjálfstæðismenn séu að setja þetta mál á dagskrá í borgarstjórn þegar þeir séu í ríkisstjórn.

„Ég skil ekki alveg þennan skyndilega ákafa Sjálfstæðismanna í þessu máli þó ég styðji það. Þetta er flokkur sem hefur verið við völd á þingi í áratugi en samt hefur málið aldrei farið í aðra umræðu á þinginu,“ segir forseti borgarstjórnar.

arib@frettabladid.is

Simaveski.is



Simaveski,
heyrnartól, snúrur
og allt fyrir
símann.

Simaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



Nýtt
Húsasmiðjublað
er komið út



GERÐU FRÁBÆR KAUP

SUMAR

TILBOÐ

Garðhúsgögn -20% • **Pallaolía -20%** **ALKO sláttuvélar -20%**
Texas sláttuvélar -25% • **Claber garðvörur -25%**
Fiskars garðvörur -20% • **Nilfisk háprýstidælur -20-30%**
Reiðhjól -20% • **LADY innimálning -25%**
Avasco hillurekkar -20% • **Jumbo tröppur og stigar -20%**
 ... auk hundruðir annarra sumartilboða

Sumarkvöld í Skútuvogi

Opið til kl. 22:00 í kvöld

Öll sumarblóm og garðplöntur á **20% afslætti**
eftir kl. 17 aðeins í Skútuvogi



Allir fá ís
í dag Skútuvogi
kl. 17-19



Pylsupartý
Grillum pylsur
í Skútuvogi
kl. 17-19



Garðaráðgjöf
Vilmondur Hansen
veitir garðyrkjuráðgjöf
kl. 17-21



Kynning
Sláttuvélakynning
kl. 19-22



Litaráðgjöf
Maja Ben veitir
litaráðgjöf
kl. 17-20



Philips ráðgjöf
Philips ráðgjöf
á ljósum fyrir pallinn
kl. 18-20

Vilja hreinar línur um hvort Laugarás sé í dreifbýli eða þéttbýli

BLÁSKÓGABYGGÐ „Við viljum fá hrein svör frá sveitarfélaginu um hvort við séum skilgreind sem þéttbýli eða byggðakjarni þannig að það sé ekkert á reiki eftir því hvaða þjónustu er verið að veita hverju sinni.“ Anna Gréta Ólafsdóttir í Laugarási.

Anna Gréta, ásamt Sigurlaugu Angantýsdóttur, sendi Bláskógabyggð á dögunum bréf þar sem þær óska eftir því að skorð verði úr um það hvort Laugarás sé þéttbýli eða

dreifbýli. Málið verður rætt á fundi sveitarstjórnar í Aratungu í dag.

„Þetta snýst aðallega um ljósleiðaravæðinguna. Þar erum við skilgreind sem þéttbýli en varðandi snjósmokstur þá erum við skilgreind sem dreifbýli.“ segir Anna Gréta. „Samkvæmt ríkinu og Vegagerðinni erum við byggðakjarni eða dreifbýli en stundum þéttbýli gagnvart sveitarfélaginu.“

Aðspurð segir Anna Grét Bláskógabyggð ekki endilega beita

Það er hættu á geðþóttaákvörðunum ef þetta er eitthvað á reiki.

Anna Gréta Ólafsdóttir í Laugarási



mismunandi skilgreiningum á Laugarás til að þurfa að leggja til minni þjónustu. „Stundum held ég að við fáum jafnvel þjónustu eftir því hvort hentar betur,“ segir hún. Íbúarnir vilja hins vegar fá hreinar línur. „Það er hættu á geðþóttaákvörðunum ef þetta er eitthvað á reiki.“

Að sögn Önnu Grétu eru talsverðir fjármunir í húfi fyrir íbúa Laugarás vegna ríkisstyrkja til ljósleiðaravæðingar innan sveitar-

félagsins. Samkvæmt verkefninu hafi Bláskógabyggð gefið út að Laugarás sé þéttbýli en ekki byggðakjarni.

„Ríkið styrkir dreifbýli í ljósleiðaravæðingunni og svo borgum við aftur á móti rafmagn eins og við séum dreifbýli. Þannig að við borgum stundum meira af því að við erum ekki þéttbýli. En núna erum við skilgreind sem þéttbýli og borgum aftur meira,“ útskýrir Anna Gréta. –gar



Þórhallur Birgir Jósefsson.

Furðar sig á fullyrðingu formanns

FJÁRMÁL „Það er erfitt að skilja þennan málflutning. Hann byggist ekki á málefnum sjálfum, það er eitthvað annað sem er þar að baki,“ segir Þórhallur Birgir Jósefsson, talsmaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV), um ummæli Ragnars Þórs Ingólfssonar, formanns VR, í kjölfar hækkanna sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ákvað í lok maí að hækka breytilega vexti verðtryggðra sjóðfélagalána úr 2,06 prósentum í 2,26 prósent en Seðlabanki Íslands lækkaði stýrivexti nýverið um 0,5 prósent.

Í kjölfarið sagði Ragnar Þór í samtali við Mbl.is að hækkanin væri sem „blaut tuska framan í verkalyðshreyfinguna“. Hana mætti túlka sem stríðsýfirlýsingu.

Forsvarsmenn LV segja talsverðar breytingar hafa orðið á íslenskum vaxtamarkaði undanfarin misseri og teikn um að svo verði áfram. Þá hafi áhrif að ríkissjóður og Íbúðalánasjóður muni gefa út minna af skuldabréfum. Slíkt hafi haft áhrif á viðmið fyrir vexti sjóðfélagalána sem bera breytilega vexti.

Þórhallur bendir hins vegar á að stjórn LV hafi á sama tíma ákveðið að lækka fasta verðtryggða vexti, úr 3,6 prósentum í 3,4 prósent. Hann telur undarlegt að hækkanin sé á allra vörum, lækkanin á föstu vöxtunum vegi ekki síður þungt. –dfb

Helgi Örvæntir ekki þrátt fyrir hægagang í aðildarmálum ESA

Tillaga um að fela utanríkisráðherra að sækja um aðild að Geimvísindastofnun Evrópu var samþykkt einróma á þingi í október 2016. Lítið heyrst af málinu síðan. Helgi Hrafn, sem var flutningsmaður tillögunnar, segir eðlilegt að mál sem þessi taki sinn tíma. Er þó vongóður um að málið þokist í rétta átt.

UTANRÍKISMÁL „Ég er alls ekki farið að örvænta. Hlutir eru að gerast þótt þeir séu kannski að gerast mjög hægt en það er bara mjög eðlilegt,“ segir Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, um stöðu skoðunar Íslands á umsókn að Geimvísindastofnun Evrópu (ESA). Tillaga um að fela utanríkisráðherra að sækja um aðild að stofnuninni að undangenginni nánari skoðun á skuldbindingum samfara aðild var samþykkt einróma á þingi í október 2016. Málið vakti nokkra athygli á sínum tíma en síðan hefur lítið til þess spurst.

Helgi Hrafn var aðalflutningsmaður þingsályktunartillögunnar um að Ísland sækta um aðild en að henni stöðu fulltrúar allra flokka á þeim tíma. Þar á meðal Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna og núverandi forsætisráðherra.

Fréttablaðið spurðist fyrir um stöðu málsins hjá utanríkisráðuneytinu þar sem það hefur marinerast síðastliðin tvö og hálf ár. Samkvæmt upplýsingum þaðan var í kjölfar samþykktarinnar myndaður óformlegur hópur hagsmunaaðila og sérfræðinga sem hafi fundað um málið.

„Í febrúar síðastliðnum komu fulltrúar stofnunarinnar hingað til lands til fundar með áður nefndum hópi. Nú stendur yfir vinna hjá stjórnvöldum við að greina niðurstöður fundarinnar,“ segir í svari Sveins H. Guðmarssonar, upplýsingafulltrúa ráðuneytisins. Ekki er tíundað frekar hvað felist í þessari greiningarvinnu á fundinum.

Helgi Hrafn sat þennan fund í



Þýskur geimgeingill ESA tekur sjálfsmýnd við Alþjóðlegu geimstöðina. Kannski verður þetta einhvern tímann Íslendingur. NORDICPHOTOS/GETTY

febrúar og segir hann hafa verið vel sóttan og gagnlegan. Fulltrúum ESA, European Space Agency, hafi litist vel á það sem Ísland hefur upp á að bjóða.

„Niðurstaðan var sú að Geimvísindastofnunin ætlaði að koma áleiðis til utanríkisráðuneytisins leiðsögn um næstu skref, með auðvitað fyrirvara um að ekkert hefur verið ákveðið. Og það sem eðlilegast væri er „cooperative agreement“, sem felur í sér ýmislegt samstarf án fullrar aðildar. Slóvenía er á því stigi

núna. Svo þarf að sjá hvað kemur út úr því til að finna hvernig nýta megi svona samstarf best. Það er eðlilegt að þetta taki mörg ár. Það getur léttilega tekið tíu ár að gerast fullgildur meðlimur,“ segir Helgi Hrafn og bætir við að annað verkefni sé að fá stofnanir og fólk til að átta sig á gagnsemi aðildar.

„Það er hætt við því að það sé upplifað þannig að þetta sé bara einhver hit sem við köstum peningum í. Heili punkturinn með þessu samstarfi er að styrkja iðnað

Það er hætt við því að það sé upplifað þannig að þetta sé bara einhver hit sem við köstum peningum í.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata



og vísindafög hjá þeim ríkjum sem taka þátt. Það eru þjóðir sem telja sig fá margfalt til baka það sem þau setja í þetta,“ segir Helgi en kostnaðurinn var einn þeirra þátta sem fyrirvari var gerður við og átti að skoda betur. Arlegur kostnaður við aðild að ESA hefur verið áætlaður allt frá 60 milljónum upp undir 200 milljónir, allt eftir hversu virk við yrðum. Helgi segir Ísland eiga frábæra vísindamenn og blómlegan iðnað á mörgum sviðum sem varði geimvísindi og komi þessu samstarfi mjög mikið við. Íslenska fyrirtækið Svami hafi til að mynda hlotið ESA-verðlaunin í fyrra.

„Ég þori ekki að fara með það hvernig utanríkisráðuneytið er að forgangsraða þessu en mín tilfinning er sú að það séu hlutir að gerast. Þeir gerast mjög hægt en það er eðlilegt. Vandinn er að búa til pólitískan skilning á því hversu gagnlegt þetta er fyrir okkur. Því verkefni lýkur líklega aldrei fyrr en við erum orðnir meðlimir.“

mikael@frettabladid.is



ramisland.is

NÝR RAM 3500

NÝTT GLÆSILEGT ÚTLIT. NÝJAR ÚTFÆRSLUR OG FJÖLMARGAR TÆKNINÝJUNGAR Í BODI.

EIGUM TIL Í CREW CAB, BIG HORN, LARAMIE, SPORT OG LIMITED ÚTFÆRSLUR TIL AFGREIÐSLU STRAX. MEGA CAB Í LARAMIE OG LIMITED ÚTFÆRSLUR EINNIG.

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 6.987.745 KR. ÁN VSK.
RAM 3500 VERÐ FRÁ: 8.640.000 KR. M/VSK.

Fylltu Bílinn af fjöri


#vegabréf19



Leikurinn sem gerir sumarið skemmtilegra

Fylltu bílinn af fjöri með því að safna stimplum í Vegabréfið þitt á N1 stöðvum um allt land. Hver stimpill færir þér skemmtilegan glaðning og þegar Vegabréfið er fullstimplað skilar þú því inn á næstu N1 þjónustustöð til að eiga möguleika á frábærum vinningum í leikslök.

Góða skemmtun!



N1

VEGABRÉF

Ellefu missa vinnuna hjá Guide to Iceland

VIÐSKIPTI Ellefu starfsmönnum á skrifstofu bóknarvefsins Guide to Iceland hefur verið sagt upp á rúmlega tveimur mánuðum. Öðru starfsfólki var gert að taka á sig mismiklar launalækkanir.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var því starfsfólki sem neitaði að samþykkja launalækkanir sagt upp.

Davíð Ólafur Ingimarsson, forstjóri Guide to Iceland, segir að stjórnendur hafi einnig tekið á sig launalækkanir. Aðspurður segir hann fyrirtækið finna fyrir höggi eftir gjaldþrot WOW air.

Við höfum vissulega fundið fyrir því að íslenski ferðaþjónustumarkaðurinn sé að dragast saman.

Davíð Ólafur Ingimarsson, forstjóri Guide to Iceland

„Við höfum vissulega fundið fyrir því að íslenski ferðaþjónustumarkaðurinn sé að dragast saman. Það er ólíklegt að fall WOW air sé það eina sem er að valda því en aðrir þættir sem hafa áhrif eru meðal annars hátt verðlag á Íslandi, versnandi heims-efnahagur, Brexit og minnkandi kaupmáttur,“ segir Davíð.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá hagnaðist Guide to Iceland um 676 milljónir króna árið 2017 samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir það ár og greiddu eigendur sér 600 milljónir króna í arð. – **ilk**

Trump kvaddi Bretland



Donald og Melania Trump, bandarísku forsetahjónin, stigu um borð í Air Force One, flugvél Bandaríkjaforseta, í Southampton og flugu á brott í gær eftir heimsókn þeirra til Bretlands. Trump-hjónin sóttu athöfn í gær þar sem 75 ára afmæli innrásarinnar í Normandí var minnst. **NORDICPHOTOS/AFP**

Bæta úr aðgengi fyrir fatlaða í sjóböðunum

Sjálfsbjörg vill bætt aðgengi fyrir fatlað fólk í sjóböðunum við Húsavík. Fallist á að aðstaða í búningsklefum sé ekki eins og best verði á kosið og inngangur uppfylli ekki reglugerð að öllu leyti. Byggingarfulltrúi vill úrbætur á svæðinu.

SAMFÉLAG Sjóböðin á Húsavíkurfhöfða, sem voru opnuð í september síðastliðnum, hafa ekki að fullu staðið við fyrirliggjandi hönnun þegar kemur að aðgengi fatlaðra.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurlands fer fram á að útbúnaður í búningsklefum verði lagaður úr svo að hann henti fötluðu fólki, til samræmis við hönnun hússins.

Sjálfsbjörg kvartaði til byggingarfulltrúa varðandi aðgengi og upplifun fatlaðra í sjóböðunum. Taldi sambandið ýmsa vankanta á þar sem um baðstað væri að ræða sem opinn væri öllum.

Sigurjón Steinsson, framkvæmdastjóri sjóbaðanna, segir stutt síðan staðurinn var opnaður og að unnið sé að endurbótum.

„Við viljum leggja okkur fram um að aðgengi allra að sjóböðunum sé sem best. Við erum að vinna í lagfæringum til að koma til móts við þennan hóp fólks. Mikilvægt er að vinna þær umbætur hratt og örugglega,“ segir Sigurjón.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurlands svaraði Sjálfsbjörg í byrjun júní. Byggingarfulltrúi fer fram á í skýrslu að búningsklefar sjóbaðanna verði útbúnir þannig að það henti fötluðum sem allra fyrst þar sem stuðningshandföng hafi ekki verið sett upp. Einnig var gert ráð fyrir að ein sturta ætti að vera í hvorum klefa sem hentaði fötluðum einstaklingum.

„Þó er enn hvorki búið að setja upp sæti né stuðningshandföng til samræmis við hönnun.“ Byggingarfulltrúi fer einnig fram á það



Sjóböðin við Húsavík hafa verið afar fjölsótt upp á síðkastið og hafa vakið verðskulda athygli og lof ferðalanga, erlendra sem íslenskra. **MYND/GEOSEA**

Aðgengi allra skiptir máli

Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar, segir eðlilegt að hugað sé að þörfum allra áður en staðir eins og sjóböðin séu opnaðir. „Ég er búinn að vera í samskiptum við fyrirtækið sem rekur sjóböðin nú í nokkuð langan tíma. Það er hvítleitt að við þurfum að standa í þessu því þetta ætti auðvitað að vera sjálfsagt mál,“ segir Bergur Þorri. „Það sem skiptir máli er að hugað sé að málum sem þessum áður en haldið er í svo stórar framkvæmdir.“

við fyrirtækið að sturtur verði útbúnar til samræmis við fyrirliggjandi hönnun.

Einnig segir í skýrslunni að við hönnun hússins hafi verið lagt í gerð ramps af bílastæðum sem ætti að þjónusta fatlaða sem ófatlaða.

„Þannig stent núverandi aðkoma að húsinu ákvæði reglugerðar að mestu en raunar ekki að alveg öllu leyti þar sem hluti hans

telst of brattur,“ segir í skýrslu byggingarfulltrúans.

Hægt er að aka fólk í hjólastólum inn að sunnanverðu. Hins vegar telur Sigurjón, framkvæmdastjóri sjóbaðanna, að „ekki sé æskilegt að aka ökutækjum nema í undantekningartilvikum nærri baðstað til að vernda upplifun gesta.“


sveinn@frettabladid.is / sjá síðu 30



Ráðstefna um kínverska og norræna menningu í tilefni Dags Konfúsíusarstofnunar föstudaginn 7. júní 2019

Fyrirlestraralur í Veröld – húsi Vigdísar í HÍ

- 9:00-9:30** **Setning ráðstefnu**
Kvennakór Háskóla Íslands, stjórnandi: Margrét Bóasdóttir
- 9:30-10:30** **Málstofa 1 - Leikverk**
Liyang Xia – A Century of Ibsen in Chinese Theatre: Two Performances
Baozhen Song – The Impact of Ibsen's Drama on Chinese Drama
- 10:30-11:00** **Málstofa 2 - Menning og Belti og braut**
Changling Zheng – Exchange and Cooperation in Terms of Culture and Art along Belt and Road: Responsibility and Prospect
- 11:00-11:20** **Kaffihlé**
- 11:20 -12:20** **Málstofa 3 – Saga**
Geir Sigurðsson – Inward and Backward: Ideological Factors in Ming Qing China's Isolationism
- Yinyan Gong** – Chinese Knowledge about Iceland in the Early Days
- 12:20-13:30** **Hádegishlé**
- 13:30 -14:30** **Málstofa 4 - Bókmenntir og menning**
Jinliang Qu – Mazu/“Tianhou (天后)”, the Sea Goddess in Chinese Maritime Cultures and the Maritime Silk Roads
- Yucheng Jia** – Independent People and Its Chinese Version
- 14:30-14:40** **Kaffihlé**
- 14:40 -16:10** **Málstofa 5 - Listir og menning**
Alison Hardie – China, Scotland, Sweden – the garden connection
David Cutright – New Music as a Cultural Conversation: how a world wide festival network disseminates culture through Sino-Nordic and Sino-American collaborations
- Huimin Qi** – Openness vs. Isolation — A Comparative Study of Traditional Music Culture between Iceland and China



Abercrombie & Fitch

AUTHENTIC

the new fragrances for men and women

20% afsláttur af öllum
Abercrombie & Fitch vörum 6.-12. júní

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*



Urðarhvarf 8. MYND/REYKJASTRÆTI

Orkuhúsið í Urðarhvarf

FASTEIGNIR Orkuhúsið og Reykjastræti fasteignafélag hafa skrifað undir 20 ára leigusamning um rúmlega 4.000 fermetra í Urðarhvarfi 8. Orkuhúsið, þar sem boðið er upp á sjúkraþjálfun, röntgenþjónustu og bæklunarlæknþjónustu, mun flytja starfsemina í lok árs.

Við viljum fá eins mörg simtöl frá þeim geira og hægt er.

Urðarhvarf 8, eitt stærsta skrifstofuhúsnæði landsins, er um 17.500 fermetrar auk 8.000 fermetra bílakjallara á tveimur hæðum. Allar kjarnaframkvæmdir eru langt komnar en um þriðjungur af húsinu er nú þegar leigður út og um 6.000 fermetrar eru í skodun, sérstaklega hjá fyrirtækjum í heilbrigðis-tengdum rekstri.

„Við viljum fá eins mörg simtöl frá þeim geira og hægt er enda geta fyrirtækin stutt við hvert annað ef nábylið er meira,“ segir Páll Ólaf Pálsson, forvarsmaður Reykjastrætis. – tff

Fékk bakteríuna snemma

Helgi Magnússon fjárfestir hefur fest kaup á helmingshlut í Torgi, sem á og rekur Fréttablaðið. Helgi er bjartsýnn á framhaldið þrátt fyrir umræðu um bága stöðu einkarekinna fjölmiðla. Hann lítur á Torg sem áhugavert fjárfestingartækifæri, en hann hefur einnig mikinn áhuga á fjölmiðlum.

VIÐSKIPTI „Ég tók þessa ákvörðun bæði sem fjárfestir og líka sem áhugamaður um fjölmiðla,“ segir Helgi Magnússon fjárfestir.

Félag á vegum Helga hefur keypt helming hlutafjár í Torgi ehf. sem á og rekur Fréttablaðið, frettabladid.is, markadurinn.is, tímaritið Glamour og tengda starfsemi.

„Síðan ég og meðeigendur seldum málningarfyrirtækið Hörpu-Sjöfn fyrir 15 árum hef ég verið að sinna fjárfestingum, bæði í skráðum og óskráðum félögum. Þegar maður fæst við slíkt í langan tíma þá hefur maður augun opin og skóðar öll tækifæri sem upp kunna að koma,“ segir Helgi. „Þessi möguleiki bauðst mér fyrir tilviljun. Eftir að hafa skoðað málið vandlega þá taldi ég áhugavert að eignast hlut í Torgi.“

Helgi segir tilganginn ekki annan



Helgi Magnússon fjárfestir á meðal annars hlut í Marel og er stjórnarformaður Bláa lónsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

en að taka þátt í að styrkja grunnstöðir blaðsins og gera gott blað og fyrirtæki enn betra.

„Ég hlakka til samstarfs við öfluga starfsmenn og eigendur. Þetta er hópur með mikla reynslu af útgáustarfsemi og blaðamennsku. Fréttablaðið er langútbreiddasta dagblað landsins, sem er prentað í 80 þúsund eintökum á hverjum degi, sex daga vikunnar. Torg er þar af leiðandi eitt allra mikilvægasta fjölmiðlafyrirtæki landsins. Ég veit að það eru ýmis áform uppi um að ná enn frekari árangri.“

Helgi hefur haft mikinn áhuga á fjölmiðlum frá því á skólaaldri. „Ég fékk snemma þessa bakteríu,“ segir Helgi. Ritstýrði hann skólaláði

en að taka þátt í að styrkja grunnstöðir blaðsins og gera gott blað og fyrirtæki enn betra. „Ég hlakka til samstarfs við öfluga starfsmenn og eigendur. Þetta er hópur með mikla reynslu af útgáustarfsemi og blaðamennsku. Fréttablaðið er langútbreiddasta dagblað landsins, sem er prentað í 80 þúsund eintökum á hverjum degi, sex daga vikunnar. Torg er þar af leiðandi eitt allra mikilvægasta fjölmiðlafyrirtæki landsins. Ég veit að það eru ýmis áform uppi um að ná enn frekari árangri.“

Mikið hefur verið rætt um bága stöðu einkarekinna fjölmiðla á undanförunum árum. Helgi er þó bjartsýnn. „Það fer mikið eftir því hvernig staðið er að rekstrinum. Veldur hver á heldur. Ég er bjartsýnn á framhaldið hjá Fréttablaðinu og tengdum miðlum.“

Helgi gerir ráð fyrir að fleiri komi að eignarhaldi á þessum helmingshlut í Torgi en ekkert hefur verið ákveðið um það enn sem komið er. Ingibjörg S. Pálmadóttir verður stjórnarformaður Torgs og Helgi tekur sæti í stjórninni.

„Það er gríðarlega mikilvægt að hér á landi séu starfandi öflugir, frjálsir og sjálfstæðir fjölmiðlar þannig að tryggja megi öflug skodanaskipti og vandaða fréttamennsku. Mér finnst það ekki áhugavert framtíðarsýn fyrir okkar samfélag að allt of mikið af fjölmiðlun sé á vegum ríkisins í gegnum Ríkisútvarpið sem fjármagnað er af skattpeningum landsmanna.“

arib@frettabladid.is



Innovation that excites

NISSAN MICRA Í TEKNA LÚXUSÚTGÁFU Á EINSTÖKU VERÐI



NISSAN MICRA TEKNA

Bensín, sjálfskiptur, 100 hestöfl

Verð áður: 3.190.000 kr.

Verð: 2.850.000 kr.

Afsláttur 340.000 kr.

Staðalbúnaður í TEKNA er m.a.: BOSE personal hljómkerfi með 6 hátölurum, íslenskt leiðsögukerfi, 17" álfelgur, lykillaust aðgengi, sjálfvirk loftkæling, 360° myndavélakerfi o. m.fl.

BOSE

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Við tjöldum því besta

Yfir 40 gerðir af tjöldum

HILLEBERG
THE TENTMAKER

Vango



Vango Alpha
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 19.995,-
3 manna verð kr. 21.995,-



Hilleberg Nallo GT
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 147.995,-
3 manna verð kr. 159.995,-



Vango Beta
3000mm vatnsheldni
3 manna verð kr. 35.995,-
4 manna verð kr. 42.995,-
5 manna verð kr. 52.995,-



Vango Spey
3000mm vatnsheldni
4 manna+ verð kr. 28.995,-



Vango Tempest Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 40.995,-
3 manna verð kr. 44.995,-



Vango Scafell
5000mm vatnsheldni
2 manna+ verð kr. 35.995,-
3 manna+verð kr. 39.995,-



Vango Winslow
3000mm vatnsheldni
5 manna tilboðsverð kr. 49.995,-
6 manna tilboðsverð kr. 56.995,-



Vango Hudson
4000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 74.995,-
5 manna verð kr. 83.995,-
6 manna verð kr. 95.995,-



Vango Amalfi AirBeam
4000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 117.995,-
5 manna verð kr. 128.995,-
6 manna verð kr. 142.995,-



Vango Ascott
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 49.995,-



Vango Stanford
4000mm vatnsheldni
8 manna verð kr. 105.995,-



Vango Winslow AirBeam
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 98.995,-

Valin tjöld uppsett í verslun • Frábært úrval af tjaldhúsgögnum



MAMMUT
SWISS 1862



HEAD



EYEWEAR & HELMETS

HILLEBERG
THE TENTMAKER



RUDY
PROJECT



Skeifunni 6 • www.everest.is

Sterk staða Frederiksen

DANMÖRK Útlit er fyrir að Mette Frederiksen, formaður Jafnaðarmannaflokksins, myndi nýja ríkisstjórn eftir þingkosningarnar í gær.

Endanleg úrrslit lágu ekki fyrir er Fréttablaðið fór í prentun en fyrstu tölur bentu til þess að flokkur Frederiksen yrði stærstur með riflega 26 prósent atkvæða og að vinstri blokkinn fengi meirihluta.



Mette Frederiksen, formaður Jafnaðarmanna.

Sigurinn er þó ekki unninn fyrir Frederiksen. Hún þarf enn að sannfæra aðra flokka innan rauðu blokkarinnar um samstarf.

Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra og formaður hægriflokksins Venstre, kallaði eftir því í gær, að flokkar báðum megin við miðju tækju höndum saman og einbeittu sér að baráttunni gegn loftslagsbreytingum og uppbyggingu velferðarkerfisins. Flokkur hans stefndi í góða kosningu samkvæmt fyrstu tölum, með yfir 23 prósent atkvæða.

Frederiksen tók ekki vel í hugmynd Rasmussens um samstarf yfir miðjuna.

„Ég er handviss um að Lars Løkke vilji helst mynda nýja, bláa, borgarasinnaða ríkisstjórn. Ef hann hefði raunverulegan áhuga á samstarfi hefði hann reynt að koma slíku á á undanförunum árum.“ – þea

Xi segir Pútín sinn albesta vin

Samband Rússlands og Kínverja er orðið stórgott samkvæmt forsetum ríkjanna tveggja. Stórveldin standa nú saman gegn Bandaríkjunum í fjölmörgum ágreiningsmálum. Til að mynda í Íranmálinu.

RÚSSLAND Samband Rússlands og Kína hefur aldrei verið jafngott. Þetta sögðu þeir Xi Jinping, forseti Kína, og Vladímír Pútín, forseti Rússlands, áður en þeir funduðu saman í rússnesku höfuðborginni Moskvu í gær. „Okkur hefur tekist að styrkja sambandið svo mjög að það hefur aldrei í sögunni verið traustara. Við munum halda áfram á þessari leið og erum tilbúnir til náns samstarfs,“ sagði Xi.

Leiðtogarnir voru saman komnir til þess að fagna 70 ára afmæli stjórnmálasambands veldanna tveggja. Þeir undirrituðu viðskipta- og fjárfestingarsamninga í leiðinni en ekki lá fyrir er fréttin var skrifuð nákvæmlega um hvað þeir samningar snerust. Í dag mun Xi svo halda ræðu á SPIEF-efnahagsmálaráðstefnunni í Sankti Pétursborg.

Xi sagði í viðtali við rússneska ríkismiðilinn TASS að Pútín væri hans besti og nánasti vinur. „Samskipti mín við Pútín forseta byggjast á miklu og gagnkvæmu trausti. Á þeim grunni byggjum við nána vináttu okkar. Við komum fram við hvor annan af virðingu, erum hreinskilnir og sýnum hvor öðrum skilning.“

Nánara samstarf Kína og Rússlands gæti reynst ríkjunum tveimur mikilvægt nú þegar þau standa frammi fyrir aukinni andstöðu Bandaríkjamanna. Ríkisstjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta



Leiðtogunum tveimur kom afar vel saman á fundi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

á í erfiðu tollastríði við Kínverja sem Trump segir vegna viðskiptahalla og þá er samband Bandaríkjamanna og Rússa afar stírt. Einkum vegna meintra óeðlilegra afskipta Rússa af forsetakosningunum 2016 sem Robert Mueller, sérstakur saksóknari sem rannsaði málið í Bandaríkjunum, kallaði „árás á stjórnkerfi Bandaríkja“.

Bandaríski miðillinn CNN hafði eftir Willy Lam, prófessor

og stjórnmálagreinanda við Kínverska háskólann í Hong Kong, að þessi leiðtogafundur væri til þess gerður að sýna Bandaríkjamönnum að „sterkt bandalag Peking og Moskvu“ gæti staðið gegn því sem kínversk stjórnvöld kalla bandaríska einangrunarhyggju. Sú greining rímar við orðræðu kínverska forsetans sem hefur undanfarið misseri orðið tíðrætt um mikilvægi alþjóðlegs samstarfs.

» Pútín og Xi funduðu í rússnesku höfuðborginni Moskvu í gær.

Ríkin standa saman í andstöðu við Bandaríkin í málefnum Írans til dæmis. Kínverski forsetinn sagði í gær að ríkin væru sammála um kjarnorkumál Írans og lýsti sig mótfallinn einhliða viðskiptaþvingunum Bandaríkja. Þá sagði hann einnig að Kína myndi beita sér fyrir sátt í Venesúela en bæði Kínverjar og Rússar styðja Nicolás Maduro forseta á meðan Bandaríkjamenn styðja stjórnarandstæðinginn Juan Guaidó, sem hið valdalitla þing álitur starfandi forseta.

Kínverjar og Rússar hafa ekki einungis tekið höndum saman á sviði alþjóðastjórnmálanna heldur hafa viðskipti á milli ríkjanna einnig aukist mjög, að því er Xi sjálfur sagði frá. Forsetinn sagði virði viðskiptanna hafa aukist um 30 prósent á milli árunum 2017 og 2018. Þá hafi Kínverjar flutt inn rússneskar vörur fyrir um 42,7 prósentum meira fé á síðasta ári samanborið við 2017. thorgnyr@frettabladid.is

OUTLET DAGAR

Allir Adidas og Nike skór í Outlet í

5000kr.

út sunnudag.



ICEWEAR ❄️ MAGASÍN

LAUGAVEGUR 91

Meira úrval í verslun

Framtíðin.

Í einnar hleðslu fjarlægð.
Með alrafmögnum Audi e-tron.



Alrafmagnaður

e-tron

Audi e-tron 55 hefur verið beðið með eftirvæntingu, nú er hann lentur og bíður eftir þér. Hann er með ríflega 400 km. drægni samkvæmt WLTP og aðeins 5,7 sekúndur í hundraðið. Fjöldi hleðslumöguleika er fyrir hendi og jeppinn nýtir alla nýjustu tækni. Audi e-tron 55 quattro er ekki bara kjörinn fyrir daglegan akstur heldur líka afar meðfærilegur og sveigjanlegur í ferðalagið. Komdu og skoðaðu nýjan Audi e-tron og/eða óskaðu eftir reynsluakstri á www.hekla.is/etron

Audi e-tron 55 quattro.
Verð frá 9.390.000 kr.

Forsala á Audi e-tron 50 quattro
hefst fimmtudaginn 13. júní.

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is / 590 5000



MARKAÐURINN

Ríkið fékk meira en milljarði minna

Verðið í kaupum framtakssjóðs og einkafjölfesta á Lyfju af íslenska ríkinu í fyrra var meira en milljarði lægra en það verð sem Hagar höfðu boðist til að greiða fyrir keðjuna árið 2016. Hlutfé Lyfju var selt á 3,9 milljarða. Rekstrarafkoman hefur farið versnandi.

Eignaumsýslufélag ríkisins, sem hélt utan um tugmilljarða eignir sem voru afhentar stjórnvöldum vegna stöðugleikaframlags slitabúa gömlu bankanna, seldi allt hlutfé í Lyfju á síðasta ári á verði sem var meira en milljarði króna lægra en það verð sem Hagar höfðu samþykkt að greiða fyrir hlutfé apótekakeðjunnar síðla árs 2016.

Hagar buðust til þess að greiða 5,1 milljarð króna fyrir hlutfé Lyfju og var þá miðað við að heildarvirði apótekakeðjunnar, sem var alfaríð í eigu íslenska ríkisins, væri um 6,7 milljarðar króna. Hlutfé Lyfju var hins vegar selt snemma á síðasta ári fyrir tæplega 3,9 milljarða króna og var heildarvirði keðjunnar metið á um 5,0 milljarða króna í viðskiptunum.

Kaupendur voru SÍA III, framtakssjóður í rekstri sjóðastýringarfélagssins Stefnis, með 70 prósent hlut, og fjárfestarnir Daníel Helgason og Ingi Guðjónsson, með fimm-tán prósent hlut hvor, en sá sýðar-nefndi er annar stofnenda Lyfju.

Samkeppniseftirlitið ógilti sem kunnugt er kaup Haga á Lyfju sumarið 2017, einkum af þeirri ástæðu að kaupin hefðu leitt til skadlegar samþjöppunar á hreinlætis- og snyrtivörumarkaði, en samþykkti á hinn bóginn fyrr á þessu ári kaup SÍA III, Daníels og Inga – í gegnum félagið SID – á apótekakeðjunni.

Mun lægri margfaldari

Við fyrri sölu Lindarhvol, umsýslufélags sem var falið að halda utan um tugmilljarða stöðugleikaeygnir ríkisins, á Lyfju haustið 2016 var EBITDA-margfaldarinn 9, samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins, en við síðari sölu á fyrra var sami margfaldari 6,8.

EBITDA apótekakeðjunnar – það er rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – nam 749 milljónum króna árið 2016 en lækkaði lítillega árið 2017 þegar hún var um 736 milljónir króna. Hún versnaði síðan um 12,5 prósent á síðasta ári og var þá um 644 milljónir króna.

Það kann meðal annars að skýra verri afkomu Lyfju á síðasta ári, að



Ríkið seldi allt hlutfé í Lyfju til framtakssjóðs í stýringu Stefnis og fjárfestanna Daníels Helgasonar og Inga Guðjónssonar í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Lægri margfaldari 2018

	Kaup Haga 2016	Kaup SID 2018
EBITDA í milljónum kr.	749	736**
EBITDA-margfaldari	9,0	6,8

**Árið 2017

Lægra kaupverð 2018 í milljörðum króna

	Kaup Haga 2016	Kaup SID 2018
Kaupverð hlutafjár	5,1	3,9
Vaxtaberandi skuldir	1,6	1,1
Heildarvirði	6,7	5,0

sögn viðmælenda Fréttablaðsins, að Læknavaktin flutti um mitt árið frá Smáratorgi, þar sem eitt stærsta apótek keðjunnar er jafnframt til húsa, og í nýtt húsnæði í Austurvei við Háaleitisbraut en þar rekur Lyf og heilsa apótek undir merkjum Apótekarans. Komur á Læknavaktina eru yfir 80 þúsund á ári.

Lyfja, sem er stærsta apóteka-keðja landsins, var á meðal þeirra fjölmörgu eigna sem voru fram-seldar til íslenskra stjórnvalda sem hluti af stöðugleikaframlagi föllnu bankanna en hlutfé keðjunnar var þar á undan í eigu slitabús Glitnis.

Undruðust mat eftirlitsins

Tilkynnt var um kaup SID á Lyfju í febrúar í fyrra og lagði Samkeppniseftirlitið blessun sína yfir þau ári síðar. Í nýbirtum ársreikningi eign-

arhaldsfélagsins fyrir síðasta ár er hlutfé apótekakeðjunnar bókfært á tæpa 3,9 milljarða króna sem sam-svarar verðinu í viðskiptunum við Lindarhvol.

Lyfja var auglýst til sölu öðru sinni haustið 2017 – nokkrum mánuðum eftir að samkeppnisyfivöld ógiltu kaup Haga á keðjunni – og var fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka falið að sjá um sölufarlið.

Samkeppniseftirlitið tók fram í umdeildri ákvörðun sinni í málinu að Hagar og Lyfja væru nánir keppinautar á þeim mörkuðum sem þau störfuðu bæði á, til að mynda í smásölu á hreinlætis- og snyrtivörum, og að kaupin hefðu leitt til þess að samkeppni fyrirtækjanna á þeim mörkuðum hyrfi.

Forsvarsmenn Haga undruðust niðurstöðuna og sagði Finnur Árna-

son, forstjóri Haga, í ársskýrslu smásölurísans að hún væri mikil vonbrigði.

„Sterk staða á snyrtivörumarkaði var meginástæða þess að samruninn náði ekki fram að ganga, þrátt fyrir að ríkið sjálf sé stærsti snyrtivörusali landsins í gegnum Friðhöfnina, sem eftirlitið taldi meðal annars ekki á sama markaði og Hagar,“ sagði Finnur meðal annars. Sú niðurstaða hefði verið með öllu óskiljanleg.

Hagnaður Lyfju nam 324 milljónum króna í fyrra og dróst saman um 55 milljónir króna frá fyrra ári. Tekjur keðjunnar, sem rekur 41 apótek og sex heilsuvöruverslanir víða um land, voru tæplega 9,8 milljarðar króna á árinu og jukust um 450 milljónir króna frá árinu 2017.

hordur@frettabladid.is, kristinningi@frettabladid.is

GRILLJÓN
ástæður til að grilla

ÁSTÆÐA
#2

... því það er bongó

KRONAN



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

SUMARTILBOÐ!

BRIMBORG



VOLVO V40 CROSS COUNTRY D2 Momentum Edition 120 hestafla dísil vél, 5 dyra og sjálfskiptur

Búnaður innifalinn í D2 Momentum Edition umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós, Led lýsing í innréttingu, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.

Verð: 5.238.000 kr.

Sumartilboð: 4.390.000 kr.

-848.000 KR.

**TAKMARKAÐ
MAGN!**



**GEGGJUÐ
TILBOÐ!**

**OPIÐ
VIRKA DAGA 9-17**



MAZDA2 NISEKO 1.5 bensín, 90 hö, sjálfskiptur

Mazda2 er lipur í akstri hvort sem það er í borg eða úti á þjóðveginum. Hann sameinar kraft, lipurð, sparneytni og áreiðanleika. Niseko útfærslan er búin álfelgum, 7" snertiskjá, hita í sætum og snjallhæmlun sem bregst sjálfkrafa við ef þörf er á.

Verðlistaverð með málmit: 2.690.000 kr.

Sumartilboð: 2.490.000 kr.

-200.000 KR.



**GEGGJUÐ
TILBOÐ!**



FORD KA+ ULTIMATE SPORT 1.2i bensín, 85 hö, beinskiptur

Útvarp og geislasplari með 4,2" litaskjá, SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu (112), USB tengi og AppLink, 4 hátalarar, stillingar fyrir útvarp í stýri, My Key (forritanlegur lykkill með takmörk á hámarkshraða, hljóðstyrk hljómtækja o.fl.), 2 stk. ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla, ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn, ESC með brekkuaðstoð, hraðatakmarkari, Easy Fuel án skrufaðs bensínloks, aksturstölva, loftkæling, hæðarstillanlegt ökumannssæti, tvískipt aftursæti (40/60), ofnæmisprófuð efni í innréttingu, upphitanleg framsæti.

Verð með málmit: 2.055.000 kr.

Sumartilboð: 1.690.000 kr.

-365.000 KR.



CITROËN C3 AIRCROSS SHINE SUV 1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur

Ferskir straumar einkenna Citroën C3 Aircross. Útlit hans er kröftugt og hvert smáatriði úthugað. Þú situr hátt og hefur góða sýn fram á veginn í Citroën C3 Aircross SUV. Grip Control spólvörnir hefur 5 stillingar fyrir mismunandi erfiðar aðstæður. Lyklalaust aðgengi og bakkmyndavél setja punktana yfir e-ið.

Verðlistaverð með aukabúnaði 4.340.000 kr.

Sumartilboð: 3.990.000 kr.

-350.000 KR.



**GEGGJUÐ
TILBOÐ!**



PEUGEOT

PEUGEOT 2008 ALLURE 1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur

Peugeot 2008 Allure er glæsilegur og staðalbúnaður ríkulegur. Sætisstaðan er há og þú sest beint inn sem eykur þægindin. Vel fer um alla farþega. i-Cockpit ökumannsrýmið er einstakt og farangursrýmið er stærra en hjá mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt.

Verðlistaverð með aukabúnaði 3.650.000 kr.

Sumartilboð: 3.350.000 kr.

-300.000 KR.



Komdu í Brimborg strax í dag og tryggðu þér nýjan bíl á geggjuðu Sumartilboði!



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

brimborg.is

Öruggur staður til að vera á

Þurfum að samþykkja fjölbreyttan líkamsvöxt

Víð erum eins ólík og víð erum mörg, mismunandi að stærð og lögun. Víð erum langt í frá að vera öll steypit í sama mótið og því er óraunhæft að ákvarða eina heilbrigða og rétta þyngd sem allir eigi að fara eftir.

Líkamspýngd og -lögun segir ekki allt um heilsu og heilbrigði. Það sem skiptir höfuðmáli er að fólki líði vel í eigin líkama, sé ánægt í eigin skinni, beri virðingu fyrir líkama sínum og hlúi vel að honum. Það er gert með því að sofa vel, hreyfa sig reglulega og borða holla fæðu. En hvers vegna ríkja enn fordómar fyrir ákveðnu holdafari? Það er algengt að fólk beri sig saman við aðra, sér í lagi í samfélagi þar sem allir reyna að fylgja ákveðnum staðli. En samanburður er versti óvinurinn.

Fordómar og mismunun á grundvelli holdafars kemur víða fyrir í vestrænum samfélögum og hefur verið að aukast á undanförunum árum. Fitufordómar eru nú orðnir sambærilega tíðir öðrum algengum fordómum svo sem vegna aldurs, kyns og kynþáttar. Auk þess koma þeir fram á flestum sviðum samfélagsins, líkt og í skólum, atvinnulífi, einkalífi, heilbrigðisþjónustu og fjölmiðlum. Ísland er engin undantekning. Í könnun sem Embætti landlæknis lét framkvæma árið 2015 og var hluti af fjölþjóðlegu verkefni kom í ljós að fitufordómar birtast með svipuðum hætti hér á landi og í öðrum vestrænum samfélögum. Niðurstöður sýndu meðal annars að þrjár af hverjum fjórum svarendum áttu vini og 42 prósent fjölskyldumeðlimi sem höfðu orðið fyrir stríðni eða óréttlæti vegna þyngdar sinnar.

Feitt fólk er jadarsettur hópur í samfélaginu sem býr við fordóma og verður oft fyrir aðkasti vegna holdafars síns. Þá er feitt fólk gjarnan lítið hornauga fyrir það að hafa ekki nægan sjálfsaga til þess að axla þá persónulegu ábyrgð að taka sig á og komast í kjörþyngd.

Rannsóknir undanfarinna ára hafa hins vegar sýnt fram á að stjórn yfir eigin holdafari er mun minni en flestir gera sér í hugarlund. Það er frekar undantekning en regla að feitt fólk geti orðið grannt. En það að vera holdugur þýðir ekki að viðkomandi lífi óheilbrigðu lífi, borði skyndibita í öll mál, sælgæti og drekki sykrað gos. Vissulega er offita vandamál víða en hún þó aðeins hluti af heildarmyndinni.

Gen okkar og erfðir stjórna því að mörgu leyti hvort líkami okkar hafi meiri tilhneigingu til að fitna


Mikilvægt er að velja ábyrgar leiðir til heilsueflingar sem stuðla jafnhliða að heilbrigðum lifnaðarháttum og virðingu fyrir fjölbreyttum líkamsvexti í stað þess að ala á fordómum og mismunun á grundvelli holdafars.

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Könnun


Könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi fyrir Embætti landlæknis árið 2015 og var hluti af alþjóðlegu verkefni.




Þrjár af hverjum fjórum eiga vini og 42% fjölskyldumeðlimi sem höfðu orðið fyrir stríðni eða óréttlæti vegna þyngdar sinnar.



Einn af hverjum þremur sagðist hafa orðið fyrir óréttlátri framkomu vegna þyngdar sinnar.



Fjórdungur sagðist hafa orðið fyrir mismunun vegna þyngdar sinnar.



Þrjár af hverjum fjórum töldu stríðni eða einelti í tengslum við holdafar vera algengt eða alvarlegt vandamál meðal barna.

Fitufordómar, og í raun allt samfélagslegt óréttlæti, hafa skaðleg áhrif á heilsu og velliðan fólks.

Sigrún Daníelsdóttir, verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis



en aðrir. Einstaklingur getur verið vel í holdum og yfir kjörþyngd en verið í mun betra formi en annar einstaklingur sem er í kjörþyngd. Rannsóknir hafa til dæmis sýnt að ofþyngd tengist minni dánarlíkum en hin svokallaða „kjörþyngd“ og væg offita, þar sem langflestir í offituflokki eru, tengdist ekki aukinni dánartíðni heldur bara efri þyngdarflokkarnir, sem eru hærri en 35 á BMI-stuðlinum.

Ekki var þó tekið tillit til lifnaðarháttanna sem er auðvitað mjög mikilvægur þáttur.

En í annarri rannsókn var tekið tillit til áhrifa þátta eins og hvort fólk reykti eða ekki, hvort fólk neytti áfengis í hófi, mataræðis eða þess hvort fólk borðaði fimm skammta af ávöxtum og/eða grænmeti á dag og svo hreyfingar eða þess hvort fólk færi eftir ráðleggingum um hreyfingu í 30 mínútur á dag. Þá kom í ljós að þegar búid var að taka tillit til þessara þátta var ekki lengur samband milli þyngdar og dánartíðni.

„Þetta segir okkur hvað lifnaðarhættir eru mikilvægir – auk þess sem mun auðveldara er að stýra því sem við gerum heldur en útkomu á vigtinni sem margir aðrir þættir geta haft áhrif á fyrir utan lifnaðarhætti, svo sem aldur, erfðir, hormónastarfsemi, ýmis lyfjataka og svo framvegis,“ segir Sigrún Daníelsdóttir, verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis.

„Það eru góðar fréttir að fólk geti haft svona mikil bein áhrif á heilsu sína og það er auðvitað það sem við leggjum áherslu á. Auk þess að vinna alltaf með umhverfið sem þarf að skapa þessa umgjörð sem styður við heilbriggt og ánægjulegt líf. Það má ekki gleyma því að aðstæður fólks til að lifa heilsusamlegu lífi eru misjafnar og því þurfum við líka að vinna á samfélagsgrundvelli að bættri heilsu og velliðan. Fitufordómar, og í raun allt samfélagslegt óréttlæti, hafa skaðleg áhrif á heilsu og velliðan fólks og því þurfum við að gæta þess í því hvernig við tölum og nálgumst þessi mál. Að við séum valdeflandi, sýnum virðingu og stuðlum ekki að frekari jadarsetningu viðkvæmra hópa,“ segir Sigrún.

Börn og fitufordómar

Rannsóknir hafa lengi sýnt að börnin okkar tileinka sér þau viðhorf sem ríkja í samfélaginu á unga aldri, þar með talið þá fordóma og staðalmyndir sem eru ríkjandi á hverjum stað og tíma.

„Leikskólabörn á aldrinum 3-5 ára eru þegar búin að læra að það sé ljótt að vera feitur og flott að vera grannur. Þetta getur leitt til neikvæðrar líkamsmýndar með tímanum en einnig að þau komi fram við önnur börn á neikvæðan hátt vegna þess hvernig þau líta út,“ segir Sigrún.

„Það er mikilvægt að við sem fullorðin fólk séum meðvituð um þau viðhorf sem

ríkja í samfélaginu okkar í tengslum við líkamsvöxt og útlit og hjálpum börnum að sjá að þau eru óréttlát. Við þurfum að leiðrétta staðalmyndir og fordóma á þessu sviði alveg eins og við bregðumst við ef börnin tala á neikvæðan hátt um eitthvað sem er „stelpulegt“ eða „hommalegt“ eða eitthvað slíkt.“

Sigrún segir að það sé ábyrgðarluti okkar sem foreldra, en einnig skólanna okkar, íþróttáþjálfara, allra sem semja bækur og afþreyingarefni fyrir börn o.s.frv. að stuðla að líkamsvirðingu meðal barna og hjálpa þeim að skilja að fjölbreytileiki á sviði líkams-

vaxtar er jafn eðlilegur og fjölbreytileiki í tengslum við aðra mannlega eiginleika.











„Þetta er m.a. það sem kveðið er á um í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, en þar er kaffli um líkamsgerð og útlit, þar sem fram kemur ábyrgð skóla og þeirra sem vinna með börnum á því að skapa umhverfi sem stuðlar að virðingu fyrir öllum óháð líkamsvexti og útliti,“ segir Sigrún. „Með þessari stefnu steig Reykjavíkurborg fram sem fyrsta íslenska stjórnvaldið sem viðurkennir líkamsvirðingu sem mannréttindamál og mismunun á þessu sviði sem mikilvægt málefni félagslegs óréttlætis.“

Tara Margrét Vilhjálmssdóttir, formaður Samtaka um líkamsvirðingu, tekur undir þetta. „Mikilvægt er að við eflum líkamsvirðingu með börnunum okkar og það getum við ekki gert nema við byrjum á okkur sjálfum. Í hvert skipti sem mamma eða pabbi segja eitthvað neikvætt um eigin líkama eru þau að kenna barninu hvernig það á að hugsa um líkama sinn. Við eigum að halda áfram að kenna börnum að líkamar eru og eiga að vera fjölbreyttir eins og við höfum verið að gera undanfarin ár með góðum árangri og það þarf einnig að ná til holdafars.“

Tilboðsbílar á góðu verði



Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarinn okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.






 <p>AFSLÁTTUR 600.000 KR.</p> <p>Rnr. 430167</p> <p>NISSAN Qashqai N-Connecta 4wd Nýskr. 07/17, ekinn 19 þ.km, dísil, beinskiptur. Verð 3.990.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 3.390.000 kr. 43.588 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>	 <p>AFSLÁTTUR 800.000 KR.</p> <p>Rnr. 153592</p> <p>TOYOTA Rav4 VX 4wd Nýskr. 05/17, ekinn 65 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.790.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 3.990.000 kr. 51.235 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>	 <p>AFSLÁTTUR 700.000 KR.</p> <p>Rnr. 400295</p> <p>VW Golf Sportsvan Trendline Nýskr. 05/16, ekinn 59 þ.km, bensín, beinskiptur. Verð 2.290.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 1.590.000 kr. 20.647 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>	 <p>AFSLÁTTUR 800.000 KR.</p> <p>Rnr. 391602</p> <p>SUBARU Outback Premium Eyesight Nýskr. 05/16, ekinn 73 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 3.790.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 2.990.000 kr. 38.490 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>	 <p>AFSLÁTTUR 800.000 KR.</p> <p>Rnr. 430271</p> <p>HYUNDAI Santa Fe III Style Nýskr. 05/17, ekinn 78 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 5.390.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 4.590.000 kr. 58.882 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>
 <p>AFSLÁTTUR 300.000 KR.</p> <p>Rnr. 145739</p> <p>KIA Ceed Nýskr. 05/12, ekinn 87 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 1.490.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 1.190.000 kr. 20.204 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>	 <p>AFSLÁTTUR 300.000 KR.</p> <p>Rnr. 121586</p> <p>HYUNDAI i30 Classic Nýskr. 04/14, ekinn 47 þ.km, dísil, beinskiptur. Verð 1.690.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 1.390.000 kr. 18.098 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>	 <p>AFSLÁTTUR 500.000 KR.</p> <p>Rnr. 391556</p> <p>RENAULT Clio Sport Tourer Nýskr. 09/15, ekinn 54 þ.km, dísil, beinskiptur. Verð 1.790.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 1.290.000 kr. 16.823 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>	 <p>AFSLÁTTUR 700.000 KR.</p> <p>Rnr. 145294</p> <p>BMW X1 xDrive18d Nýskr. 05/17, ekinn 41 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 4.690.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 3.990.000 kr. 51.235 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>	 <p>AFSLÁTTUR 800.000 KR.</p> <p>Rnr. 285041</p> <p>RENAULT Kadjar Zen 4wd Nýskr. 06/17, ekinn 53 þ.km, dísil, beinskiptur. Verð 3.490.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 2.690.000 kr. 34.666 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.</p>

✓ **Ástandsskoðun**

✓ **Fjármögnun á staðnum**

✓ **Allt að 80% lán**

🔑 **Lykill**

 <p>Rnr. 145812</p> <p>NISSAN X-Trail Tekna 2wd Nýskr. 08/16, ekinn 29 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 4.390.000 kr.</p>	 <p>Rnr. 145896</p> <p>SUBARU XV Premium Nýskr. 09/16, ekinn 20 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000 kr.</p>	 <p>Rnr. 145903</p> <p>RENAULT Captur Intens Nýskr. 01/17, ekinn 34 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.690.000 kr.</p>	 <p>Rnr. 110128</p> <p>MAZDA CX-3 Optimum Nýskr. 10/18, ekinn 6 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000 kr.</p>	 <p>Rnr. 153842</p> <p>LAND ROVER Discovery Sport SE Nýskr. 03/16, ekinn 57 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 5.290.000 kr.</p>
--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

**Opið frá kl. 9-18 alla virka daga
og laugardaga frá kl. 12-16**

Bíland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bilaland

TILVERAN

Rétt mataræði fyrir alla

Þeir sem hafa fylgst með nýjustu upplýsingum úr heimi lækis- og næringarfræði vita að við færumst nær og nær því að meðhöndla sjúkdóma og byrjunarstig þeirra með því að taka á mataræði skjólstaðinga okkar. Það er alveg ljóst að þar liggur ákveðinn grunnur að þeim lífsstílsvandum sem við höfum séð vaxa á vestrænum löndum síðastliðna áratugi. Mikil vakning hefur orðið varðandi það að matvæli séu hrein og afurðir sem náttúrulegastar í stað geymsluþolshyggju. Við erum mjög meðvituð um unnar matvörur, ýmis litarefni og önnur uppfylliefni í matvælum. Ekki síst höfum við vaxandi áhyggjur af erfðabreytingu, sýklalyfjanotkun og skordýraeitri við ræktun og vinnslu matvæla.

Hafi maður í huga gamla orðatiltækið „þú ert það sem þú borðar“ þá er eflaust óþægileg tilfinning að vita til þess að við innbyrðum töluvert af aukafnum dagsdaglega. Mörg þeirra hafa verið með okkur lengi og deilt er um það hvort þau valdi óþægindum eða viðbragði af einhverjum toga í líkama einstaklinga. Það er erfitt að gera rannsóknir sem tengjast mataræði þar sem venjur okkar eru svo ólíkar. Ídulega byggja gögn á spurningalistum og skoðun á því hvað fólk kaupir og svo framvegis. Erfitt er að gera nákvæmar mælingar líkt og mögulegt er í blóðrannsókn.

Samspil þessara þátta er svo mjög mikilvægt í ljósi erfða, umhverfis- og álagspátta eins og streitu og fleira mætti telja sem auðveldlega getur sett starfsemi líkamans úr skorðum. Læknar eru að sannfærast meir og meir um tengingar sjúkdóma og mataræðis í víðara samhengi en áður. Meiri gagnrýni hefur komið fram á leiðbeiningar um mataræði og skemmst er frá því að segja að ýmsir kúrar sem komast í tisku hafa líka talsvert mikið með sér. Það er þó mín skoðun að enginn einn „kúr“ virki, heldur hljóti þetta alltaf að vera byggt á jafnvægi.

Til þess að geta skoðað þessa hluti betur hafa læknar farið að skoða samsetningu garnaflóru og svo virðist sem ónæmiskerfi okkar og virkni þess tengist henni meir en áður var talið. Við höfum til dæmis rannsóknir varðandi bólgubætti og sjúkdóma sem virðast beinlínis tengjast mataræði. Hinn alræmdi hvíti sykur, einföld og auðmeltanleg kolvetni og þess háttar virðast hafa veruleg áhrif á suma einstaklinga. Aðrir finna meira fyrir mjólkurvörum, ýmsum kryddum og náttúrulegum afurðum ekki síður en þeim aukafnum sem ég minnst á að ofan.

Þetta er því flókið samspil margra þátta en það sem við þurfum að geta gert í framtíðinni er að beita einstaklingsmiðaðri nálgun varðandi mataræði og þróun sjúkdóma. Í dag er verið að prófa sig áfram við meðhöndlun þeirra og safnast nú saman gögn varðandi það með hverjum deginum sem líður.

En um leið og við fáum alvöru rannsóknir á tengslum mataræðis og sjúkdóma, með það að markmiði að auka vellíðan og bæta heilsufar, þá erum við á réttri leið. Vegferðin er hafin og á næstu árum munu verða miklar breytingar á nálgun í lækisfræði í þessa veru. Við erum þegar komin vel á veg í einstaklingsbundinni krabbameinsmeðferð. Við höfum getað dregið úr aukaverkunum af meðferð með því að finna réttu lyfin til að ná hámarksvirkni gegn krabbanum. Við erum að sjá þetta líka í meðhöndlun sýkinga og við munum sjá þetta í forvörnum og meðhöndlun lífsstílsjúkdóma á sama hátt.

Þannig er ljóst að matur er mannsins megin, en það sama hentar ekki öllum og skyldi enginn láta glepfast af sölumennsku og að það sé til einhver ein töfralausn. Þetta er samspil margra þátta og mikilvægt að hafa rétta nálgun á vandan, einstaklingsmiðaðan og studdan rannsóknnum, en ekki bara reynsluvísindum þó það sé oft einmitt upphafið að endanlegri niðurstöðu.

Framtíðin er að venju að koma, ég hlakka til og það ættir þú líka að gera.



En um leið og við fáum alvöru rannsóknir á tengslum mataræðis og sjúkdóma, með það að markmiði að auka vellíðan og bæta heilsufar þá erum við á réttri leið.



Teitur Guðmundsson
læknir



Það sem gerist við fitusmánun er að viðkomandi sem verður fyrir henni er líklegri til að þróa með sér óheilbrigðar matarvenjur, minnka hreyfingu og beita óheilbrigðri og hættulegri þyngdarstjórnun. NORDICPHOTOS/GETTY

Fræðsla er vopnið til að útrýma fordómum

Til mikils er að vinna með bættri líkamsvirðingu, virðingu fyrir eigin líkama en einnig fyrir líkama annarra. Fitufordómar blómstra enn víða og virðast hafa aukist á undanförunum árum. Við þessu þarf að bregðast öllum til heilla.

Tara Margrét Vilhjálmstöttir, formaður Samtaka um líkamsvirðingu, segir að líkamsvirðing vísir til þess að við berum virðingu fyrir öllum líkömum óháð stærð, lögum, getu og heilsufari.

„Með tilliti til okkar eigin líkama er líkamsvirðing tvíþætt. Annars vegar berum við virðingu fyrir útliti hans og lögum og reynum ekki að þröngva honum í eitthvert mót sem hann passar ekki inn í. Hins vegar berum við virðingu fyrir þeim merkjum sem líkaminn gefur okkur hvað varðar svengd, seddu, hvíld, hreyfingu o.s.frv. Við virðum þannig og fylgjum innri merkjum líkamans en ekki ytri merkjum, svo sem reglum um mataræði og hreyfingu,“ segir Tara Margrét.

„Þar að auki vísar hún til þess að við berum virðingu fyrir líkömum annarra. Við litum ekki niður á eða fordæmum líkama annarra alveg sama hvernig hann lítur út eða hvernig heilsufar hans er. Líkamsvirðing er því einnig mannréttinda-yfirlýsing.“

Leiðarljós líkamsvirðingar segir Tara Margrét að sé væntumþykja og virðing í garð allra líkama.

Það sé til margs að vinna með slíkri nálgun því að aukinni líkamsvirðingu fylgi bætt líkamsmynd. Bættri líkamsmynd fylgir betri andlegri og líkamlegri heilsa og góðar heilsuvenjur.

„Við hugsum nefnilega ekki vel um það sem við hötum og það kristallast hvergi betur en þegar kemur að líkömum okkar. Með aukinni líkamsvirðingu ætti einnig að draga úr fitufordómum sem eru með algengustu tegundum fordóma og mismununar í vestrænum ríkjum í dag,“ segir Tara Margrét.

Fordómar segir Tara að fái að blómstra þegar þeir njóta samfélagslegs samþykkis og réttlætningar.

„Þetta tvennt á vel við um fitufordóma og nú til dags, þegar margt bendir til þess að fordómar gagnvart samkynhneigðum og konum fari dalandi, má sjá öfuga þróun vegna holdafars. Fitufordómar hafa aukist jafnt og þétt síðustu áratuginum og ekkert lát virðist vera á aukningunni. Fólk á almennt erfitt

Vilja stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum

Gíga Gunnarsdóttir er verkefnastjóri Heilsuefandi samfélags og hreyfingar hjá Embætti landlæknis. Meginmarkmið Heilsuefandi samfélags og hreyfingar er að styðja samfélög í að vinna markvisst að því að skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Er það samhljóma heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna númer 3, heilsu og vellíðan, og fellur vel að lykiláherslu heimsmarkmiðanna um að enginn sé skilinn eftir við innleiðingu þeirra.

„Um allt land er verið að vinna mikið og gott starf nú þegar en það má alltaf gera betur. Það er hægt með góðu samstarfi, með því að nýta sér bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma, varast að valda skaða og leggja áherslu á starf og árangur til lengri tíma lítið,“ segir Gíga.



Gíga
Gunnarsdóttir.

„Afar margir þættir hafa áhrif á lífnaðarhætti, heilsu og vellíðan, bæði sem snúa að okkur sjálfum og ekki síður okkar nánasta umhverfi. Það er t.d. ekki nóg að gefa barni hjól og hjálm ef barnið hefur ekki áhuga á eða færni til að hjóla, foreldrar upplifa að leiðin í skólann er ekki örugg, ef líkur eru á að hjólið glatist, ef reglur skólans banna hjólréiðar, ef sveitarfélög og ríki leggja ekki áherslu á að skapa góða innviði fyrir hjólréiðar og svo mætti lengi telja. Nálgast þarf málin með heildstæðum hætti og vinna saman að lausnum þvert á stig og geira samfélagsins.“



Það besta sem við getum gert fyrir lýðheilsu er að hvetja fólk til að virða eigin líkama og annarra.

Tara Margrét Vilhjálmstöttir, formaður Samtaka um líkamsvirðingu



með að samþykka að fitufordómar séu yfirhöfuð til,“ segir Tara.

„Ef sú staðreynd er samþykkt er hún hins vegar réttlæt með þeim rökum að offita sé verulegur heilsufarsvandi og að slíkt verði að ræða. Ekki er óalgengt að fólk haldi að smáun á grundvelli holdafars virki sem „spark í rassinn“ fyrir viðkomandi og fái hann til að taka holdafar sitt, og þar með heilsu, föstum tókum – öllum til hagsbóta. Fáar mýtur eru jafn lifseigar og skaðlegar.“

Fordómar og mismunur geta aldrei haft heilsufarslega bætandi áhrif enda hafa rannsóknir staðfest

það itrekað fyrir okkur. Tara segir að það sem gerist við fitusmánun sé að viðkomandi sem verður fyrir henni sé líklegri til að þróa með sér óheilbrigðar matarvenjur, minnka hreyfingu og beita óheilbrigðri og hættulegri þyngdarstjórnun. Viðkomandi sé líklegri til að einangra sig og þróa með sér þunglyndi og neikvæða sjálfs- og líkamsmynd og jafnvel átröskun.

„Það besta sem við getum gert fyrir lýðheilsu er að hvetja fólk til að virða eigin líkama og annarra. Eftir því sem við berum meiri virðingu fyrir líkama okkar, því betur hugsunum við um hann, sem skilar sér ekki bara í betra heilsufari heldur einnig í þjóðarbúið,“ segir Tara Margrét.

Ein af helstu og sterkustu leiðunum til að útrýma fitufordómum telur Tara Margrét að sé fræðsla og að upplýsa fólk um neikvæð áhrif fitufordóma og ávinning líkamsvirðingar. „Dropinn holar steininn. Það sem fólk getur hugað að í nær-umhverfi sínu er að taka ekki undir og mótmæla hvers kyns sleggjuddómum og fordómum á grundvelli holdafars. Við sem samfélag þurfum að sýna það í verki að fitufordómar eru ekki samþykktir.“

PIER

RÝMINGARSALA PIER Á SMÁRATORGI

ALLT AÐ

70%

AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR GILDIR AÐEINS Á SMÁRATORGI

VERSLUNIN

FLYTUR Á KORPUTORG



www.pier.is

Gildir 6. júní - 12. júní. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

SMÁRATORG

LAU. OG SUN. 10-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

KORPUTORG

LAU. OG SUN. 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30

SELFOSS

LAU. OG SUN. 10-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30



Á Hnúknum var slegið upp tjaldi sem jafnframt er hæsta tjaldstæði landsins. MYNDIR/ÓMB

Hæsti skýjakljúfur landsins

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Í Reykjavík eru fáir skýjakljúfar en á Öræfajökli, hæsta og stærsta eldfjalli landsins, eru nokkrir slíkir. Þar ber fyrst að nefna hæsta tind landsins, Hvannadalshnjúk, og bróður hans Sveinstind (2.044 m) en líka Vestari Hnapp (1.849 m), Rótarfellshnjúk (1.820 m) og Efri Dyrhamar (1.917 m). Þessi risar eiga allir til að stinga sér í gegnum ský sem oft vilja leggjast að Öræfajökli.

Það gerðist einmitt á uppstigningardag, göngu- og fjallaskíðafólki á jöklinum til mikillar ánægju. Framan af degi sást varla ský á himni en þegar kom að öskjubrúninni færðist yfir þéttur skýjabakki sem gengið var upp úr í 2.060 m hæð, rétt neðan við hátindinn. Það var ótrúlegt sjónarspil að fylgjast með tindunum kljúfa sig hver af öðrum í gegnum skýjateppi sem smám saman þynntist og lét undan. Hvannadalshnjúkur er nefndur eftir Hvannadal, afar fáförnu dalverpi upp af Svínafellsheiði. Þaðan er frábært útsýni upp á Hnjúkinn en einnig sést vel í Hvannadalshrygg og þverhniptan Dyrhamar.

Fyrstur til að ganga á Hvannadalshnjúk var Norðmaðurinn Hans Frisak í júlí 1813 og var Jón Árnason, bóndi á Fagurhólsmýri, með í ferðinni sem þótti mikið afrek. Tæpum tveimur áratugum áður hafði Sveinn Pálsson, læknir og náttúrufræðingur, gert atlögu að Öræfajökli en náði ekki tindum sem síðar var nefndur eftir honum, Sveinstindi, en hann var þá talinn hæsti tindur landsins. Það var síðan 1904 að danskir landmælingamenn mældu út Hvannadalshnjúk, og fengu töluna 2.119 m, sem var 66 m betur en Sveinstindur sem varð að setta sig við annað sætið. Rúmri öld síðar tilkynnti Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, með viðhöfn að jökulkollurinn efst hefði lækkað um 9 m frá fyrri mælingu og síðan hefur opinber hæð Hnjúksins verið 2.010 m.

Algengasta gönguleiðin á Hvannadalshnjúk liggur upp Sandfell og þaðan áfram svokallaða Dauðabrekku uns komið er að rótum Hnjúksins suðvestanmegin. Hnappaleið upp af Fagurhólsmýri er einnig vinsæl, enda hægt að stytta gönguna með því að aka á vel búnum jeppa upp í 700 m hæð. Þaðan er haldið í norðurátt á Hnjúkinn, meðfram hrímuðum Vestari Hnapp. Brattari leið og sprungnari liggur upp Virkisjökul, austan við Dyrhamar, og þaðan að suðurhlíðum Hnjúksins.

Þessar gönguleiðir eru jafnframt frábærar fjallaskíðaleiðir, ekki síst Sandfellsleið. Til þess að ganga á Hvannadalshnjúk eða hina skýjakljúfana þarf að vera í góðu formi en Sandfellsleið er 22 km báðar leiðir og tekur gangan 14-16 tíma.



Fókus á hjarta landsins



Austurhlíð Hvannadalshnjúks er tilkomumest en sjálfur tindurinn er ávalur.



Hæsti skýjakljúfur á Íslandi, Hvannadalshnjúkur. Fjallaskíðahópur frá Ferðafélagi Íslands er mættur á toppinn.



BAUHAUS®



Pinotex
Pallaolía, 5 l

Smýgur djúpt inn í viðinn og hrindir vel frá sér vatni. Notið litaða olíu til að ná fram fullnægjandi UV-vörn. Fæst í ýmsum glærum litatönum.

3.495,-

3.995,-
Hortensia

Hydrangea 8-10 greinar. Kemur í 21 cm. potti. Fæst í fleiri litum.


895,-
Dalía

Fjölær Dalía „Dalina“ í 12 cm. potti.



Gróðurmold, 40 l
Veljið um lyngrósamold, rósamold eða mold fyrir ker. Stykkjaverð 1.395,-

2 STK.
2.295,-

Dú færð sumarvörurnar í einni ferð í BAUHAUS!

INNIHELDUR CLIFF FYLGIBAKKA SEM SAMAN STENDUR AF: GRILLSETTI Í 3 HLUTUM, GRILLBURSTA, GRILLPENSLI OG GRILLKÖRFU VERÐMÆTI 9.480,-


64.995,-

Gasgrill Cliff 350

3 brennarar, 13,5 kW. Hliðarbrennari, 3 kW. Grillflötur: 59 x 45 cm. Úr ryðfriú stáli. Grillgrind og hitamælir á loki. Hliðarborð og upphitun á hlið. Brauðhilla, pítsusteinn og steypujárnsplata fylgir.

74.995,-

Gasgrill Cliff 450

4 brennarar, 17 kW. Hliðarbrennari, 3 kW. Grillflötur: 70 x 45 cm. Úr ryðfriú stáli. Grillgrind og hitamælir á loki. Hliðarborð og upphitun á hlið. Brauðhilla, pítsusteinn og steypujárnsplata fylgir.

99.995,-

Gasgrill Cliff 670

6 brennarar, 24,5 kW. Hliðarbrennari, 3,5 kW. Grillflötur: 89 x 45 cm. Úr ryðfriú stáli. Grillgrind og hitamælir á loki. Hliðarborð og upphitun á hlið. Brauðhilla, pítsusteinn og steypujárnsplata fylgir.

104.995,-

Sláttuvélarþjarkur

- S300.
- Li-ion rafhlaða.
- Háms. halli: 27%.
- Sláttuhæð: háms. 60 mm.
- Sláttubreidd: 18 cm.
- Garðstærð allt að 300 m².


99.995,-

Sláttuvélarþjarkur

- Landroid 2000.
- Li-ion rafhlaða.
- Sláttuhæð háms. 6 cm.
- Háms. halli allt að 35%.
- Sláttubreidd: 22 cm.
- Garðstærð allt að 2000 m².


219.995,-

LOKAÐ HVÍTASUNNUÐAG 9.JÚNÍ, OPIÐ ANNAN Í HVÍTASUNNU 10.00-18.00.

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Af hverju ekki?



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Of margir stjórnálmenn hér á landi lifa í þeim misskilningi að það sé sérstakt hlutverk þeirra að hafa gætur á almenningi og setja honum alls kyns skorður. Þessi hópur stjórnálmanna hefur takmarkaða trú á skynsemi almennings en því meiri trú á öllum mögulegum höftum. Dæmi um þetta er viðhorf þessa hóps til sölu á bjór og léttvíni í matvöruverslunum, en forsjarhyggju-stjórnálmennirnir mega ekki til þess hugsa að sú sjálfsagða þjónusta standi landsmönnum til boða. Í huganum sjá þeir þjóðina afvelta á fyllirri og æsku landsins farna í hundana. Hafa landsmenn ekki heyrð þetta áður? Ójú, það hafa þeir, því þetta er alveg sama svartnættisrausíð sem var endurtekið í tíma og ótíma þegar umræðan um að leyfa bjórsölu hér á landi stóð sem hæst. Æskan átti að leiðast á glapstígu við það eitt að aðgangur að bjór yrði gerður auðveldur, vinnustundir áttu að glatast vegna dagdrykkju hins vinnandi manns og helgarfylliriin áttu að verða enn ógnvænlegri en áður. Ekkert af þessu gekk eftir.

Það er hvítleitt þegar því er haldið að íslenskri þjóð að hún sé allt annarrar gerðar en aðrar þjóðir og það sem tíðkist erlendis geti engan veginn hentað hér. Rökin eru aldrei skýr, það eina sem er fullljóst er að einstaklingum er ekki treyst og því þurfi valdið að koma að ofan. Þannig er jafnvel talið stórhættulegt hér á landi að fólk geti keypt sér rauðvínslösku í sömu verslun og það kaupir kótilettur eða mjólkina. Þetta gera Íslendingar þó í utanlandsferðum og þykir ósköp þægilegt. Ekki nema von að sífellt fleiri landsmenn spyrji af hverju þeir geti ekki gert þetta sama hér á landi.

Nýleg könnun Maskínu sýnir að fleiri eru hlynnt sölu bjórs og léttvíns í matvöruverslunum en andvíg. Aldrei hafa fleiri verið hlynnt sölu á bjór í matvöruverslunum en einmitt nú. Munurinn er svo sem ekki ýkja mikill. Rúmlega 44 prósent eru hlynnt sölu léttvíns í matvöruverslunum og um 42 prósent andvíg. Um 45 prósent eru hlynnt sölu á bjór og 41 prósent er andvíg.

Stórum hópi landsmanna finnst greinilega kominn tími til að hafna forsjarhyggju-hugsuninni sem hér hefur verið við lýði í þessum málum í alltof langan tíma. Andstæðingar þess að heimilt verði að selja vín og bjór í almennum verslunum hafa óspart vísað til þess að vilji þjóðarinnar sé skýr, hún vilji hafa þessi höft. Þessi nýja skoðanakönnun sýnir að vilji þjóðarinnar er nokkur annar en andstæðingarnir hafa talið hann vera. Könnunin sýnir líka að yngra fólk er líklegra en þeir sem eru sextugir og eldri til að vera fylgjandi því að bjór og léttvín verði til sölu í matvöruverslunum. Þetta unga fólk vill búa í opnu þjóðfélagi, án hafta, og kemur vitanlega ekki auga á rökin fyrir því að geta ekki gripíð með sér rauðvínslösku eða bjórkippu um leið og það kaupir í matinn. Slíkt frelsi býður engri hættu heim. Það er kominn tími til að stjórnálmenn vippi sér yfir í nútímann.



Í huganum sjá þeir þjóðina afvelta á fyllirri og æsku landsins farna í hundana.

AUR

ÉG BORGGA FYRIR ALLA!

Þau Aura svo á mig

Borga
Rukka
Skipta

Halldór



Frá degi til dags

Frelsi fjölmiðla
Fjölmiðlanefnd hefur ákveðið að sekta fjölmiðil vegna birtingar ritstjórnarefnis. Fjölmiðlanefnd vill fá staðfestingu á að þriðji aðili hefði ekki greitt fyrir umfjöllunina. Þar sem ekki var hægt að leggja fram nein gögn því til staðfestingar, enda ekki til samningur um „ekki-greiðslur“, var fjölmiðillinn sektaður um milljón krónur. Stjórnsýslustofnun hefur sem sagt ákveðið að hafa af fjölmiðli fé þar sem hún gat ekki sannað að enginn hefði greitt fyrir efnið. Er hér um glænýja leið hins opinbera til að næla sér í tekjur á þessum síðustu og verstu að ræða.

Nýstárleg tekjuleið
Er þetta líkast til í fyrsta skipti sem íslenskt stjórnvald ákveður að beita meðali með þessum hætti. Ef þú getur ekki með nokkrum hætti afsannað fullyrðingar stjórnvalds þá færðu bara sekt. Fleiri opinberar stofnanir hugsa sér nú gott til glóðarinnar. Blönduóslöggan getur til dæmis með þessum hætti seilst í vasa öikumanna sem með engu móti geta sannað það að hafa ekið á löglegum hraða norður Langadalinn. Á erfiðum tímum í ríkisfjármálum þarf að ná í tekjur með einhverjum hætti. Hinn frelsisþenkjandi fjármálaráðherra ætti hins vegar að velta fyrir sér hvort rekstur fjölmiðlanefndar borgi sig. sveinn@frettabladid.is

Tímamót í stefnumótun ferðabjónustunnar



Þóris Kolbrún R. Gylfadóttir
ferðamála-,
iðnaðar- og
nýsköpunar-
ráðherra

Það er skammt stórra högga á milli í ferðabjónustunni, einum mikilvægasta atvinnuvegi okkar Íslendinga.

Eftir gosið í Eyjafjallajökli óttuðust flestir hrun. En gosið reyndist landkynning. Það, ásamt lágu verðlagi í kjölfar bankahrunsins og stóruaknu flugframboði, lagði grunninn að margra ára samfelldum ofurverxti greinarinnar. Í dag stöndum við aftur á móti frammi fyrir samdrætti eftir að einn stærsti drifkraftur vaxtarins hvarf af sviðinu.

Þegar horft er á þessa þróun í samhengi koma tvö hugtök upp í hugann: Sjálfbærni og jafnvægi. En hugtökin eru innantómir frasar ef ekki eru lagðar skýrar línur um hvað þau merkja. Ég leyfi mér að fullyrða að við séum um þessar mundir að taka tvö stór skref í þá veru. Hið fyrra eru leiðarljós ferðabjónustunnar til 2030, sem unnin hafa verið í nánú samræði stjórnvalda og greinarinnar. Þau voru kynnt á opnum fundum í vikunni og verða – eins og heitið gefur til kynna – leiðarljós nýrrar heildstæðrar ferðamálastefnu.

Hitt skrefið, sem líka var kynnt á þessum opnu fundum, er annar áfanginn í mjög viðamiklu verkefni sem Stjórnstöð ferðamála réðst í að minni tillögu haustið 2017. Þetta er verkefnið „Jafnvægisás“ sem gengur út á að meta þolmörk og afkastagetu okkar hvað varðar umfang ferðamennsku. Þetta verkefni er einstakt á heimsvísu. Skilgreindir voru hátt í 70 mælikvarðar, fundin á þá gildi og það sem meira er: skilgreint hefur verið hvort við séum á grænu, gulu eða rauðu fyrir hvern mælikvarða. Hátt í tvö hundruð manns hafa komið að þessu verkefni undanfarin misseri. Skýrsludrögin um það verða sett í samráðsgátt stjórnvalda á næstu dögum til umsagnar. Sumar niðurstöðurnar koma á óvart en allar fela í sér dýrmætar upplýsingar og leiðbeiningu.

Með þessum tveimur tímamótaverkefnum er lagður bæði djúpur og breiður grunnur að stefnumótun og ákvarðanatöku ferðabjónustunnar til næsta áratugar.



Eftir gosið í Eyjafjallajökli óttuðust flestir hrun. En gosið reyndist landkynning.

Þrátefli á þingi

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Menn geta haft ýmsar ástæður til að leggjast gegn samþykkt Alþingis á þriðja orkupakka ESB, sumar gildar, aðrar ekki.

Umhverfisverndarrök

Sumir eru andsnúnir frekari virkjunum af umhverfisástæðum og óttast að samþykkt orkupakkans myndi yta undir frekari virkjanir, einkum ef Alþingi skyldi ákveða síðar að leggja sæstreng til Evrópu með tilheyrandi jarðraski. Aðrir líta svo á að frekari vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir séu góður kostur fyrir orkuríkt land enda hljóti að vera hægt að gera hvort tveggja í senn: virkja orkuna og vernda umhverfið líkt og t.d. Norðmenn hafa gert. Fyrirnefndu segja þá: Nei, Norðmenn eru hættir að virkja. Svar virkjanasinna við því er að Norðmenn hafi nú þegar virkjað allt sem hægt er að virkja, Íslendingar ekki. Þannig geta menn rökrætt málið fram og aftur.

Brennandi hús?

Sumir leggjast gegn samþykkt orkupakkans með þeim rökum að ESB hafi verið og sé enn í lægð eins og t.d. harkaleg framgangna sambandsins undangengin ár gagnvart Grikkjum vitnar um og því sé rétt að hægja á frekari innleiðingu tilmála frá Brussel. Því er stundum bætt við að þýzkaland sé nú orðið að veikum hlekk í ESB-keðjunni þar eð ofgammenn á hægri væng þýzka stjórn-mála (þ. Alternative für Deutschland, AfD) hafi leitt Kristilega demókrata sem hafa stjórnað landinu samfleytt frá 2005 í ógöngur líkt og þjóðernissinnar á Bretlandi rugluðu íhaldsmenn í ríminu með þeirri óvæntu afleiðingu að Bretar kusu að ganga úr ESB. Sumir líkja ESB jafnvel við brennandi hús.

Aðrir segja: Hægan, hægan. Evrópa er ekki að brenna, öðru nær. Grikkir fóru svo illa að ráði sínu að það hefði ekki náð nokkurri átt að bjóða þýzkum og frönskum skattgreiðendum og bönkum upp á að borga brúsann. Menn segja: Grikkir urðu að súpa seyðið af eigin óráðsiu. Evran var ekki vandamálið í Grikklandi enda hafa önnur evrulönd komizt bærilega frá fjármáláhremmingum síöstu ára, þar á meðal Írland, Lettland og Portúgal, án þess að evran flæktist fyrir þeim. Auk þess snýst samstarfið innan ESB ekki eingöngu um félagsmál og mannréttindi. Þannig hefur aðildin að EES sem felur í sér um 70% aðild að ESB skipt sköpum á Íslandi. Aðrir benda á að Svisslendingum vegni vel utan bæði EES og ESB. Svarið við því er að Svisslendingar hafa gert ógrynni af tvíhliða samningum sem jafngilda í reyndinni aðild að EES. Þetta getum við einnig rætt fram og aftur.

Framsal fullveldis

Sumir leggjast gegn þriðja orkupakkanum með þeim rökum að samþykkt hans feli í sér framsal á íslenzku fullveldi umfram það framsal sem þegar hefur átt sér stað. Svarið við því er að framsal á fullveldi innan vébanda Evrópusamstarfsins hvort sem er innan EES eða ESB liggur í hlutarins eðli. Nánara samstarf og frekari samræming regluverks felur í sér gagnkvæmt tillit. Ein mikilvægustu rökinn fyrir aðild að EES og e.t.v. einnig ESB í fyllingu tímans hverfast einmitt um styrkinn sem fylgir því að deila fullveldi sínu vitandi vits með öðrum

með því t.d. að geta áfrýjað innlend-um dómum til erlendra dómstóla ef nauðsyn krefur. Fullveldisrökinn gegn orkupakkanum eru falsrök hliðstæð þeim sem brezkir þjóðremblar beittu til að toga Breta út úr ESB.

Nýja stjórnarskráin leysir vandann

Þráteflið á Alþingi út af þriðja orkupakkanum stafar m.a. af því að Alþingi hefur þraskallast við að staðfesta nýju stjórnarskrána.

Hefði hún þegar tekið gildi væri málið löngu leyst án vandkvæða. Þá væri í fyrsta lagi engum stætt á að saka þingmenn um að samþykka framsal ríkisvalds án heimildar í stjórnarskrá, þ.e. í blóra við gildandi stjórnarskrá, því nýja stjórnarskráin veitir slíka heimild eins og allar aðrar stjórnarskrár Evrópu, þ.m.t. Danmörk og Norvegur. Í annan stað myndu andstæðingar orkupakkans sjá fram á að þeir gætu knúið fram þjóð-

aratkvæðagreiðslu um málið með því að safna undirskriftum 10% atkvæðisbærra manna.

Hvers vegna gerist þetta ekki? Það stafar af því að of margir þingmenn – kjörnir skv. ólögum sem 67% kjósenda höfnuðu 2012 – vilja að Ísland sé eina Evrópulandið sem hefur enga framsalsheimild í stjórnarskrá gagnert til að girða fyrir aðild að EES og ESB hvort sem kjósendum líkar það betur eða verr.

Of margir þingmenn kæra sig ekki heldur um að þjóðin geti tekið ráðin af þinginu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessum þingmönnum þarf að finna önnur verk að vinna. Nýja stjórnarskráin leysir einnig þennan vanda með því að tryggja jafnt vægi atkvæða ásamt persónukjöri. Samt er hún engin allra meina bót. En hún er framför eins og mörg dæmi hafa sannað undangengin ár, nú síðast þráteflið um þriðja orkupakkann.

SUMARFJÖR

BROT AF ÞVÍ BESTA ÚR NÝJA SUMARBÆKFLINGNUM

NÝR
BÆKFLINGUR KOMMUR ÚT

14" FHD IPS
Ultra-Narrow skjárammi
Intel N4000
2.6GHz Burst Dual Core
4GB minni
DDR4 2400MHz
64GB SSD
eMMC diskur

5 LITIR

SUMAR TILBOD
VERÐ AÐUR 119.990

17+ tímar

acer

ACER SWIFT 1 **49.990**
Glæsileg ný kynslóð Ultrathin lúxus fartölva með baklýstu lyklaborði og 17 tíma rafhlöðu
Fartölva úr físléttu áli með ótrúlegar nýjungar

14" FHD IPS
Ultra-Narrow skjárammi
Intel N5000
2.7GHz Pentium Quad Core
8GB minni
DDR4 2400MHz
256GB SSD
M.2 diskur

OnePlus 7 Pro

7 PRO 8+256GB **129.990**
OnePlus loks fánlegur á Íslandi með áður óséðan hraða, viðbrögð og einstakar tækninýjungar
Go Beyond Speed! Ný kynslóð farsíma

10" FHD IPS
1920x1200 snertiskjár
1.5GHz QUAD
A35 64bit örgjörvi
32GB FLASH
Allt að 128GB Micro SD
Android 7.0
Nougat og fjöldi forrita

acer

ICONIA B3-A40 **29.990**
Flott örþunn og öflug spjaldtölva frá Acer

NÝ SENDING
NÝ SENDING ER AÐ LENDA

WONLEX

GW400 KRAKKAÚR **9.990**
Vatnsvarið GPS snjallúr, snertiskjár og SOS takki

STAR WARS DRÓNAR **9.990**
3 gerðir dróna frá Propel með Laser keppnisham

20% Afsláttur
Af myndavélum

SUMAR TILBOD
VERÐ AÐUR 25.990

APPLE AIRPODS
Þessir einu sönnu með hleðsluhylki

20.792

SUMAR TILBOD
VERÐ AÐUR 2.990

TRUST

FERÐARAFHLAÐA
Trust Primo 4400mAh ferðarafhlada

1.990

20% Afsláttur
Af minnikortum í jóni

SUMAR TILBOD
VERÐ AÐUR 21.990

MINNISKORT
Minniskort í miklu úrvali, verð frá

999

SUMAR TILBOD
VERÐ AÐUR 3.990

TRUST

KINDLE LESTÖLVA
6" lestölva með snertiskjá og WIFI

19.990

SUMAR TILBOD
VERÐ AÐUR 3.990

TRUST

USB VIFTA
Það þurfa allir eina svona á skrifborðið :)


1.995

SENDUM FRÍTT
Um land allt allar vörur allt að 10 kg.

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

EES og Ísland



Einar Benediktsson
fyrrverandi
sendiherra

Án sæstrengs, sem ekki verður lagður nema með samþykki okkar, hefur raforkumarkaður ESB enga þýðingu fyrir Ísland. Hinn sk. þriðji orkupakki ESB er Íslandi því óviðkomandi mál og jafn fjaránlegt að svo væri og sá gamli furðuspuni andstæðinga EFTA-aðildar að við það myndi fiskveiðilögsagan fyllast af erlendum togurum og vinnumarkaðurinn af Portúgölum. Þvinguð og fram úr öllu hófi langdregin umfjöllun Alþingis um þriðja orkupakkann var misheppnaður hræðsluáróður. Eftir situr tilræði við hefðbundnar og síðar reglur um meðferð mála á Alþingi og þar með framkvæmd þess viðskiptafrelsis, sem tryggir efnahagsleg samskipti við Evrópu og þar með velferð þjóðarinnar.

Innleiðing samþykpta EES í íslensk lög undanfarinn aldarfjórðung er undirstaða samningins um Evrópska efnahagsvæðið. Rétt eins og allir samningsaðilar hafa samþykkt viðskiptafrelsi fyrir sjávarafurðir, hagsmunamál fæstra, styðjum við sambærilegar óskir annarra, eins og um sameiginlegan orkumarkað, þótt hann varði okkur engu. Hverfi Ísland frá innleiðingu orkupakkans og ryfi þar með samstöðu, má ætla að önnur EES-ríki telji að þar með sé svo vegið að hagsmunum þeirra, að dregin verði til baka viðskiptafríðindi sem okkur hafa áunnist af árangri viðleitni. Sú var skoðun fyrrverandi forseta EFTA-dómstólsins.

Hafa ber hugfast, að EES er mikill og sögulegur árangur átaks ríkja Vestur-Evrópu um frjáls vöru- og þjónustuviðskipti og frjálsa fjármagnsflutninga á vegum Evrópusambandsins og Friverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem Ísland tengdist árið 1970. Með EES árið 1994 hefst þátttaka EFTA í innri markaði Evrópusambandsins og árið 1996 Schengen-samningnum um frjálsa för fólks innan EES. EFTA-lönd, nema Noregur og



Evrópska efnahagsvæðið er og verður meginstoð íslensks efnahagslífs.

Ísland, eru löngu orðin aðildarríki í ESB, sem ásamt með löndum Austur- og Suður-Evrópu eru nú 31 talsins.

Um Evrópuþróunina og ákvarðanir stjórnvalda varð mikil umfjöllun og tímabundin átök hjá þjóðinni, svo sem er nú með þriðja orkupakkann. Andstaða gegn viðskiptafríðindum fyrir sjávarafurðir tengdist hinni sögulegu baráttu að tryggja rétt okkar yfir efnahagslögsögu á eigin landgrunni. Íslensk lögsaga yfir landgrunninu innan 200 mílna var endanlega tryggð á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1976 og þá tóku gildi ýmsar viðskiptaávilnanir okkur í hag samkvæmt EES-samningnum. Þar með lýkur þeim kafla sögunnar að tryggja íslenskar fiskveiðar og



sama frjálsa markaðsaðgang og var um aðrar bandalagsþjóðir okkar í Evrópu.

Við útfærslur lögsögunnar frá 1948-1976 mættu Íslendingar harðri andstöðu Breta, sem eru löngu liðin tíð í samskiptum þjóðanna. Bretland, sem er helsti viðskiptaaðili okkar, stendur á

þröskuldinum um að vera inni eða úti eða að hve miklu marki, þátttakandi í Evrópusamstarfinu. Utanríkisþjónustan undir forystu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar hefur, svo sem fregnir herma, haft vakandi auga með þeirri þróun. Evrópska efnahagsvæðið er og verður meginstoð íslensks efnahagslífs.

(Lækkun) og hækkun – en samt besta verð?



Ólafur Reimar Gunnarsson
formaður
stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna

Þann 24. maí lákkaði Lífeyrissjóður verslunarmanna fasta vexti verðtryggðra sjóðfélagalána úr 3,6% í 3,4%.

Breytilegir vextir verðtryggðra sjóðfélagalána sem voru 2,06% hækkuðu aftur á móti um 0,2% í 2,26%.

Helsta ástæða hækkunarinnar

var sú að ástæða var talin til að breyta vaxtavíðmiði sem áður hafði miðast við breytingu á ávöxtunarkröfu skuldabréfaflokksins HFF150434. Svo hefur borið við að viðskipti með þennan skuldabréfaflokk hafa farið verulega minnkandi og hann því ekki lengur talinn eins virkt vaxtavíðmið eins og flokkurinn var á sínum tíma.

Sú góða frétt að fastir verðtryggðir vextir lækkuðu þótti sumum ekki frétt en gagnrýndu þó harðlega 0,2% hækkun breytilegu vaxtanna.

Eins og að framan greinir var það þó ekki illkvittni eða græðgi sem réð því að vextir hækkuðu um 0,2% heldur breyting frá vaxtavíð-

miði sem þótti úrelt og ekki gefa nægjanlega góða mynd vegna lítilla viðskipta með viðkomandi viðmiðunarflokk. Í framtíðinni mun, við ákvarðanir um vaxtabreytingar, verða litið til ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa sem og samanburðarhæfra skuldabréfa ásamt vaxtakjara á markaði fyrir sambærileg lán, að teknu tilliti til áhættumats sjóðsins.

Breytilegir verðtryggðir vextir sjóðfélagalána hafa lákkað verulega undanfarið eða úr 3,86% í ágúst 2016 niður í 2,06% í maí 2019. Þeirri miklu lækkun fagna væntanlega þeir fjölmörgu lántakendur sem notið hafa góðs af.

Það eru hagsmunir sjóðfélaga og

lántakenda almennt að lánsvextir sjóðsins séu hagstæðir og í takti við markaðsaðstæður hverju sinni. Sé horft til framtíðar geta breytilegir vextir að sjálfsögdum lákkað jafnt sem hækkað.

Vextir Lífeyrissjóðs verslunarmanna eru eftir nýjustu breytingar sem fyrr með allra hagstæðustu lánakostum sem bjóðast. Samkvæmt síðunni Aurbjorg.is eru verðtryggðir breytilegir vextir Lífeyrissjóðsins eftir breytingu þriðju lægstu vextir á markaðnum í samanburði þeirra fjórtán aðila sem samanburðurinn nær til. eru vextirnir til dæmis langt undir vöxtum húsnæðislána viðskiptabankanna. Fyrir breytinguna voru

vextirnir lægstu markaðsvextir breytilegra verðtryggðra lána sem buðust.

Verðtryggðir fastir vextir Lífeyrissjóðsins eru jafnframt samkvæmt sama samanburði næst lægstu verðtryggðu lánsvextir á markaði í dag og þar sem uppgreiðslugjöld eru engin hjá Lífeyrissjóðnum, ólíkt t.d. viðskiptabönkunum með 1% uppgreiðslugjald, eiga lántakendur auðveldara en ella með að færa lán sín telji þeir aðra og hagfelldari kosti bjóðast.

Gagnrýnin umræða er oft af hinu góða en þá ber að halda á lofti sem flestum hlíðum.

F.h. stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna



5 ÁRA
CITROËN
ÁBYRGÐ



SENDIBÍLL ÁRSINS 2019

**NÝR CITROËN
BERLINGO VAN**

NÚ MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ*

Splunkunýr Citroën Berlingo Van er nú með 5 ára verksmiðju-ábyrgð, sparneytinni vél og fánlegur með 8 þrepa sjálfskiptingu. Komdu og prófaðu nýjan Berlingo sem er rúmbetri og öflugri en nokkru sinni áður.

NÝTT: Fyrirtækjalánsnir Brimborgar kynna flotastjórnunarkerfið Brimborg Fleet Manager sem er vistað í skýinu, auðvelt í notkun og getur lákkað rekstrarkostnaðinn umtalsvert. Fáðu kynningu.

VERÐ FRÁ:

2.532.000 KR.
ÁN VSK

EDA 3.140.000 KR. MEÐ VSK

KOMDU & KYNNTU ÞÉR
ÖRUGG GÆÐI CITROËN!

*Forsendur framlangdar verksmiðjuábyrgðar eru reglulegt þjónustuefritil samkvæmt staðli framleiðenda frá nýskráningardegi bílreiðar. Kaupandi ber kostnað af þjónustunni. Nánari upplýsingar citroen.is/abyrgd.

citroen.is



Örugur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bildshófa 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sóludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17

LEÓ

FIMMTUDAGUR 6. JÚNÍ 2019

Tíska



Charlotte Casiraghi og franskur kvikmyndaframleiðandinn Dimitri Rassam gengu í hjónaband um helgina. Charlotte er barnabarn Hollywood-leikkonunnar Grace Kelly og Raniers fursta. ➔6

30% afsláttur
í hádeginu alla virka daga



Osushi
Tryggvagötu



Hlynur James Hákonarson og Arnar Leó Ágústsson fyrir utan verslunina sína CNTMP. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Draumar og dugnaður koma manni langt

Arnar Leó Ágústsson og Hlynur James Hákonarson voru handvissir um hvað þeir vildu gera í framtíðinni þegar þeir voru ungir. Á síðasta ári létu þeir drauma sína rætast og opnuðu fataverslunina CNTMP í desember. ➔2

Ásta Eir
Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Félagarnir Arnar og Hlynur eru miklir áhugamenn um tisku og hafa lengi vel fylgst með þeim áhugaverða heimi sem tiskuheimurinn er. „Planíð var fyrst að opna bara vefsíðu og selja föt í gegnum hana en við urðum svo heppnir að finna skyndilega þetta húsnæði sem við erum í núna, þannig að við gátum ekki annað en stokkið á það tækifæri,“ segir Arnar.

Opnuðu verslun á 20 dögum

Þeir sáu að það var opið gat á markaðnum fyrir verslun með þeim vörum og þeirri tisku sem þeir fylgdust með. „Við fengum lykklana að húsnæðinu snemma í nóvember og við tók allsvakaleg vinna þar sem við þurftum að gera allt upp, en sú vinna skilaði sér þar sem við náðum að búa til verslun á 20 dögum.“

Arnar segir að áhuginn hjá þeim báðum hafi kviknað langt fyrir tíma samfélagsmiðla en þeir kynntust samt sem áður í gegnum verkefni sem Hlynur og vinir hans voru að vinna í á Instagram. Seinna meir stofnuðu þeir Arnar og Hlynur ásamt tveimur öðrum vinum sínum fatamerkið Reykjavík Roses. Þeir seldu flikur sínar í Smash í Kringlunni en þegar þeim samningi lauk vildu þeir finna sér eitthvað annað gera. „Við eyddum tveimur og hálfum mánuði sitjandi á skrifstofu að pæla hvað við gætum gert, þangað til þessi hugmynd kom upp og allt sprakk í kjölfarið. Núna í dag erum við tveir að reka búðina og við erum hérna alla daga og aldrei ekki,“ segir Arnar.

Föt fyrir alla

Nafnið CNTMP kemur frá orðinu „contemporary“ og helsta hugmyndafræðin á bak við verslunina er að fötin séu í takt við samtímann. Strákarnir bjóða bæði upp á íslensk og erlend fatamerki. Vinsæl merki frá Los Angeles, New York og Danmörku er hægt að finna í versluninni. Íslensk fatamerki fá einnig að njóta sín hjá þeim en þeir eru með merki á borð við Reykjavík Roses, Brutta Faccia, Flare, Bökk og svo CNTMP STUDIO, en þessi lína sem var jafnframt sú fyrsta frá þeim strákunum kom út um síðustu helgi. Fötin í búðinni höfðu til allra og flokkast sem „unisex“.

Tiska og tónlist

Á efri hæðinni í húsnæðinu á Laugaveginum eru þeir með þrjú stúdíó, CNTMP STUDIO. „Tiska og tónlist tala svo vel saman. Enginn annar á Íslandi er með fataverslun og tónlistarstúdíó í sama húsi. Við erum tengdir tiskunni og tónlistinni og okkur fannst gott að setja þetta undir sama þak.“ Einhverjir af vinsælustu tónlistarmönnum landsins leigja stúdíó



Strákarnir leggja áherslu á að taka inn föt sem þeir sjálfir fíla. Eins og sést hér eru sumarlitirnir mættir í CNTMP. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

hjá CNTMP STUDIO. Ásamt því að búa til tónlist eru margir rapparar duglegir að auglýsa fötin frá CNTMP á samfélagsmiðlum. „Markaðssetningin okkar fer aðallega fram á Instagram og Facebook og hafa vinir okkar í rappleiknum hjálpað okkur mikið að auglýsa vörurnar okkar,“ segir Arnar. Hann er afar ánægður með fyrstu mánuðina hjá þeim og er spenntur fyrir komandi tímum. „Þetta hefur gengið ótrúlega vel, í rauninni miklu betur en við bjuggumst við.“

Síbreytilegur innblástur

Arnar segir að þeir sækja innblástur frá mismunandi stöðum. „Það sem okkur finnst flott tókum við inn en innblásturinn er alltaf að breytast. Við fylgjum straumum inni á milli ef straumurinn er sterkur og hann virkar, en annars fylgjumst við vel með og veljum inn það sem við sjálfir filum,“ segir Arnar.

Markmiðið hjá CNTMP næstu vikur og mánuði er að stækka og bæta við sig fleiri merkjum. Núna eru þeir að vinna í því að opna netverslun sem mun fara í loftið á næstu vikum. „Við höfum verið að fá mikið af fyrirspurnum frá erlendum ferðamönnum sem kíkja til okkar á Laugaveginum um hvort við ætlum ekki að opna netverslun og margir vilja að við opnum erlendis. Fólk frá New York, Kaupmannahöfn, Ósló og fleiri borgum hefur sýnt okkur mikinn áhuga, sem er auðvitað bara mjög skemmtilegt.“



Fyrsta fatalínan kom nýlega frá strákunum undir nafninu CNTMP STUDIO. Þeir eru spenntir fyrir framhaldinu.



Hlynur James og Arnar Leó eru ánægðir með fyrstu mánuðina hjá CNTMP.



Fallegar plöntur prýða verslunina um þessar mundir. Einnig er alltaf hægt að treysta á góða tónlist í búðinni.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundni ritstjórnarnefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:

Torg ehf

Ábyrgðarmaður:

Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Benedikt Bóas Hinriksson, benediktb@frettabladid.is, s. 550 5763 | Ásta Eir Árnadóttir, astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sólrún Freyja Sen, solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,



BUXNADAGAR
20% afsláttur af öllum buxum

hjá
Hjafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjafnhildi.is



Dúettinn Chloe x Halle klæddi sig upp sem Múfasa og Skari. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Listakonan og aktivistinn Betye Saar fór alla leið í þemanu.



Stofnendur viðburðarins hjónin Richard Lawson og Tina Knowles-Lawson voru glæsilega til fara.



FLOTT SUMARFÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

ROBELL
kvartbuxur



Kr. 6.900.- • Str. 36-52 • Litir: svart, hvítt, rautt, beige og blátt

Ríta



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Búningaveisla stjarnanna

Fræga fólkið í Hollywood klæddi sig upp í góðgerðarskyni.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Góðgerðarhátíðin Wearable Art Gala var haldin í þriðja sinn í Los Angeles um helgina. Þema hátíðarinnar að þessu sinni var ferð til Pride Lands, söguviðs kvikmyndarinnar The Lion King. Endurgerð myndarinnar er væntanleg í kvikmyndahúsi í júlí þar sem engin önnur en Beyoncé ljær persónunni Nölu rödd sína. Það var því víðeigandi að söngkonan mætti á hátíðina klædd sem ljónynja. Hún var klædd þröngum gylltum ljónabúningi þöktum palliöttum, eftir hönnuðinn Georges Hobeika. Búningurinn var skreyttur fjöðrum sem mynduðu ljónsmakka á öxlum söngkonunnar. Á efri hluta búningsins var útsaumað ljónsandlit og til að toppa þennan stórglæsilega búning bar Beyoncé gullskikkju á herðunum. Þarna var sannarlega mætt drottning ljónanna.

Fleiri stjörnur létu sjá sig á hátíðinni í glæsilegum búningum. Þar mátti sjá Kelly Rowland og Michelle Williams sem stýrðu viðburðinum ásamt Beyoncé. En saman skipuðu þær hljómsveitina Destiny's Child.

Systurnar Chloe og Halle Bailey sem skipa R&B dúettinn Chloe x Halle mættu klæddar sem faðirinn Múfasa og hinn illi frændi Skari. Listakonan Betye Saar mætti í glæsilegum búningi í afrískum anda. Stafurinn sem hún hélt á minnti helst á persónuna Rafiki.

Wearable Art Gala var stofnað af Tinu Knowles Lawson, móður Beyoncé, og eiginmanni hennar Richard Lawson. Hátíðin er fjáröflun fyrir Waco-leikhúsið í Los Angeles sem er hugsað til að gefa listamönnum af ólíkum uppruna tækifæri til að koma sér á framfæri.

beyonce • Following



Liked by celestbarber and 4,027,449 others

Beyoncé var sannkölluð drottning ljónanna. MYND/INSTAGRAM




Michelle Williams og Kelly Rowland stjórnðu viðburðinum með Beyoncé.

FULLKOMIN Í FRÍÐ

„Child er einfaldlega besti spennusagnahöfundurinn.“

ASSOCIATED PRESS



„Einstök spenna,
Child bregst ekki
lesendum sínum.“

MINNEAPOLIS STAR TRIBUNE

Jack Reacher snýr aftur
í bók sem gefur þeim
fyrri ekkert eftir



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-19 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is

Barnabarn Grace Kelly gengur í það heilaga

Charlotte Casiraghi og franskur kvikmyndaframleiðandinn Dimitri Rassam gengu í hjónaband um helgina. Charlotte er barnabarn Hollywood-leikkonunnar Grace Kelly og Raniers fursta.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Það var ekkert til sparað í lúxus og flottheitum í brúðkaupinu sem fram fór í Mónakó. Brúðurin klæddist fatnaði frá Chanel og Saint Laurent á brúðkaupsdaginn og var ákaflega glæsileg. Charlotte er dóttir elstu dóttur Grace og Rainers, Karólínu, sem var mikið í heimsfréttunum þegar hún var yngri.

Karólína hefur dregið sig út úr sviðsljósinu á síðari árum. Hún var fyrst gift Philippe Junot en þau skildu. Stuttu síðar giftist hún Stefano Casiraghi en hann lést voveiflega í spítbátakeppni árið 1990 en þá var Charlotte aðeins fjögurra ára.

Charlotte og Dimitri eiga einn son saman, Balthazar, sem er sex mánaða. Þau áttu eitt barn hvort frá fyrri samböndum. Charlotte hefur ritstýrt tímaritum og komið að útgáfu.

The Prince's Palace of Monaco þar sem hjónin voru gefin saman er sami staður og amma hennar og afi giftu sig í einu frægasta brúðkaupi sögunnar árið 1956. Charlotte bar demantshálsmen frá Cartier við brúðarkjólinn sem var í eigu Grace Kelly og var brúðargjöf til hennar. Chanel-brúðarkjólinn þótti minna á kjól sem Grace klæddist í kvikmyndinni To Catch a Thief frá árinu 1955. Jafnvel hárgreiðslan minnti á gamlar Hollywood-myndir.

Eftir athöfnina var haldin veisla á Monte Carlo Beach hóteli þar sem er gríðarlega fallett útsýni yfir Miðjarðarhafið.

Charlotte setti sjálf inn brúðarmyndir á Instagram. Eftir því sem tímaritið People segir hafa þau Charlotte og Dimitri þekkt um nokkurra ára skeið. Ástin kviknaði þó ekki fyrr en um jólnin 2016 í París.

Flestir fjölskyldumeðlimir



Dimitri Rassam og Charlotte Casiraghi á svokölluðu Rósaballi í Mónakó.

voru samankomnir í brúðkaupinu og má þar meðal annarra nefna Albert fursta og eiginkonu hans, Charlene, ásamt börnum þeirra. Karólína prinsessa var að sjálfsgöðu mætt ásamt öðrum börnum sínum, Andrea og Pierre Casiraghi og Alexöndru de Hanover. Karólína er gift Ernst August, prins af Hanover.


» Charlotte bar demantshálsmen frá Cartier við brúðarkjólinn sem var í eigu Grace Kelly og var brúðargjöf til hennar.



Eitt frægasta brúðkaup sögunnar þegar Grace Kelly og Rainier fursti gengu í það heilaga í Monte Carlo í Mónakó árið 1956.



Móðir brúðarinnar, Karólína af Hanover, ásamt Karl Lagerfeld sem nú er látinn. Þau voru miklir vinir.



Mynd sem brúðurin setti á Instagram af þeim nýgiftu. Glæsilegur kjöll og hárgreiðsla í anda Hollywood.

BÓKHALDSREKSTUR OG RÁÐGJÖF

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um bókhaldsrekstur og ráðgjöf kemur út miðvikudaginn 12. júní

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Arnar Magnússon markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími: 550-5652 / arnarm@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum

AKU SUPERALP GTX

39.990 kr.

STÆRÐIR 35-48

**Hafðu
(AKU)
með
í valinu**



Aukin mykt við ökkla



GoreTex filma, 100% vatnsvörn

2mm gúmmiborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi

IMS: Kerfi sem gefur auka mykt niður í sólan

Dempun

AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur

Vibram sóli

Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi

Reimalæsing, hægt að vera með sitthvora stillinguna yfir rist, eða um ökkla

Rúllukefli til að halda jafni spennu á reimum

2,6mm ektu ítalstkt Nubuck leður

Custom fit innlegg

Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir. Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.



Léttir gönguskór herra / kvenna

AKU TRIBUTE GTX
24.990 kr.



NYR LITUR

Borgarskór / Herra

AKU Ledro FG MID GTX
26.990 kr.



NYR LITUR

Léttir borgarskór / Herra

AKU Bellamont II Mid Plus
26.990 kr.



NYR LITUR

Lágir gönguskór, borgarskór / Kvenna

AKU Bellamont Gaia GTX
23.990 kr.



Lágir, millistífir gönguskór

AKU Tengu Low GTX
27.990 kr.



Borgarskór / kvenna

AKU Riva High GTX
26.990 kr.



Lágir gönguskór / borgarskór / herra

AKU Climatica NBK GTX
26.990 kr.



Lágir gönguskór / borgarskór / kvenna

AKU Climatica Suede GTX
24.990 kr.



Gönguskór með góðan stuðning / kvenna

AKU ALTERRA GTX
31.990 kr.



Gönguskór með góðan stuðning / herra

AKU ALTERRA GTX
31.990 kr.



Léttir göngu-/ hlaupaskór / herra

AKU Selvatica GTX
24.990 kr.



Léttir göngu-/ hlaupaskór / kvenna

AKU Selvatica GTX
24.990 kr.



SANDALAR OG GÖNGUSKÓR



KEEN Venice kvenna

Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Léttir og áráðanlegir.

Stærðir: 35-42
15.990 kr.

**ALLAN DAGINN
ALLA DAGA
ALLTAF**



KEEN Newport herra

Lokuð tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi, innlegg mótask eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem þú getur notað allan daginn, alla daga.

Stærðir: 40-48,5
15.990 kr.




KEEN Targhee III Mid WP herra/kvenna
Vatnsheldir gönguskór
23.990 kr.

NYTT



KEEN Targhee III WP herra/kvenna
Vatnsheldir gönguskór
19.990 kr.

NYTT



KEEN Venice II H2 kvenna
Stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.

NYTT



KEEN Newport H2 herra
Lokað hælband, lokuð tá
14.990 kr.



KEEN Evofit One kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
18.990 kr.



KEEN Evofit One herra/kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
18.990 kr.



KEEN Rialto herra
Leður, stillanlegt hælband og lokuð tá
21.990 kr.

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópavogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is



„Finndu okkur á Facebook“

Það eina sem þarf er sjálfstraust

Skærir litir í einföldum búningi eru komnir í tísku samkvæmt grein á HuffPost.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Á tiskusýningum erlendis hafa litirnir fengið að njóta sín í vor. Blá, gul, bleik og græn litbrigði hafa fengið að njóta sín, og þau ættu að falla vel inn í sumaríð á Íslandi sem hefur allavega byrjað á sólríkum dögum hér á höfuðborgarsvæðinu.

Shawnelle Prestidge er virtur förðunarfræðingur í tiskubransanum. Hún segir litbrigði falla misvel að mismunandi húðlit. Því skærari sem litirnir eru því meiri líkur eru á að þeir fari þeim sem eru með dökkan húðlit vel, en allir geta málað sig með skærum litum svo lengi sem sjálfstraustið er til staðar.

„Almennt séð er óskrifada reglan sú að kaldir litir eru notaðir á hvíta húð á meðan heitari litir eru notaðir á dekkri húð,“ segir Blair



Sköpunargleðin á að fá að njóta sín þegar skærir litir eru annars vegar, enda líta þeir aldrei út fyrir að vera náttúrulegir. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Vel valdir skærir litir með náttúrulegum geta skapað nútímalegt útlit.



**Eitt kort
34 vötn
7.900 kr**

Frelsi til að veiða!

**VEIÐIKORTIÐ
2019**

www.veidikortid.is

ÞETTA ER BYRJAD!

» Þessar reglur eru ekki meitlaðar í stein og fara algjörlega eftir útlitinu sem þú ert að reyna að ná fram.

Petty sem er kanadískur förðunarfræðingur. „En af hverju að setja sjálfum sér fullt af reglum?“

Petty segir að sterkir og áberandi litir munu aldrei líta út fyrir að vera náttúrulegir á neinum, þess vegna snýst notkun á þeim í förðun meira um sköpunargleði heldur en að gera sig sætan. Það eina sem þú ert með dökka húð og langar að vera með ísláan maskara, gerðu það bara,“ segir Petty.

Lauryn Hopwood, hárgreiðslukona og förðunarfræðingur, minnir á gullnu regluna að meira sé minna, og það sé best að leggja áherslu á einn hlut í einu þegar kemur að förðun. Hún leggur til að setja til dæmis á sig grænan augnblýant, húðlitaðan varalit og döggvotan andlitsfarða.

Til að koma í veg fyrir að líta út fyrir að vera á leiðinni í 80's partí, segir Prestidge að mikilvægt sé að halda áherslunni á einum stað eða á einum lit. „Hafðu förðunina einfalda ef þú vilt forðast að líta út fyrir að vera of gamaldags. Einn eða tveir skærir litir í góðu jafnvægi, með náttúrulegri litum,“ en Prestidge bætir þeim fyrirvara við að þessar reglur séu ekki meitlaðar í stein og fari algjörlega eftir útlitinu sem þú ert að reyna að ná fram. Sköpunargleðin á að fá að blómstra og kannski eru reglur til þess að brjóta þær.

Skærir litir eru ekki bara að ryðja sér til rúms í förðunarvarningi í ár. Eins og kemur fram í annarri grein á HuffPost voru neonlitaðar flikur líka áberandi á tiskusýningum í vor, eftir hönnuði á borð við Prabal Gurun, Brandon Maxwell og Virgil Abloh. Þó að sjá hafi mátt mismunandi liti voru neonbleikur og neongrænn sérstaklega áberandi.

Þeir sem eru kannski ekki alveg tilbúnir að hoppa í regnbogagallann geta haldið sig við skæra varaliti eða naglalakk til að byrja með.



Það má fara eins langt og maður vill í litagæðinni, í bæði fatavali og förðun.



SMART SUMARFÖT, FYRIR SMART KONUR

NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

My Style
tiskuhús



mystyle 

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI



GRANÍT
STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensinvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjár litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.900,-

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Vinnuvélar

Þjónusta

Pípulagnir

Pípulagnþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR



Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga. Klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.


Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

Getum bætt við okkur verkefnum í öllu viðhaldi innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758



Nudd

VODVABOLGA.IS

þýður þér að panta nudd heim til þín, Nudd heim í stofu. Heilnudd 8454057

Spádómar

SPÁSÍMINN 9086116.

Ástir,Fjármál,Heilsa,Opió alla daga.

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opió mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

VÉLAR TIL LEIGU



Hitachi ZX19-5
2 tonna með hraðtengi og þremur skóflum.



Hitachi ZX33U-5A
3,5 tonn með hraðtengi og þremur skóflum.



Hitachi ZW75-6
5,1 tonn, hraðtengi, skófla, gafflar og auka vöskvalögn.



Hitachi ZX350LC
36 tonna, hraðtengi skófla og fleygur.



Hitachi ZX490LCH
50 tonn, hraðtengi og skófla.



Dieci Icarus 40.14
Lyftigeta 4 tonn, lyftihæð 14 m. Gafflar og skófla.



Dieci zeus 37.7
Lyftigeta 3,7 tonn, lyftihæð 7 m. Gafflar og skófla.




Hyundai HX220L
22 tonna með hraðtengi og tveimur skóflum.



ATVINNUTÆKI

Nánari upplýsingar:
694-3700/gk@velafi.is
694-3800/hh@velafi.is
www.velafi.is



Honda HR-V Comfort

Nýskráður 11/2016, ekinn 48 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð
kr. 2.690.000

Afborgun kr. 34.996 á mánuði



Honda Jazz Trend

Nýskráður 6/2017, ekinn 26 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Ásett kr. 2.290.000
Tilboð
kr. 1.990.000

Afborgun kr. 25.931 á mánuði



KIA Carens Lux 7 manna

Nýskráður 5/2018, ekinn 29 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð
kr. 3.990.000

Afborgun kr. 51.831 á mánuði



Peugeot 108 Active

Nýskráður 6/2016, ekinn 60 þús.km., bensín, beinskíptur.

Verð
kr. 990.000

Allt að 100% fjármögnun í boði



Peugeot 208 Active Navi

Nýskráður 8/2016, ekinn 46 þús.km., bensín, beinskíptur

Verð
kr. 1.490.000

Afborgun kr. 19.445 á mánuði



NOTAÐIR BÍLAR

Bilakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Traust og fagleg starfsmannaveita sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áratuðir



info@handafl.is | handafl.is

Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000

BÆJARLIND 5 - 201 KÓPAVOGI

Opið hús fimmtudaginn 6.júni kl. 18:00-20:00






**OPIÐ
HÚS**

Glæsilegar og vandaðar íbúðir í 11. hæða fjölbýli miðsvæðis í Kópavogi.

- Fallegar og vandaðar 2ja – 4ra herbergja íbúðir
- Vandaðar innréttingar
- Innbyggður ísskápur, uppvottavél og spanhelluborð
- Allar svalir með svalalokun
- Vélræn loftræsting
- Stæði í bílageymslu

2ja-3ja-4ra Nýjar útsýnisíbúðir



Verð frá 39,4 m. • Stærðir frá 62 fm.

Allar upplýsingar veita:



Ólafur Sævarsson
s: 820-0303
olafur@domusnova.is



Hrafnkell Pálmason
s: 690-8236
hrafnkell@domusnova.is



Björgvin Rúnarsson
s: 855-1544
bjorgvin@domusnova.is

DOMUSNOVA

Fasteignasala

Fasteignasala venjulega fólksins - Nýbýlavegi 8 Kópavogi - Austurvegi 6 Selfossi & Stillholti 16-18 Akranesi - www.domusnova.is - Sími 527 1717

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDBIL.
TIL LEIGU EDA SÖLU 50 m² bil.
Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.
Lager eða geymsla.
Leiga: 99 þús.
Facebook: Steinhella 14.
Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLURTILLEIGU.IS
SÍMI: 414-3000
Gerðu verðsamanburð!

Atvinna

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIDI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skómmum fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta
- proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

Fasteignir



Hvassaleiti 95
103 Reykjavík



Um 260 fm raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr - Aukaíbúð í kjallara Staðsett í rótgrónu hverfi stutt frá allri þjónustu Fjögur svefnherbergi á efri hæð Stór og björt stofa þaðan sem útgengt er út í garð Pallur með heitum potti Endurnýjað og stækkað eldhús



Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson, lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is sími: 695 5520

Verð: **92,3 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Til sölu

Smiðshöfði 8
110 Reykjavík



204 fm atvinnuhúsnæði á 2. hæð þar sem búíð er að innrétta 9 svefnherbergi og í sameign er eldhús og baðherbergi.

Laust við kaupsamning.



Nánari upplýsingar veitir:
Þróstur Þórhallsson, lögg. fasteignasali
throstur@miklaborg.is sími: 897 0634

Verð: **45,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR
hagvangur.is

Fjárfestingartækifæri í Smáralind

Lögmenn Kirkjutorgi kynna einstakt fjárfestingartækifæri í Smáralind, veitingastaðinn O'Learys sem er hluti af hinni vinsælu veitingahúsaðeildju.

Glæsilegur veitingastaður sem var opnaður í desember 2017.

Rekstur með mikla möguleika.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Örn Jónasson
í síma 7708200 eða jonas@logmennk.is

O'Learys



LÖGMENN
KIRKJUTORGI



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK



LOGAFOLD 66, 112 RVK

VERÐ: 84.9M

Einbýli á einni hæð á besta stað í Grafarvogi, neðst í Logafold. Húsið er múrsteinsklætt timburhús með rúmgóðri stofu með mikilli lofthæð og vönduðum innréttingum. Bílskúr er rúmgóður og vel frágenginn með flísu á gólfi. Húsið er samtals 197 fermetrar og þar af bílskúr 36,7 fm.

Getur verið laust með stuttum fyrirvara.

Ólafur H. Guðgeirsson, MBA, lgfs., veitir allar upplýsingar í síma 663-2508 eða olafur@stakfell.is



Þú finnur draumastarfið á
Job.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótórhjóla og snjósléðasætum. Húsbíllaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Snyrti & Nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkan
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.
Tímappantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND



Gúmmíbelti

- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is guðruninga@frettabladid.is

ht.is

31. MAÍ - 9. JÚNÍ

KÆLIDAGAR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM KÆLISKÁPUM



FJÖLBREYTT ÚRVAL AF KÆLISKÁPUM AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Whirlpool

BOSCH

SAMSUNG

SIEMENS

Husqvarna

LG

scan domestic

ELVITA

Electrolux

beko



Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

Frumkvöðlar í fimmtán ár



Hanna Hilmarsdóttir skólastjóri Alþjóðaskólans

Á þessu ári fagnar Alþjóðaskólinn á Íslandi 15 ára afmæli sínu. Á tímamótum sem þessum er vert að staldra við og fara yfir það sem hefur áunnist. Ekki síður er mikilvægt að fagna þessum áfanga og í mínum huga er það ekki Alþjóðaskólinn einn sem fagnar heldur megum við sem samfélag svo sannarlega fagna með.

Í byrjun var lagt af stað með þá trú að til að Ísland geti laðað að sér hæft starfsfólk og sérfræðinga yrði að vera í boði alþjóðleg menntun fyrir börnin þeirra. Lítið var vitað um hæðirnar og hindranir sem yrðu á vegi slíkrar frumkvöðlastarfsemi en jafnframt allan þann meðbyr og velvild sem verkefninu hefur fylgt.

Í byrjun voru nemendur fimm, starfsmenn tveir og skrifstofan var grænn pappakassi sem létt var að ferðast með. Skólinn rúmaðist í minivan skólastjórans og lagt var af stað með bjartsýnina að vopni.

Nú, fimmtán árum síðar:

- eru um 100 nemendur sem stunda nám við skólann. Nemendur okkar tilheyra ýmist hóp diplómatafjölskyldna sem hafa flutt til landsins vegna atvinnu eða eru að

koma til baka eftir nokkurra ára fjarveru erlendis. Okkar samfélag er fjölbreytt, tví- og margtyngdar fjölskyldur sem og íslenskar fjölskyldur sem vilja gefa börnum sínum þá gjöf að geta stundað nám á tveimur tungumálum.

- Við höfum öðlast tvær alþjóðlegar vottanir sem gerir okkur samkeppnishæf við aðra viðurkennda alþjóðlega skóla víðsvegar um heiminn. Það auðveldar nemendum okkar að flytja á milli landa.
- Niðurstöður kannana gefa til kynna að liðsandiinn er góður, nemendum líður vel og foreldrar eru ánægðir með menntun barna sinna.
- Samstarf heimilis og skóla er öflugt og jákvætt.
- Við höfum bætt við okkur unglingsdeild og útskrifudum fyrsta hópinn okkar vorið 2018.
- Við sinnum því öllu grunnskólastiginu sem er mikilvægt. Einnig er boðið upp á sérstaka deild fyrir 5 ára börn.

Skilningur á þörf fyrir alþjóðlega menntun fer vaxandi sem hefur gert skólanum kleift að stíga mikilvæg skref í faglegri uppbyggingu hans. Samfélagið tekur þátt í alþjóðlegri samvinnu á öllum sviðum atvinnulífsins sem og sköpun, listum, mannlífi og stjórnsýslu. Alls staðar eru fjölskyldur hvaðanæva úr heiminum með börn sín. Til að Ísland geti tekið þátt í slíku starfi, á alþjóðavísu, er það alger forsenda að við sem þjóðfélag getum boðið upp á hágæða alþjóðlega menntun



Skilningur á þörf fyrir alþjóðlega menntun fer vaxandi sem hefur gert skólanum kleift að stíga mikilvæg skref í faglegri uppbyggingu hans.

sem nýtist barninu hvert það sem svo heldur áfram námi sínu.

Slík uppbygging og árangur gerist ekki í tómarúmi. Margir hafa stutt dyggilega við hugmyndafræðina og ávallt fjólgar í þeim hópi fólks sem trúir því að Ísland þurfi að bjóða upp á samkeppnishæft alþjóðlegt nám til að geta laðað til sín fjölbreytt starfsfólk og sérfræðinga víðsvegar að. Það er mikilvægt fyrir börn sem flytja landa á milli að geta stundað nám samkvæmt alþjóðlegri námsskrá á tungumáli sem aðrir skólar víðsvegar um heiminn geta lesið. Þannig tryggjum við frekar samfellu í námi barnanna. Þetta er í raun ein forsenda þess að alþjóðlegir foreldrar eigi þess kost að starfa á Íslandi til lengri eða skemmri tíma með börn sín.

Við höfum jafnframt verið svo lánsöm að til okkar hefur laðast starfsfólk sem hefur brennandi áhuga á verkefninu og hefur metnað til að vaxa faglega í starfi. Skólinn er starfræktur í sveitarfélagi sem trúir því að foreldrar séu best til þess fallnir að velja þann skóla sem hæfir barni sínu best. Því hefur



Garðabær hvatt til fjölbreytni í grunnskólastarfi og stutt við uppbyggingu eina alþjóðlega grunnskólans á landinu. Lengst af hefur skólinn verið til húsa í glæsilegum húsakynnum Sjálandsskóla. Hafa báðir skólarnir vaxið og dafnað og notið góðs af ýmiskonar samstarfi í gegnum árin. Ekki síður ber að nefna umburðarlyndi og sveigjanleika sem starfsmenn beggja skóla hafa sýnt í sambýli sem þrengir orðið að.

Þakklæti er mér ofarlega í huga á þessum tímamótum. Þakklæti til þeirra fjölmörgu sem hafa stutt við bakið á okkur, hvatt okkur áfram þegar á móti hefur blásið og samgláðst okkur þegar sigrar vinnast. Allir sem hafa beint eða óbeint tekið þátt í þessu uppbyggingarstarfi, hvort sem þeir koma frá erlendum ríkjum (starfsmenn sendiráða), hinu opinbera, stjórn-

sýslunni, einkageiranum hérlendis og erlendis, og starfsmennirnir í gegnum árin eiga þakkir skilið. Ekki sist ber að þakka foreldrasamfélaginu sem hefur stutt dyggilega við það góða starf sem hér er unnið. Við viljum halda áfram á sömu braut.

Hugmyndin sem kviknaði fyrir fimmtán árum er orðin að vel reknum, samkeppnishæfum alþjóðlegum grunnskóla sem við getum öll verið stolt af. Næsta skref er að tryggja rammann utan um starfsemi og er sú vinna þegar hafin. Garðabær og Alþjóðaskólinn hafa undirritað viljayfirlýsingu þar sem Garðabær úthlutar skólanum lóð við Þórsmerkurlandið og mun Alþjóðaskólinn byggja sitt framtíðarhúsnæði þar. Undirbúningsvinna er í fullum gangi. Þetta eru spennandi tímar og við lítum björtum augum til framtíðar með jákvæðni og gleði að leiðarljósi.

Horfðu á heildarmyndina



Allir saman nú!



Kristófer Oliverson
stjórnarformaður FHG



Jakob Frímagnússon
stjórnarformaður FHG

velgengi ferðaþjónustunnar hér og þegar gefur á bátinn þarf að endurskoða stóra samhengið.

Sú vinna stendur yfir hvað snertir útgjaldaliði ríkissjóðs. Þá stendur hitt eftir – sjálft okkur ríkisins á öllum þeim meginþáttum þeirrar dýrtíðar sem svo illa spyrst út meðal þjóðanna.

Hvað þarf ríkið að gera?

Opinberir aðilar þurfa tafarlaust að beina augum að eigin þætti í þeim grafalvarlega vanda sem hér blasir við. Nægir þar að nefna óhóflegar álögur á bensín og áfengi sem og galnar hækkanir fasteignagjalda sem eru að sliga bæði hótél og veitingahús. Þessir þættir okurs hins opinbera þola enga bið ef draga á úr því óhóflega verðlagi sem setur okkur itrekað efst á svörtu listana yfir dýrustu lönd heims. Sömuleiðis þarf að taka skuggahagkerfi ferðaþjónustunnar föstum tókum. Þar liggja milljarðar óinnheimtir í formi virðisaukaskatts, staðgreiðslu, tryggingargjalds, gistináttaskatts og fasteignagjalda.

Ríkið þarf að taka afgerandi forystu í að blása nýju lífi í ferðaþjónustuna, sjálfa mjólkurkúna, sem reynst hefur svo gjöful undanfarin ár, en stendur nú höllum fæti.

Ríkið þarf einnig að losa okkar ágæta ferðamálaráðherra undan tímabærri vafstri í dómsmálum, atvinnuvegum öðrum og margþættri nýsköpun, skipa m.a. sérstakan ráðuneytisstjóra ferðamála er gerist öflugur verkstjóri yfir hinu mjög svo brýna verkefni sem fram undan er – í náinni samvinnu



Það blasir við að það er sjálfur ríkissjóður sem hefur hagnast mest á velgengni ferðaþjónustunnar hér og þegar gefur á bátinn þarf að endurskoða stóra samhengið.

við ráðherrann sem þarf að axla hér 150% starf alla daga vikunnar. Þessi ráðstöfun kemur í stað þess óásættanlega álags og dreifingar krafta í allar áttir sem boðið hefur verið upp á undanfarna mánuði og misseri. Mikils er vænst af hinum unga glæsta leiðtoga, Þórdísi Kolbrúnu Reykjavíkur Gylfadóttur!

Isavia

Því ber að fagna að öflugur nýr stjórnarformaður hefur tekið við Isavia og löngu tímabært er að þangað verði fenginn öflugur forstjóri án frekari tafa. Farþegaspár þaðan ættu að birtast ársfjórðungslega, en hafa aðeins birst árlega og nú síðast í ársbyrjun. Isavia þarf sömuleiðis að lækka hér landingargjöld og laða ný öflug flugfélög til

landsins hið fyrsta. Slíkt verkefni kallar á öflugan málafylgjumann, nýjum forstjóra til atfylgis.

Öflugar markaðsherferðar er þörf

Loks ber að ræsa að nýju öflugum markaðsherferðum á lykilmörkuðum í anda Inspired by Iceland.

Því verkefni ber ekki að slá á frest við þær alvarlegu aðstæður sem hér hafa skapast.

Íslensk ferðaþjónusta skartar miklum og sérhæfðum mannaúði, fjárfestingar í greininni eru verulega miklar og viðvarandi samdráttur og óvissuástand er hreinlega ekki í boði.

Brettum upp ermar og hefjum markvissa sókn að nýju. Þjóðarhagur er í húfi!

Hvað er að ske?

Fréttir um að Delta Airlines hafi ákveðið að hætta flugi til Íslands frá og með miðjum október eru grafalvarlegar. Félagið bætist með þessu í stækkandi hóp þeirra flugfélaga sem ákveðið hafa að draga úr framboði sæta til Íslands eða hætta alfarið flugi hingað.

Hvað skyldi valda?

Skv. upplýsingum forsvarsmanna EasyJet er það helst hin alræmda íslenska dýrtíð sem olli ákvörðun þess félags um að draga saman seglin í Íslandsfluginu. Kemur það fáum á óvart þó fyrir liggja að t.a.m. hótélin í landinu hafi lækkað verðskrár sínar og veitingastaðir ýmsir.

Hvað er til ráða?

Það blasir við að það er sjálfur ríkissjóður sem hefur hagnast mest á

Allt í einum pakka á lægra verði og uppsetning á interneti innifalin



Ótakmarkað
Internet



Netbeinir og WiFi
framlenging



Sjónvarps-
þjónusta



Ótakmarkaður
heimasími



Afþreying frá
Stöð 2

Kynntu þér málið á vodafone.is, í síma 1414, í næstu verslun eða hjá umboðsaðilum okkar um land allt.





Meistaraflokkur Álftaness í körfubolta varð Íslands- og deildarmeistari í 2. deild en liðið tapaði einungis tveimur leikjum á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vilja fá meiri pening frá Garðabæ fyrir góðan árangur

Körfuboltadeild Álftaness hefur sent bæjarfyrirvöldum í Garðabæ bréf þar sem beðið er um að bærinn taki á sig 70 prósent kostnaðar vegna árangurs liðsins á síðasta tímabili. Álftanes fór þá upp í 1. deild.

KÖRFUBOLTI Bæjarráði Garðabæjar barst bréf frá körfuboltadeild Álftaness þar sem beðið er um að bærinn borgi 70 prósent af komandi útgjöldum. Álftanes fór upp í 1. deild og styrkti bærinn deildina um milljón. Með auknum árangri kemur aukinn kostnaður og biður deildin nú bæinn um 4,4 milljónir af 6,3 milljóna kostnaðaráætlun. Það sem upp á vantar ætlar deildin að safna sjálf.

Meistaraflokkur UMFÁ karla í körfubolta varð Íslands- og deildarmeistari í 2. deild en liðið tapaði aðeins tveimur leikjum á tímabilinu. Liðið tryggði sér þátttökurétt í 1. deild að ári en fyrir aðeins tveimur árum spilaði liðið í 3. deild. Samkvæmt bréfinu hefur félagið sýnt ráðdeild og tekist með litlum rekstrarkostnaði að halda úti öflugum starfi með miklum árangri. Er bent á að verulega munaði um framlag Garðabæjar til körfuknattleiksdeildarinnar sem hljóðaði upp á eina milljón króna þegar liðið komst upp í 2. deild, en fram að því hafði liðið ekki fengið fjárhagsaðstoð frá bænum heldur aðstöðu.

Stjórn körfuknattleiksdeildarinnar hefur unnið fjárhagsáætlun fyrir komandi ár en bent er á það í bréfinu til bæjarins að leikir í 1. deild eru mun fleiri, æfingar og þjálfun umfangsmeiri, dómarakostnaður hærri og meiri kröfur til leikmanna.

Kostnaðaráætlun Álftaness 2019/2020

Þjálfari	3.000.000
Aðstoðarþjálfari	1.500.000
Liðsstjóri og þríf	500.000
Búnaður (boltar, búningar o.fl.)	700.000
Dómarakostnaður	350.000
Þátttökugjald 1. deildar	200.000
Tölfræði á leikjum	140.000
Alls 6.390.000	

Fer stjórnin fram á viðauka við nügildandi samning þar sem framlag til körfunnar mun aukast.

Deildin telur það vera körfuboltanum í Garðabæ til mikilla

4,4

milljónir vill körfuboltadeildin fá frá Garðabæ.

heilla að öflugt lið spili í 1. deild. Samstarfsfletir aukist og möguleikar á þróun fyrir körfubolta í bænum. Þannig auki það líkur á að góður árangur náist ef bæði lið Álftaness og Stjórnunnar haldi úti metnaðarfullu starfi í 1. deild og Domino's-deildinni. Bæjarráðið vísaði bréfinu til umfjöllunar aðalstjórnar Ungmennafélags Álftaness og íþróttar- og tómstundaráðs sem og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

benediktboas@frettabladid.is

Svik ef Sarri fer til Juventus

FÓTBOLTI Lorenzo Insigne, landsliðsmaður Ítalíu, tók undir orð Jorginho og sagði á blaðamannafundi að fari Maurizio Sarri til Juventus væru það svik við Napoli. Sarri var þrjú ár hjá Napoli áður en hann hélt í víking til England til að taka við Chelsea. Nú hefur hann verið orðaður við endurkomu til Ítalíu og það til Juventus – sem er ekki mjög vinsælt meðal stuðningsmanna Napoli.

„Fyrir okkur yrðu þetta svik og ég vona svo sannarlega að hann skipti um skoðun. En hann er atvinnumaður og það má ekki gleyma því að hann gaf okkur allt sem hann átti. Hann var mikilvægur fyrir félagið og ef hann fer til Juventus myndi okkur sárna það en það er ekki hægt að vera reiður að eilífu. Þetta er hans ákvörðun,“ sagði kappinn.

Jorginho hafði sagt svipaða hluti á þriðjudag. „Stuðningsmenn Napoli eru blóðheitir og það er eðlilegt að þeim finnst þetta vera svik en við sjáum til hvað gerist,“ sagði miðjumaðurinn. – bb

Ólafía Þórunn hefur leik í dag

GOLF Atvinnukylfingurinn Ólafía Þórunn Kristinsdóttir sem leikur fyrir hönd GR hefur leik á Shoprite LPGA Classic mótinu í golfi í dag. Mótið er hluti af LPGA-mótaröðinni, þeirri sterkustu í heiminum. Er þetta þriðja vikan í röð sem Ólafía Þórunn tekur þátt í móti á mótaröðinni á eftir Opna bandaríska meistaramótinu og Pure Silk Championship.

Ólafía Þórunn er með takmarkaðan keppnisrétt á LPGA þetta árið eftir að hafa verið með fullan keppnisrétt undanfarin tvö ár.

Shoprite Classic fer fram á Stockton Seaview golfvelli í úthverfi New Jersey. Er þetta í annað skiptið sem Ólafía tekur þátt í þessu móti eftir að hafa misst af niðurskurðinum í fyrra skiptið. – kpt



Best að hugsa þetta bara sókn fyrir sókn

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í handbolta mætir í kvöld Spáni í seinni leik liðanna í umspili um laust sæti á heimsmeistaramótinu sem fram fer í Japan í desember næstkomandi. Leikurinn hefst klukkan 19.45 í Laugardalshöllinni.

Ísland laut í lægra haldi, 35-26, fyrir Spáni í fyrri leiknum og þar af leiðandi er ljóst að róðurinn verður þungur við að tryggja sér farseðilinn til Japans. Byrjun íslenska liðsins í fyrri leiknum reyndist banaþittinn. Spanska liðið lék við hvurn sinn fingur framan af og leiddi með fjórtán mörkum í hálfleik áður en íslenska liðinu tókst að laga stöðuna í seinni hálfleiknum.

Karen Knútsdóttir, fyrirliði íslenska liðsins, segir leikmenn átta sig á því hvað fór úrskeiðis í fyrri leiknum í Malaga og að stefnan sé að gera mikið betur að þessu sinni.

„Ég horfði á leikinn strax eftir



Karen verður í eldlinunni með íslenska liðinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Spanska liðið er vissulega sterkt lið en mér finnst þetta ekki vera getumunurinn á liðunum. Við getum klárlega unnið þær og við stefnum á að gera það.

Karen Knútsdóttir

leikinn í Malaga og sá um leið hvað við getum gert betur. Við vorum með gott leikplan og fyrstu 15 mínúturnar vorum við að fylgja því plani og það vantaði bara herslumuninn í sóknaraðgerðunum. Við vorum að klúðra finum færur

og skjóta illa á Silviu Navarro í spænska markinu,“ segir Karen í samtali við Fréttablaðið.

„Við hættem svo að fara eftir því sem við lögðum upp með fyrir leikinn síðustu 10 mínútur fyrri hálfleiksins og spænska liðið refsaði okkur grimmilega. Spænska liðið er vissulega sterkt lið en mér finnst þetta ekki vera getumunurinn á liðunum. Við getum klárlega unnið þær og stefnum á að gera það,“ segir hún enn fremur.

„Til þess að vinna upp svona stórt forskot þarf blöndu af áráðni og þolinmæði. Við þurfum að taka eina sókn í einu og vera ekkert að pæla of mikið í hver staðan er fyrr en undir lok leiksins. Það myndi gefa okkur styrk og orku að fá góðan stuðning og vonandi verður fjölmennt í Höllinni,“ segir leikstjórnandinn Karen um komandi verkefni. – hó

MIÐNÆTUROPNUN Í SMÁRALIND

20% afsláttur af öllum vörum*
Sérfræðingar frá okkar helstu merkjum verða á staðnum

20%
AFSLÁTTUR



ÚTILÍF

síðan 1974

SMÁRALIND
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Tíu feitir bitar mögulega á förum

Þó að fótþoltatímabilið í Evrópu sé nýbúið er vinnan bak við tjöldin rétt að hefjast. Einhver rosalegasti félagaskiptagluggi sögunnar fer nú í hönd þar sem mörg stórlíð eru að fara í gegnum breytingar eftir vonbrigðatímabil. Fréttablaðið tók saman 10 hugsanleg félagaskipti þar sem milljarðar skipta um hendur.

Paul Pogba

Lið: Manchester United
Aldur: 26
Orðaður við: Real Madrid og Juventus

150 milljónir punda
Líklegt kaupverð

Kylian Mbappé

Lið: Paris Saint-Germain
Aldur: 20
Orðaður við: Real Madrid

200 milljónir punda
Líklegt kaupverð

Eden Hazard

Lið: Chelsea
Aldur: 28
Orðaður við: Real Madrid

100 milljónir punda
Líklegt kaupverð



Christian Eriksen

Lið: Tottenham
Aldur: 27
Orðaður við: Real Madrid

100 milljónir punda
Líklegt kaupverð

Antoine Griezmann

Lið: Atlético Madrid
Aldur: 28 ára
Orðaður við: Barcelona

120 milljónir punda
Líklegt kaupverð

Joao Felix

Lið: Benfica
Aldur: 19 ára
Orðaður við: Bayern München, Liverpool, Manchester United, Barcelona og Real Madrid

110 milljónir punda
Líklegt kaupverð

Nicolas Pepe

Lið: Lille
Aldur: 24 ára
Orðaður við: Liverpool og Manchester United

90 milljónir punda
Líklegt kaupverð

Kalidou Koulibaly

Lið: Napoli
Aldur: 27 ára
Orðaður við: Manchester United

100 milljónir punda
Líklegt kaupverð

Mauro Icardi

Lið: Inter Milan
Aldur: 26 ára
Orðaður við: Juventus

80 milljónir punda
Líklegt kaupverð

Matthijs de Ligt


Lið: Ajax
Aldur: 19
Orðaður við: Öll stórlíð Evrópu

70-110 milljónir punda
Líklegt kaupverð

AÐRIR Á FARALDSFÆTI

- Alexis Sanchez
- Tanguy Ndombele
- Nabil Fekir
- Flestallir í Real Madrid
- Adrien Rabiot
- Toby Alderweireld
- Federico Chiesa
- Douglas Costa
- Philippe Coutinho
- Paulo Dybala
- Bruno Fernandes
- James Maddison
- Juan Mata
- Ruben Neves

NÚ ER ÞAÐ
SVART!



**TAKMARKAÐ
MAGN**

190 g

MEÐ LAKKRÍSBRAGÐI

TÍMAMÓT



Ástkær bróðir minn og frændi okkar,
Oddgeir Pálsson
frá Miðgarði, Vestmannaeyjum,
lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
sunnudaginn 2. júní.
Jarðarför fer fram frá Kapellunni
í Fossvogi föstudaginn 7. júní kl. 11.

Anna Regina Pálsdóttir
og systkinabörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýndan
hlýhug og vinsemd við andlát og
útför móður okkar, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

Guðrún Kristjánsdóttir
frá Syðra-Skógarnesi.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki
Brákarhlíðar fyrir umhyggjusemi og góða aðhlyningu.

Kristin S. Traustadóttir

Hallfríður Traustadóttir
Elva Traustadóttir

Hallgrímur Sigurðsson
Sigríður Guðrún Ólafsdóttir
Sigurþór Ólafsson
Georg Óskarsson
og ömmubörn.



Innilegustu þakkir færum við öllum
þeim sem sýndu okkur samúð og
hlýhug við andlát og útför okkar
ástkæra föður, tengdafaður,
afa og langafa,

Sigurðar S. Waage

hjúkrunarheimilinu Hrafnistu,
Reykjavík, áður til heimilis að
Laugarásvegi 28, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær Lávarðasveit
Flugbjörgunarsveitarinnar sem og starfsfólk Sólteigs,
hjúkrunarheimilisins Hrafnistu fyrir einstaka umönnun
og hlýju.

Kristin H. Waage
Stefán Örn Sigurðsson
Margrét G. Waage
Sigrún Waage
Hendrikka G. Waage
barnabörn og barnabarnabörn.

Knútur Signarsson



Okkar yndislegi sonur, eiginmaður,
faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,
Drengur Helgi Samúelsson
verkamaður í Reykjavík,

sem lést í faðmi ástvina á
krabbameinsdeild Landspítalans þann
3. júní verður jarðsunninn frá Fríkirkjunni í
Reykjavík, föstudaginn 7. júní klukkan 15.00. Að ósk hins
látna eru blóm og kransar afþakkaðir. Af því tilefni viljum
við benda á Ljósíð sem hinn látni og aðstandendur sóttu
stuðning og styrk til. Við viljum þakka öllu starfsfólki á
krabbameinsdeild Landspítalans fyrir alúð og umhyggju.

Kristín Sigríður Guðjónsdóttir
Guðjón Finnur Drengsson

Samúel Þórir Drengsson

Guðrún Ólafía Samúelsdóttir
Arnlaugur Kristján Samúelsson
Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir
og fjölskyldur.

Sóley Ósk Stefánsdóttir
Stefán Aðalsteinn
Drengsson
Haraldur Guðjón
Samúelsson
Borgný Samúelsdóttir
Gísli Sigurjón Samúelsson
Kristján Gaukur
Kristjánsdóttir

Glíman við hindranirnar

Landssamtökin Sjálfsbjörg voru stofnuð 1959 og eru því sextug. Þau berjast fyrir bættu aðgengi hreyfihamlaðra og framkvæmdastjórinn segir margt hafa áunnist á 60 árum.

Það má segja að við höldum
upp á sextugsafmælið allt
árið en fögnuðum því á
sjálfan afmælisdaginn,
5. júní, með starfsfólki
og íbúum hér í húsinu að
Hátúni 12," segir Þorsteinn Frímánn
Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sjálfs-
bjargar. Hann segir 43 einstaklinga,
mismikið hreyfihamlaða, búa í húsinu
og nýta sér þjónustu Sjálfsbjargarheim-
ilisins. „Síðan erum við með þjónustu-
miðstöð, sem er dagdeild, þangað koma
um 60 manns á dag í alls konar þjálfun
og endurhæfingu. Einnig leigjum við út
nokkrar íbúðir, rekum hjálpartækja-
leigu og höfum rekið þekkingarmið-
stöð sem heldur úti vefsíðu og safnar
saman alls konar upplýsingum um rétt-
indamál. Þetta er dálítið batterí.“

Fyrstu fimm Sjálfsbjargarfélögin
voru stofnuð árið 1958, það voru þau
sem stofnuðu landssamtökin árið 1959.
Upphafið má rekja til Siglufjarðar, þar
var fyrsta félagið stofnað, að sögn Þor-
steins.

„Undirtitill samtakanna var lands-
samtök fatlaðra lengi vel, þá var mál-
skilningurinn í landinu á þann veg að
það væru einungis hreyfihamlaðir sem
væru fatlaðir, aðrir sem nú falla undir
fatlaða voru skilgreindir með öðrum
hætti. En Sjálfsbjörg hefur alltaf unnið
að málefnum hreyfihamlaðra og því
breyttum við undirtitlinum í sam-
ræmi við það, landssamband hreyfi-
hamlaðra. Okkar regnhlífarsamtök eru
svo Öryrkjabandalagið og þar erum við
meðal stofnfélaga.“

Þorsteinn segir helsta málefna-
starf Sjálfsbjargar vera að útrýma aðgangs-
hindrunum og þar hafi margt breyst
til bóta á 60 árum. Þó sé alltaf verið að
hnjóta um eitthvað. „Við fengum þær
fréttir nýlega að í Háskóla Íslands væru
svo há borð í náttúrufræðitilaunastofu
að fólk í hjólastól næmi með enni við
borðbrúnina. Svo var verið að byggja
sjóböð á Húsavík en þar komast hreyfi-



Framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar hefur í ýmis horn að lita. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Við fengum þær fréttir nýlega
að í Háskóla Íslands væru svo
há borð í náttúrufræðitilauna-
stofu að fólk í hjólastól næmi
með enni við borðbrúnina.

hamlaðir ekki að. Það er verið að tala
um að breyta Laugaveginum í göngu-
götu en fólk sem á erfitt með gang
leggur ekki í bílastæðahúsi við Hverfis-
götuna og labbar svo Laugavegin. Við
mótmæltum þeim breytingum harð-
lega. Þegar hindranirnar verða allar
farnar getum við lagt samtökin niður,
en það er ekki alveg hinum megin við
hornið.“ gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Dómhildur Gottliebsdóttir
hjúkrunarfræðingur,

lést hinn 16. maí síðastliðinn.

Útförin hefur farið fram.

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Hólmfríður Guðmundsdóttir

Dóra Guðmundsdóttir

Hannes Árnason

Robert Andrews
og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
við andlát elskulegs eiginmanns míns,
föður okkar, tengdafaður,
afa og langafa,

Hjörleifs Guðbjörns
Bergsteinssonar

vélafræðings,

Reykjavíkurvegi 52 A, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á þriðju hæð
Hjúkrunarheimilisins Sólvangs fyrir yndislega umönnun
og hlýtt viðmót.

Hafdis Maggý Magnúsdóttir

Herdís Hjörleifsdóttir

Magnús Hjörleifsson

Bergsteinn Hjörleifsson

Hjörleifur Hjörleifsson

Anna Sigríður Alfreðsdóttir

Helga Kristín Bragadóttir

Laufey Ingibjörg Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sigríður Erla Jónsdóttir

Njarðarvöllum 6, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,
miðvikudaginn 29. maí.

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkirkirkju,
þriðjudaginn 11. júní kl. 14.00.

Jón Davíð Olgeirsson

Eyrún Kristín Olgeirsdóttir

Sigurveig Ósk Olgeirsdóttir

Sjófn Olgeirsdóttir

Bárður Olgeirsson

Guðbjörg Vilhjámsdóttir

Georg Arnar Þorsteinsson

Sigurgeir Guðni Tómasson

Jónína Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma,
langamma og langlangamma,

Fríða Þorsteinsdóttir

Vestri-Leirargörðum,

lést föstudaginn 31. maí.

Jarðarförin verður auglýst síðar.

Klara Njálisdóttir

Þórdís Njálisdóttir

Marteinn Njálsson

Steinunn Njálisdóttir

Sveinbjörn Markús Njálsson

Hjalti Njálsson

Smári Njálsson

Kristín Njálisdóttir

Sæunn Njálisdóttir

Guðmundur Hermannsson

Dóra L. Hjartardóttir

Guðjón Sigurðsson

Guðbjörg Vésteinsdóttir

Valdís Valdímarsdóttir

Óláf Guðmundsdóttir



Leyfðu okkur
að aðstoða þig!



GARÐHEIMAR

540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is

Allt að 20 kr. lægra verð!



Sama lága verðið á öllum 5 stöðvunum

Verðið hjá Dælunni er allt að **20 kr. lægra** en á öðrum bensinstöðvum í Reykjavík og Kópavogi, samkvæmt bensinverd.is 5. júní 2019.

Dældu í því!

DÆLAN

–Lægra verð. Punktur!

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík 11°C 7°C	Ísafjörður 6°C 4°C	Akureyri 5°C 5°C
Egilsstaðir 6°C 8°C	Kirkjubæjarkl. 12°C 3°C	Hveravellir 4°C 8°C

Dregur lítillega úr vindi og víða léttskyjað á landinu, en skyjað og úrkomulítið norðaustan- og austanlands. Hiti yfir daginn frá 3 stigum á Norðausturlandi, upp í 15 stig á Suðurlandi.

Föstudagur

Reykjavík 13°C 6°C	Ísafjörður 8°C 3°C	Akureyri 7°C 4°C
Egilsstaðir 4°C 9°C	Kirkjubæjarkl. 12°C 7°C	Hveravellir 7°C 9°C

Laugardagur

Reykjavík 8°C 6°C	Ísafjörður 4°C 6°C	Akureyri 4°C 3°C
Egilsstaðir 5°C 3°C	Kirkjubæjarkl. 10°C 3°C	Hveravellir 3°C 9°C

LÉTT

8	3						
		5	4	3	7	1	2
			5		9		3
				5	8	3	7
9	8			6			
2		7	9				
		1				6	4
	2				5	8	
6				1	7		

MIDLUNGS

		4	3	7	5	9	6
		9				3	4
6	2			9		7	
	8					6	
		7	5		3		2
		1	6			5	
		5		4			7
2					9		3
4					8		

PUNG

		5					6
						4	1
			4		9		
	1	3		8	5		7
				7		2	
6			9	2			3
3		1	5	9			
	9		7		6	3	2
			8			5	

Krossgáta

LÁRÉTT

- hestburður
- metaskál
- tveir eins
- tré
- í röð
- ónn
- málmur
- fugl
- á vísu
- moka

LÓDRÉTT

- sólár
- á endanum
- seytla
- fljúga
- svelta
- dökkna
- broddur
- tækifæri
- frá

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. hlauss, 5. vog, 6. vv, 8. akasía, 10. sf, 11. órn, 12. úan, 13. áft, 15. rannar, 17. grafa. LÓDRÉTT: 1. hvarfar, 2. loks, 3. aga, 4. svifa, 7. van-næra, 9. sortna, 12. úrn, 14. lag, 16. af.

Skák Gunnar Björnsson

Aleksandra Gorychkina (2522) átti leik gegn Valentínu Gunina (2506) á áskorendamóti kvenna í skák í Kazan í Rússlandi.

72. Rh4!! Svartur getur ekki stöðvað h-þedið því 72. Hxh4 er svarað með 73. Ha4+ og 74. Hxh4. Hvítur vann skömmu síðar. Öllum skákum fyrstu umferðar lauk með jafntefli, teft til þrautar í bráðabana.




www.skak.is: Allt um Norway Chess.

9	1	4	6	2	5	8	3	7
6	2	7	8	3	4	1	9	5
3	5	8	9	7	1	6	4	2
5	3	2	1	8	7	9	6	4
8	4	9	3	6	2	5	7	1
7	6	1	4	5	9	2	8	3
1	8	5	7	4	6	3	2	9
2	7	3	5	9	8	4	1	6
4	9	6	2	1	3	7	5	8
1	5	7	3	2	8	4	6	9
2	6	3	9	7	4	5	8	1
4	8	9	6	5	1	2	7	3
6	2	4	1	8	7	9	3	5
9	7	1	2	3	5	6	4	8
8	3	5	4	6	9	7	1	2
3	9	8	5	4	6	1	2	7
5	4	2	7	1	3	8	9	6
7	1	6	8	9	2	3	5	4
1	7	3	5	9	6	8	2	4
4	6	8	7	1	2	5	9	3
2	5	9	3	4	8	7	6	1
9	2	6	4	3	7	1	5	8
3	8	7	6	5	1	9	4	2
5	1	4	8	2	9	6	3	7
8	3	1	9	6	4	2	7	5
6	4	2	1	7	5	3	8	9
7	9	5	2	8	3	4	1	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Verðlækkun!

Öll rúnstycki á 99 kr.

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

www.bjornsbakari.is



VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNADI!



Framhryggjavöðvi
Í sítrónusmjöri

2.589 KR/KG

ÁÐUR: 3.698 KR/KG

-30%



-40%

Ódýrt lambagrillkjöt
í orginal marineringu

1.079 KR/KG

ÁÐUR: 1.798 KR/KG



-20%

Grill mix
Blandaðar steikur úr læri

1.438 KR/KG

ÁÐUR: 1.798 KR/KG



-30%

Nautafillespjót
í Alabama- eða villisveppa
og trufflu marineringu

4.199 KR/KG

ÁÐUR: 5.998 KR/KG



-30%

Lambainnrælærisspjót
Hvítlauk/rósmarín eða Venesian

3.352 KR/KG

ÁÐUR: 4.789 KR/KG

GRILLKJÖT Á FRÁBÆRU VERÐI!



Grísagrillsneiðar
Í hvítlaukssmjöri

838 KR/KG

ÁÐUR: 1.397 KR/KG

-40%



-30%

Grísahnakkaspjót
Með teriyaki og engifer
eða beikon og pipar

1.959 KR/KG

ÁÐUR: 2.798 KR/KG



-40%

Lambi klósettpappír
12 rúllur

719 KR/PK

ÁÐUR: 1.199 KR/PK



-40%

Croissant
Með skinku og osti

155 KR/STK

ÁÐUR: 259 KR/STK

Ananas
Gold Del Monte

195 KR/KG

ÁÐUR: 389 KR/KG

-50%



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 6. - 10. júní

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÓDÝRAST Á NETINU
Í VEFVERSLUN NETTÓ*

*Skv. könnun Fréttablaðsins



Emilía Árnadóttir vann fyrstu verðlaun í keppni ungra fiðluleikara.

Ellefu ára sigurvegari

Emilía Árnadóttir, ellefu ára nemandi Auðar Hafsteinsdóttur í Menntaskóla í tónlist, vann til fyrstu verðlauna í alþjóðlegu Oskar Rieding fiðlukeppninni fyrir unga fiðluleikara í Celje í Slóveníu um helgina. Einnig hlaut Emilía Strengja-verðlaun frá Thomastik – Infeld strengjaframleiðanda í Vínarborg sem var styrktaraðili keppninnar. Emilía spilaði konsert eftir Oskar Rieding í a-moll op. 2 og konsert eftir Joseph Haydn í g-dúr, Allegro Moderato. Í keppninni tóku 130 börn þátt, frá 24 löndum, bæði einleikarar og kammerhópar. Vinningshafar komu víða að úr heiminum, auk Íslands frá Belgíu, Rússlandi, Singapúr, Sviss, Tékklandi, Úkraínu og Bandaríkjunum.

Pólsku sendiherrahjónin hr. Gerard Pokruszyński og frú Margherita

Bacigalupo Pokruszyński efndu til tónlistarkeppni F. Janiewicz fyrir fiðlu og F. Chopin fyrir pianó í mars síðastliðnum, þátttakendur voru 50 talsins. Þetta var fyrsta fiðlukeppnin á Íslandi. Emilía hlaut 1. verðlaun í sínum aldursflokki.

Emilía hóf fiðlunám sitt þriggja ára gömul hjá Þórdísi Stross og síðar hjá Lilju Hjaltadóttur í Suzuki tónlistarskólanum Allegro. Það er spennandi sumar í uppsiglingu hjá Emilíu þar sem hún mun leiða breskan kammerhóp í byrjun júlí í St Peter's Church, Kensington Park Gardens í London. Emilía fékk styrk frá Lin Wei og Ara Vilhjálmssyni í Hörpu Akademiunni til þátttöku í tónlistarhátíðinni í Atlanta í Georgíufylki Bandaríkjanna í júlí næstkomandi, þar sem Chloe Chua, verðlaunahafi Menuhin-keppninnar, verður meðal þátttakenda. – kb

Raunverulegur innblástur er sjaldgæfur

TÓNLIST

★★★★★

Opnunartónleikar Kirkjulistahátíðar

Mysterium eftir Hafliða Hallgrímsson, auk tónlistar eftir Messiaen.

Flytjendur: Schola cantorum, Mótettukór Hallgrímskirkju, Hátíðarhljómsveit Kirkjulistahátíðar.

Einsöngvarar: Herdís Anna Jónasdóttir, Hanna Dóra Sturludóttir, Elmar Gilbertsson og Oddur Arnþór Jónsson.

Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

Hallgrímskirkja
laugardaginn 1. júní

Í tónsmíðum eru margir kalladír en fáir útvaldir. Tónskáld sem hafa lítinn innblástur grípa stundum til þess bragðs að fela sig á bak við við trúarlegt efni; það virkar svo djúpt. Útkoman getur verið afkáraleg, bæði ýkt og yfirborðsleg og á eftir er maður með óbragð í muninum. Þetta hef ég sem gagnrýnandi æði oft upplifað.

Ein af undantekningunum er Hafliði Hallgrímsson, en stórt verk eftir hann var frumflutt á opnunartónleikum Kirkjulistahátíðar á laugardaginn. Það bar nafnið Mysterium og var flutt af tveimur kórum, Schola cantorum og Mótettukór Hallgrímskirkju, hátíðarhljómsveit og fjórum einsöngvurum. Umfjöllunarefnið var hin leyndardómsfulla upprisa Krists eins og henni er lýst í Jóhannesarguðspjalli, og var textinn allur á latínu. Hann var þó ekki bara úr guðspjallinu, heldur fleygaður með allmörgum helgikvæðum frá ýmsum tímabilum.

Hafliði skapaði svipaðan texta í stórverki sínu, Passiunni, sem var frumflutt fyrir mörgum árum, en þar var textinn þó á íslensku. Passían var einstaklega áhrifarík og því var óneitanlega spennandi að heyra nýju tónsmíðina.



Flutningurinn sjálfur var yfirleitt þrýðilegur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Andi kyrrðar og hugleiðslu Skemmt er frá því að segja að hún olli ekki vonbrigðum. Ólíkt því sem gjarnan gerist í trúarverkum voru engin ódýr trix í tónmálinu, ekkert sem virkaði ódýrt eða yfirborðslegt. Tónlistin var allan tímann myndræn og studdi við merkingu textans. Það er auðvitað eins og algilt er í óperum og öðru sem fjallar um ápreifanlegt efni, en munurinn hér og víða annars staðar var að Hafliði leyfði sér að fylgja innsæinu. Tónlistin endurspegladi textann, en svo var eins og hún tæki á sig sjálfstætt líf, öðlaðist sína eigin verund. Flæðið sem þá var í skáldskapnum var engu líkt. Þetta gerðist hvað eftir annað.

Yfirbragð tónlistarinnar var framandi, lítið um venjulega dúr- og mollhljóma, en þó voru hljómarinn ekki óþægilegir. Þeir voru fyrst og fremst annarlegir vegna þess að yrkisefnið var um óskiljanlega leyndardóma. Laglinurnar voru smástiga, þ.e. fóru sjaldnast yfir stór tónbil, en þannig virkuðu textalínurnar fókuseraðar og ihugular. Yfir öllu saman var andi hugleiðslu og kyrrðar, líka þegar mikið gekk á.

Flutningur vel heppnaður

Flutningurinn sjálfur, undir stjórn Harðar Áskelssonar, var yfirleitt

þrýðilegur. Einsöngvararnir, þau Herdís Anna Jónasdóttir, Hanna Dóra Sturludóttir, Elmar Gilbertsson og Oddur Arnþór Jónsson, stóðu sig vel. Helst mátti finna að dálítið máttlausum söng Herðisar. Kórarnir sungu hreint og af alúð, en af og til hefði mátt heyrast meira í þeim í samanburði við hljómsveitina. Hún spilaði samt ágætlega í sjálfu sér, þótt strengirnir hafi verið óhreinir á stöku stað. Isabelle Demers lék líka af kostgæfni á orgelið og hljómar þess runnu á sannfærandi hátt saman við heildina. Almennt talað var flutningurinn gæddur rétta andrúmsloftinu og skilaði meiningu tónskáldsins fyllilega til áheyrenda.

Mysterium tók um þrjú korter í flutningi. Á undan lék Isabelle Demers á orgelið af aðdáunarverðri fagmennsku tvo alvöruþrungna kafla úr Upprisunni eftir Messiaen. Tónmálið var ekki svo ósvipað, og voru kaflarnir því nánast eins og upphitun fyrir verk Hafliða. Fyrir bragðið kom það ennþá betur út og er tónskáldinu hér með óskað til hamingju með magnaða tónsmíð.

Jónas Sen

NIDURSTADA: Mysterium eftir Hafliða Hallgrímsson var sérlega tilkomumikið og glæsileg byrjun Kirkjulistahátíðar.

KEBE

Hvíldarstólar

Tegundir: Rest og Fox



Opnið virka daga
11-18
laugardaga
11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

6. JÚNÍ 2019

Myndlist

Hvað? Dulur – sýningaropnun
Hvenær? 17.00
Hvar? Gallerí Grótta
Anna Þóra Karlsdóttir sýnir listaverk úr ull á 2. hæð á Eiðistorgi (inni á Bókasafni Seltjarnarness).

Hvað? Fingered eyed – sýningaropnun
Hvenær? 17.00-19.00
Hvar? i8 Gallery, Tryggvagötu 8
B. Ingrid Olson er með sína fyrstu einkasýningu í galleríinu.



Anna Þóra Karlsdóttir sýnir verk úr ull í Gallerí Grótta á Eiðistorgi.

Hvað? Sýning og bókakynning
Hvenær? 17.00-19.00
Hvar? Hannesarholt, Grundarstíg 10
Í tilefni af útgáfu bókarinnar „Íslenskar þjóðsögur með myndum“ eftir Guðna Harðarson“ verður kynning á efninu. Ragnheiður Gröndal syngur nokkur lög. Allir eru velkomnir!

Hvað? Leiðsögn listamanns
Hvenær? 20.00
Hvar? Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi
Gunnar Jónsson listamaður vinnur meðal annars með videó, ljós-

myndir og tónlist og verður með leiðsögn um sýningu sína Gröf í D-sal Hafnarhússins.

Tónlist

Hvað? Sumarjazz
Hvenær? 17.00
Hvar? Salurinn, Kópavogi
Guitar Islancio leikur skemmtilega blöndu af þjóðlögum og klassískum jazz. Tónleikarnir eru þeir fyrstu í röð ókeypis síðdegistónleika í tilefni tuttugu ára afmælis Salarins.



TVEIR NÝIR

VIDEN PRO

Skandinavískt útlit,
mjúkar línur

5ára ábyrgð

Kynningarverð:

99.900 kr.

DENUO

Nýtískulegur
og töff

150kg burðargeta

5ára ábyrgð

Kynningarverð:

119.900 kr.



Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

PRIMA VÖRULÍNA HÆTTIR

HÖFUM LÆKKAD VERÐIÐ UM 50%

Yndisleg heimspeki í ráðgátum

Týnt leikrit eftir Shakespeare kemur við sögu í nýrri glæpasögu Kristjáns Hreinssonar. Segir Agöthu Christie hafa snemma fengið sig til að spinna eigin sögur.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Cardenio er ný glæpa-saga eftir Kristján Hreinsson. Hugmyndin að bókinni er gömul eins og Kristján rifjar upp. „Árið 1996 skrifaði ég stutta sakamálasögu, Refskák, og þar þróaðist hugmyndin sem síðan varð að leikriti sem fékk nafnið Einsög til er sáð. Um var að ræða útvarpsleikrit sem Útvarpsleikhúsið keypti af mér. Reglulega var því svo slegið á frest að taka verkið upp hjá þeirri ágætu stofnun. Ég ákvað að breyta leikritinu í skáldsögu eða kvikmyndahandrit. Cardenio er afraksturinn og hefur svipaða framvindu og



SAGA AF MORÐUM, ELTINGARLEIKUR VIÐ HÆTTULEGT FÓLK OG TILRAUNIR TIL AÐ FINNA LAUSNIR ERU SAMOFNAR SÖGU AF FORNU HANDRITI, LÍKLEGA LEIKRITINU CARDENIO EFTIR WILLIAM SHAKESPEARE.

„Ef plottið er flott þá fær hugurinn flugþol,“ segir Kristján. MYND/ PASCAL HEIMLICHER

sama endi og er að finna í leikritinu.

Hér er á ferð rannsókn á morðum á vændiskonum. Vændiskonurnar hafa beitt embættismenn og moldríka karla fjárkúgun. Þær hafa kúgað þá með því að segjast vera barnshafandi og að þær geti sannað faderni hinna ófæddu barna. Saga af morðum, eltingarleikur við hættulegt fólk og tilraunir til að finna lausnir, eru

samofnar sögu af fornu handriti, líklega leikritinu Cardenio eftir William Shakespeare, sem sagt er geyma merkar upplýsingar um skipulagða glæpastarfsemi fyrr á öldum.

Bjarni sem er titlaður fræðimaður og Elsa sem er blaðamaður, dragast, kannski fyrir tilviljun, inn í hringiðu glæpanna – með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.“

Unaðsleg þráhyggja

Kristján segist hafa skrifað fleiri sakamála-leikrit á tíunda áratugnum. „Eitt var Vargur í verbúð, annað, Hjálparveit skálda, var upprunalega sakamála-leikrit, varð síðan meira í ætt við Innrásina frá Mars, eftir Orson Welles. Ég á margar hugmyndir í viðbót og útvarpsleikritin eru þar nokkur með krimmaívafi.“

Spurður hvort hann sé mikill aðdáandi sakamálasagna segir Kristján: „Ég las oft sakamála-sögur þegar ég var yngri. Agatha Christie fékk mig snemma til að spinna mínar eigin sögur. Það er svo yndisleg heimspeki í ráðgátum. Og ef plottið er flott þá fær hugurinn flugþol og leit að lausnum verður eins og unaðsleg þráhyggja.“

Týnt samnefnt leikrit Shakespeares kemur við sögu í Cardenio. „Ég nam leikhúsfræði í Bergen sem ungur maður. Ég sogaðist að Shakespeare eins og sjór að strönd og komst þá að því að eitt af týndu leikritunum hét Cardenio. Ég skrifaði stutta ritgerð um það en hafði í sjálfu sér ekki úr miklu að móða, þannig að ég leyfði mér þann ófræðimannslega munað að skálda í eyðurnar. Hluti þeirra þælinga endaði í Cardenio.“

Byr á slóðum Da Vinci

Á baki bókarinnar er bók Kristjáns líkt við Da Vinci lykilinn. Spurður hvort hann sé að skrifa í anda Dan Brown segir Kristján: „Sagan um Cardenio á reyndar aðdraganda sem nær aftur fyrir síðustu aldamót. Og Da Vinci lykillinn kom út eftir þau sömu aldamót. Auðvitað er margt skylt í þessum heimi og oft erfit að rekja ættir. Ættarsaga okkar Cardenios er meðal annars rakin til Shakespeares og það vill svo skemmtilega til að í dag bý ég á Ítalíu, spottakorn frá þeim stað þar sem Leonardo Da Vinci bjó fyrir margt löngu.“

MIÐNÆTUROPNUM Í SMÁRALIND

20% afsláttur* af öllum vörum

*ekki af merktri tilboðsvöru

Opið til 24:00

Optical Studio
SMÁRALIND

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

119 kr.

CARABAO
Orkudrykkur
330ml
ALLAR TEGUNDIR



399 kr.

AVOCADO FORÞROSKUÐ 2 stk



499 kr.

DAÍM RJÓMAÍS 1,5L



1.299 kr/kg

ALI GRILL KÓTILETTUR
Venjulegt verð 1.793kr/kg

Tilboð gildir til 10. Júní eða á meðan birgðir endast.



SUPER 1

HALLVEIGARSTÍG 1



SUPER 1

FAXAFENI 14



SUPER 1

SMÍÐJUVEGI 2

OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA

GLAMOUR

Komið í allar helstu verslanir



Íslenskt tískutímarit

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

RÚV SJÓNVARP

13.00 Kastljós
13.15 Menningin
13.25 Útsvar 2014-2015 Fljótsdalshérað - Skagafjörður
14.30 Saga Danmerkur - Ármiðaldir
15.30 Popppunktur 2011 Amiina - Sinfó
16.25 Í garðinum með Gurrý í þriðja þætti fer Gurrý yfir það hvernig gróðursetja á plöntur í limgerði, fer í heimsókn í garð Kristinar Margrétar Karlsdóttur og Þórarins Vals Sverrissonar í Kópavogi. Einnig ræðir hún við Úlf Óskarsson jarðveglíffræðing um hvernig hann hefur unnið að jarðgerð í garði sínum í Hveragerði.
16.55 Kaupmannahöfn - höfuðborg Íslands í fimmta þætti er fjallað um málfraeðinginn Rask, sem var mikill Íslandsvinur, hörmulegan dauða þriggja Íslendinga í Kaupmannahöfn, ólífnaðinn í borginni, vændiskonur og veðmangara, en líka um Íslendinga sem fjölmenntu til Kaupmannahafnar undir lok 19. aldar til að leita sér menntunar.
17.20 Kaupmannahöfn - höfuðborg Íslands í sjötta þætti fjalla Egill og Guðjón um dönsku konungana sem ríktu yfir Íslandi og voru lengst af heldur fjarlægir. Þeir fara einnig á slóðir ævintýramannanna Jóns Indíafara og Guðmundar Andréssonar, sem datt úr Bláturni beint í faðm konungsfjölskyldunnar. Þeir skoða kauphöllina, þar sem var verzlun með íslenskar vörur, og skyggast eftir Brimarhólmi, þar sem margir íslenskir sakamenn áttu illa vist.
17.40 Sætt og gott
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Heimssýn barna Þættir frá BBC þar sem krakkar á aldrinum 6-11 ára segja okkur hvað þeim finnst um heiminn á athyglisverðan, myndinn og hjartnæman hátt.
18.50 Vísindahorn Ævars Fróðleikur - jarðskorpa Er hægt að grafa holu í gegnum jörðina? Til dæmis frá Íslandi til Kína? Ævar fræðir okkur um jarðskorpuna og hvernig jörðin er að innan.
19.00 Fréttir
19.25 Veður
19.30 Ísland - Spánn Landsleikur í handbolta Bein útsending frá síðari leik Íslands og Spánnar í umspili um sæti á HM kvenna í handbolta.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Skammhlaup Önnur þáttaröð þessara áströlsku, vísindaskáldsögulegu spennuþátta. Lögreglumaðurinn James reynir enn að leysa ráðgátuna um hvernig og hvers vegna hinir dauðu risu upp á sama tíma og ný ógn steðjar að bænum. Aðalhlutverk: James Hayes, Genevieve O'Reilly og Emma Booth. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.20 Spilaborg
00.10 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.45 The Memorial Tournament
13.20 RBC Canadian Open
18.35 Inside the PGA Tour
19.00 RBC Canadian Open Bein útsending frá RBC Canadian Open á PGA mótardöðinni.
22.00 Golfing World
22.50 PGA Highlights
23.45 Golfing World

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 The Good Place
13.30 Superstore
13.50 Younger
14.15 Kling Kling
14.40 Our Cartoon President
15.10 90210
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 The Kids Are Alright
20.10 Lambið og miðin
20.45 Proven Innocent
21.35 The Resident
22.25 FEUD
23.20 The Tonight Show
00.05 The Late Late Show
00.50 NCIS
01.35 NCIS. Los Angeles
02.20 Law and Order. Special Victims Unit
03.05 Yellowstone
03.50 Pose

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 FlakkFlakk um Manfréd Vilhjálmsson arkitekt
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sinfóniukvöld. Á leið í tónleikasal
19.27 Sinfóniutónleikar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.40 The Red Turtle
13.05 Charlie and the Chocolate Factory
15.00 The Circle
16.50 The Red Turtle
18.15 Charlie and the Chocolate Factory
20.10 The Circle
22.00 John Wick 2
00.00 The Mummy
01.50 The Face of an Angel
03.35 John Wick 2

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Friends
07.50 Gilmore Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Anger Management
10.00 Seinfeld
10.20 Seinfeld
10.45 You, Me & Fertility
11.35 Ísskápastríð
12.10 Heimsókn
12.35 Nágrannar
13.05 Almost Friends
14.50 Tommi og Jenni. Willy Wonka og súkkulaðiverksmiðjan
16.10 Two and a Half Men
16.35 Stelpurnar
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 Sportpakinn Íþróttafretta-
 menn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.20 Veður
19.25 Borgarstjórinn
19.50 The Big Bang Theory
20.15 NCIS
21.00 L.A.'S Finest
21.45 The Blacklist
22.30 Barry
23.00 Lethal Weapon
23.45 Real Time With Bill Maher
00.45 Shetland
01.45 Flórídafanginn
02.30 Killing Eve
03.15 High Maintenance
03.45 Almost Friends Charlie er 25 ára maður sem býr enn í foreldrahúsum og hefur svo gott sem gersamlega misst sjónar á markmiðum sínum, ef þau voru þá einhver til að byrja með.

STÖÐ 3

19.10 Modern Family
19.35 Bob's Burger
20.00 Seinfeld
20.45 Friends
21.10 The Mindy Project
21.35 Supergirl
22.20 Grimm
23.05 Stelpurnar
23.05 Vice Principals
00.05 American Dad
00.30 Modern Family
00.55 Seinfeld
01.40 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.10 Chelsea - Arsenal
09.05 Manchester City - Watford
10.50 Ensku bikarmörkin
11.20 Grindavík - Víkingur Útsending frá leik Grindavíkur og Víkinga í Pepsi Max deild karla.
13.05 Pepsi Max Mörk karla
14.35 Pepsi Max Mörk kvenna
15.35 Fréttapáttur Undankeppni EM 2020
16.00 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
16.25 Portúgal - Sviss
18.05 Premier League World
18.35 Holland - England Bein útsending frá leik Hollands og Englands í undanúrslitum þjóðadeildarinnar.
20.45 Búrið
21.20 UFC Greatest Fights
00.40 KR - Keflavík Útsending frá leik KR og Keflavíkur í Pepsi Max deild kvenna.

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útlit Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



THE HANDMAID'S TALE

Ný þáttaröð er hafin í Sjónvarpi Símans Premium

Fyrstu þrjú þættirnir í nýrri þáttaröð af The Handmaid's Tale eru komnir í **Sjónvarp Símans Premium**. Þessi áhrifamikla sjónvarpsþáttaröð fjallar um nýríkið Gilead, sem var áður Bandaríkin, þar sem réttindi kvenna eru nánast engin og útvaldir karlmenn ráða ríkjum. Njóttu þess að sökkva þér í þessa verðlaunaþáttaröð.

Þú getur meira með Símanum



Alexander kennir það nýjasta í förðun

Nýjasta æðið í förðun er „glass skin“ eða glerhúð. Þá er reynt að gera yfirborð húðarinnar glansandi og slétt líkt og gler. Förðunarfræðingurinn **Alexander Sigfússon** kennir okkur að gera þessa áferð í tíu skrefum.

Glerhúð eða „glass skin“ er húð með áferð sem er svo slétt og glansandi að hún minnir helst á gler, og hefur slík áferð tröllriðið förðunarheiminum undanfarin misseri. Þessi tiskubylgja kemur frá Asíu og þá aðallega Kóreu þar sem þetta byrjaði sem húðrúttina frekar en förðunartiska. Í þeirri húðrúttinu er farið í gegnum mörg skref bæði kvölds og morgna til að ná fram þessari svokölluðu glerhúð. Húðin er skrúbbuð með mismunandi andlitsskrúbbum, settar á hana allt að 8 umferðir af rakagefandi andlitssvötnum, þar ofan á gelkennd rakakrem og margt fleira.

Það krefst mikillar skrúbbunar að ná þessari sléttu gleráferð á húðina og það kann að fara illa með hana. Þannig hefur verið fundin önnur aðferð til að ná fram þessari gleráferð á húðina án þessa álags og áreitis fyrir húðina sem fylgir því að skrúbbu hana of mikið.

Ég er mikill aðdáandi þessarar tiskusveiflu. Fyrir stuttu kenndi ég nemendum mínum í Reykjavík Makeup School hvernig það má ná fram þessari áferð, en þar kenni ég meðal annars í tiskuförðun. Mig langar endilega að deila með ykkur aðferðinni,“ segir Alexander.


Alexander tekur um þessar mundir þátt í Nordic Face Awards og er meðal efstu 15 keppenda á Norðurlöndunum. Hann sýnir frá framvindu mála og gengi sínu í keppninni á Instagram-aðgangi sínum, facesbyalexsg.

Gott að vita áður:

- Þótt það sé ekki endilega mælt með að halda sig við flóknu glerhúðar-rúttina þá skiptir samt sem áður máli að skrúbbu húðina 1-2 sinnum í viku til að losa yfirborð húðarinnar við dauðar húðfrumur. Ekki er mælt með að skrúbbu hana oftar en það.
- Það getur tekið smá æfingu að ná fram hinni fullkomnu „glass skin“ áferð með förðun.
- Þetta er vissulega tiskuförðun sem þýðir að svona förðun er mikið notuð fyrir myndatökur og á tiskupöllum svo að það er kannski ekki fyrir alla að vera svona yfir daginn – en það er samt sem áður gaman að prufa þessa fallegu förðun og hver veit nema þetta verði þín næsta „go to“ förðun.



Alexander Sigfússon kennir í Reykjavík Makeup School.



„Glass skin“ förðun eftir Alexander. Fyrirsæta er Karin Sveinsdóttir.

1. Til að byrja með skiptir alltaf máli að yfirborðshreinsa húðina áður en hún er förðuð. Hægt er að nota hvaða andlitshreinsi sem er. Minn uppáhalds er frá Skin Iceland og heitir Glacial Face Wash. Hann fæst í Nola.is.



2. Næsta skref er mjög mikilvægt og það er að búa til grunn sem er sem blautastur en heldur samt farða á sínum stað. Þetta er gert til að ná fram glampa á húðina. Mér finnst best að byrja á því að bera á húðina smá andlitssolíu en það skiptir máli að hún sé ekki of þykk – því þynnri, því betra. Ég notast við Liftessence Oil Elixir frá By Terry sem fæst í Madison Ilmhúsi. Síðan nota ég Hydra Touch Primer frá NYX Professional Makeup sem er rakagefandi farðagrúnnur.




3. Það þarf ekki bara blautan grunn til að ná fram glampa á húðina heldur þarf líka ljóma – eitthvað sem endurkastar ljósi. Þá finnst mér koma best út að nota Away We Glow Liquid Highlight Ljómadropa í lit sem heitir Glazed Dounut og er frá NYX Professional Makeup. Ég ber dropana á kinnbeinin og blanda þeim svo fram í kinnar, fremsta part enniss og á nefbroddinn.



4. Næst er það farðinn. Fyrir þessa förðun skiptir máli að spá í áferðina á farðanum, þú vilt nota farða sem gefur ljóma og verður ekki mattur. Um leið og húðin verður mött verður þetta bara eins og hver önnur förðun. Þeir farðar sem mér finnst koma best út í svona förðun eru Face&Body Foundation frá MAC og Fit Me Smooth+Smooth Strúkaþvo Eftirsmátt frá Maybelline. Borinn á með burstu að eigin vali og blandaður út með BeautyBlender.



5. Eftir farða kemur hyljarinn, það má í rauninni vera hvaða hyljari sem er. Svo lengi sem hann er ekki með matta áferð. Minn uppáhalds er Terrybly Densilis Concealer frá By Terry. Hyljarann læt ég á þau svæði sem þarfnast meiri þekju eins og undir augu og á bólur. Best að bera á með BeautyBlender.



6. Til að halda í blauta, náttúrulega útlitið forðast ég að nota púðurvörur í kinnar og skyggingu þar sem þær eiga eftir að matta niður glansáferð húðarinnar. Því nota ég frekar kremvörur. Í skygginguna finnst mér best að nota Highlight & Contour Pro Cream Palette frá NYX Professional Makeup og fyrir kinnalit getur maður notað kremkinnalit eða varalit. Það er um að gera að hugsa út fyrir boxið þegar kemur að förðun. Í þessari förðun notaði ég varalitinn Suede Matte Lipstick í litnum Rosé The Day frá NYX Professional Makeup. Best að nota puttana.



7. Næst er það ljóminn til að ýkja gleráferð húðar. Í þessari förðun nota ég ljómapúður sem eru einu púðurvörurnar sem ég nota. Hér skiptir máli að nota ekki of mikið, heldur frekar að byggja upp. Ég byrja á að nota stóran burstu – burstinn sem ég notaði er frá Real Techniques Powder Bleu og er númer B01.



8. Með þessum burstu ber ég ljómapúður á kinnbeinin, fram í kinnar, á nef, höku og enni. Ég nota Born To Glow Highlighting Palette frá NYX Professional Makeup og nota bleiktóna litina tvo. Næst til að ýkja ljómann enn meir, og þá aðallega á kinnbeinum, nota ég minni burstu – Setting Brush frá Real Techniques. Með honum læt ég Anastasia Beverly Hills - Amrezy ljómapúðrið á hæsta part kinnbeinanna.

9. Svo finnst mér gott að sprejja andlitið með ReDew frá BeautyBlender fyrir auka glans og svo að ljómapúðrið bráðni inn í farðann.



10. Síðan er það varalitur eða augnförðun að eigin vali. Mér finnst koma fallega út að vera með léttu augnförðun og smá gloss á vörum við þessa förðun. En það fer eftir smekk hvers of eins, um að gera að prufa sig áfram.



PIZZA MÁNAÐARINS ER MEÐ

OSTAFYLLTUM KANTI

ALLT AÐ
43%
AFSLÁTTUR



STÓR PIZZA AF MATSEÐLI MEÐ TVEIMUR
ÁLEGGSTEGUNDUM OG OSTAFYLLTUM KANTI

1990

Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is
Pizza Hut Smáralind og Pizza Hut Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði

Í dag verður tilkynnt um nokkur atriði til viðbótar á Þjóðhátíð í Eyjum. Þar á meðal er **Svala Björgvinsdóttir** en Fréttablaðið tók hana í stutt spjall um hvað gestir Þjóðhátíðar eigi í vændum.

Tilkynnt verður um nokkur ný atriði á Þjóðhátíð í Eyjum í dag. Það eru Svala Björgvinsdóttir, Egill Ólafsson og svo Aldamótatónleikarnir. Fyrir þeim hópi fara vinsælustu tónlistarmenn aldamótanna og forsprakkar sveitaballatónlistarinnar, þeir Magni, Hreimur, Gunni Óla, Einar Ágúst, Beggi í Sóldögg og Valur í Buttercup. Þeir koma fram ásamt hljómsveit undir stjórn Vigga úr Írafári.

Svala og Egill koma fram á sunnudagskvöldinu á kvöldvöskunni svokölluðu sem er á undan brekkusöngnum. Svala kemur fram með hljómsveitinni Albatross og mun taka flest sín þekktustu lög í bland við önnur lög sem allir ættu að kannast við.

Þetta verður í raun fyrsta alvöru Þjóðhátíð Svölu.

„Ég myndi segja að þetta væri fyrsta því ég fór bara eitt skipti með pabba mínum þegar ég var kannski um tólf ára aldurinn. Við stoppuðum líka stutt svo það er kannski ekki alveg tekið með,“ svarar Svala.

Svala bjó erlendis í tíu ár, fyrir það hafði aldrei komið til tals að hún spilaði í Eyjum um verslunarmannahelgina.

„Ég fór reyndar á Eldborg og spilaði á Uxa, þannig að þetta er ekki fyrsta útihátíðin mín. En aldrei Þjóðhátíð, svo ég er mjög spennit fyrir þessu.“

Svala segir að það eigi eftir að skýrast betur á næstu vikum á hvaða fleiri stöðum hún spili yfir helgina. Hún flýgur á sunnudeginum til Eyja til að spila.

„Ég er mjög spennit og get í raun ekki beðið. Mér finnst líka gaman um að hafa verið beðin um að taka þátt. Ég veit að þetta er alveg tryllt upplifun og því frábært að fá að vera með.“

Svala syngur líkt og áður segir með hljómsveitinni Albatross. Þau munu taka lög Svölu ásamt öðrum þekktum lögum.



Þetta verður í fyrsta skipti sem Svala spilar á Þjóðhátíð, en hún kemur fram ásamt hljómsveitinni Albatross á sunnudeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Svala Björgvins, Egill Ólafs og Aldamótatónleikar í Eyjum

ÉG ER EKKI EIN AF ÞEIM SEM VILJA EKKI TAKA SMELLINA SÍNA Á TÓNLEIKUM. MÉR FINNST ÓTRÚLEGA GAMAN EF FÓLK HELDUR UPP Á LÖGIN MÍN. AF HVERJU ÞÁ EKKI AÐ SPILA ÞAU?

„Við erum ekki alveg búin að ákveða nákvæmlega hvernig þetta verður,“ svarar Svala hlæjandi.

Aldamótatónleikarnir fara fram sama kvöldið og því er ekki úr vegi að spyrja Svölu hvort hún taki eitt þekktasta lag sitt frá þeim tíma, The Real Me.

„Já, ég mun taka mín þekktustu lög, algjörlega. Ábreiðurnar sem við tökum verða svo í okkar stíl, við tökum þekkt lög en gerum þau að okkar. Við ætlum líka að taka nýrri lög sem fólk ætti að kannast við, ekki endilega festa okkur

í einhverjum gömlum smellum.“

Þegar Svala var táníngur söng hún lagið Was it all it was með hljómsveitinni Scope. Það lag gekk í endurnýjun lifdaga fyrir örfáum árum og segist Svala alltaf taka það á tónleikum.

„Ég er ekki ein af þeim sem vilja ekki taka smellina sína á tónleikum. Mér finnst ótrúlega gaman ef fólk heldur upp á lögin mín. Af hverju þá ekki að spila þau? Það er auðvitað hlustendum og þeim sem fila lögin að þakka að ég er enn að spila eftir öll þessi ár.“

Spurð hvort hún hafi einhvern tímann þurft að spila jólalagið vinsæla Ég hlakka svo til á allt öðrum tíma árs segir hún svo vera.

„Ég veit ekki alveg hvort það passi í Eyjum samt. En jú, ef fólk myndi vilja það, þá væri ég alveg til. Það er samt alveg ótrúlega myndi hvað fólk er til í að heyra þetta lag hvenær sem er yfir árið. En mér finnst það bara gaman,“ segir Svala hlæjandi að lokum.

Þjóðhátíð í Eyjum er helgina 2. til 4. ágúst og miðar fast á dalurinn.is. steingerdur@frettabladid.is

Hver er toppurinn á þínu sumri?

emmessis
2019



f emmessis

BYKO

GARÐ- PARTÝ!

**30%
afsláttur
af Napoleon
grillum**



Kílóvött **8,2** Brennarar **2**

ROGUE Yfirbreiðsla: 11.995
506661365

Tilboðsverð

Gasgrill

ROGUE R365, grillgrind
51x46cm úr pottjárni.

62.996

506600035

Almennt verð: 89.995

Tilboðsverð

Gasgrill

ROYAL 320 með þremur
ryðfríum brennurum, og
grillgrindum úr pottjárni sem
hægt er að snúa við.

52.496

50657512

Almennt verð: 69.995

Kílóvött **8,8** Brennarar **3**

Yfirbreiðsla: 15.995
50657598

**Skoðaðu
öll tilboðin
á byko.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndbrengr. Tilboð gilda til 12. júní, eða á meðan birgðir endast.

**20%
afsláttur**
rafmagnsverkfæri



RYOBI



BOSCH

SKIL

Einhell

Broil King
Great Barbecues Every Time

**25%
afsláttur
af Broil King
grillum**



**BOSCH
Nilfisk**


allt að

**30%
afsláttur**
háþrýstidælur

GJØCO

**20%
afsláttur**

af allri Gjoco
inniveggjamálningu



**25%
afsláttur
af öllum
útiljósum**

**Skoðaðu
tilboðs-
blaðið**

á byko.is



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2 ár í röð! Auðvelt að versla á byko.is

BAKÞANKAR

Þorbjargar
Gunnlaugsdóttur



Gallia est omnis

Frásögn nýstúðentsins sjarmerandi úr Menntaskólanum í Reykjavík sem útskrifaðist á dögunum úr fornmaladeild skólans sigraði hjarta mitt. Saga hans af baráttunni við latínulexíur boðaði einhverja dæmalaust aðdáunarverða þrautseigju. Eldri skólafélagar hans, systur og bræður í fornmaladeild, táruðust við lesturinn. Þennan stúdent skiljum við.

Miskunnarlaus hernaður Gallastríða Júlíusar Caesars var á dagskrá sex kennslustundir í viku í Latínuskólanum. Það mátti auðvitað ekki minna vera. Og í latínutímum rétt eins og í Gallastríðunum börðust menn til síðasta dropa. Í minningunni er eins og hermenn Caesars hafi lítið gert annað en að þramma yfir hæðir og fjöll heilu annirnar í MR. Á göngu skipulögðu þeir með hvaða hætti skyldi beita vopnum á grimma andstæðinga sína. Nemendur greindu málfræði stríðsrekstursins og hvaða fall og ablativus hentaði best til drápanna.

Áróðursritið um Gallastríðin boðar kærsku, þrek og þrautseigju. Sendimenn fóru til Caesars án árangurs með hótanir um að von væri á vondu færi hann ekki að ráðum þeirra. Okkar maður Caesar gersigraði nú samt. Latína var um aldir heimsmál og það er í mínum huga algert aukaatriði í málinu að latína er ekki lengur töluð. Það er lofsverður árangur að stúdentar sitji klukkustundum saman við lestur látinnar tungu. Seigla latínunnar lifir áfram í afkomendum hennar.

Viðtalið við nýstúdentinn rammadi inn þá skynsamlegu lífssýn sem MR skilur eftir, að það skiptir máli að kunna að þreyja þorrann til enda. Þetta vissi Caesar auðvitað og þetta kennir hann máladeildarstúdentum í dag sem endranær. Árin í MR færa nemendum þennan skilning og þessa þolinmæði. Og alla daga þökkum við fyrir að vita og skilja að Gallia est omnis divisa in partes tres. Það skiptir máli.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

Vinsælasti
TERIYAKI
kjúklingabáturinn

EINSTAKUR



SUBWAY

Nú í nýjum umbúðum!

GRILL- MATURINN ELSKAR

Þykkvabæjar

